SKOÐANAKÖNNUN

## FAGRA ÍSLAND

Hvaða staður á Íslandi er fallegastur? Sitt sýnist hverjum og margir staðir kallaðir til. Í nýlegri skoðanakönnun Fréttablaðsins um fegursta stað lýðveldisins stóð þó einn staður upp úr: Þjóðardjásnið Þingvellir.

KÖNNUN 18









# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

22. maí 2005 - 134. tölublað – 5. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Veffang: visir.is – Sími: 550 5000


SUNNUDAGUR



### Talar fyrir Sollu stirðu

Ólöf Kristín Þorsteinsdóttir er hörkudugleg og ekkert stirð.

FÓLK 38

### Arsenal bikarmeistari

Jens Lehmann var hetja Arsenal þegar liðið vann Man. Utd. í úrslitum ensku bikarkeppninnar í gær.



ÍÞRÓTTIR 61

### Er guð til?

Ólafur H. Torfason segir Stjörnustríðsmyndirnar skrifaðar til þess að fá ungt fólk til að velta því fyrir sér hvort guð sé til.



BÍÓ 23

VEÐRIÐ Í DAG




**ÁFRAM SVIPAÐ** með bjartvðri á sunnan- og suðvestanverðu landinu en skýjaðra og stöku él á Norður- og Austurlandi. Hiti 0-9 stig að deginum, mildast sunnan til.

VEÐUR 4



FRÉTTABLAÐIÐ/HARI

**ÁGÚST ÓLAFUR ÁGÚSTSSON VARAFORMAÐUR OG INGIBJÖRG SÓLRÚN GÍSLADÓTTIR FORMAÐUR** Flokkurinn fól þeim að leiða Samfylkinguna næstu ár. Ingibjörg vann öruggan sigur á Össuri Skarphéðinssyni og Ágúst Ólafur var kjörinn varaformaður með miklum meirihluta.

# Forystan er hópstarf

**Tveir af hverjum þremur kusu Ingibjörgu Sólrúnu Gísladóttur til að gegna embætti formanns Samfylkingarinnar. Ágúst Ólafur Ágústsson var kjörinn varaformaður. Flokkurinn er stór og til alls líklegur, segir nýkjörinn formaður.**

**SAMFYLKINGIN** Liðlega tólf þúsund manns, um 60 prósent af tuttugu þúsund flokksmönnum, greiddu atkvæði í formannskjöri Samfylkingarinnar. Ingibjörg Sólrún Gísladóttir hlaut 7.997 gildra atkvæða en Össur Skarphéðinsson 3.970. Ingibjörg Sólrún hlaut því tvö af hverjum þremur gildra atkvæða.

Össur Skarphéðinsson, fráfarandi formaður Samfylkingarinnar, sagði í ávarpi eftir að úrslit voru kynnt á hádegi í gær að sigurinn væri sterkur fyrir Samfylkinguna og sterkur fyrir Ingibjörgu Sólrúnu.

„Tækifæri Samfylkingarinnar felst ekki í því hvort okkar Össurar leiðir flokkinn í næstu kosningum,“ sagði Ingibjörg Sólrún í ávarpi sínu. „Forysta er hópstarf en ekki einstaklingsframtak. Formaður er fremstur þeirra jafningja en hann kæmist hvorki lönd né strönd ef hann hefði ekki góðan málstað og gott fólk til að vinna með sér,“ sagði Ingibjörg Sólrún jafnframt og bar lof á drenglyndi Össurar og stuðningsmanna hans. „Þessi kosningabarátta er Össuri og hans liðsmönnum til sóma. Ég vil þakka honum fyrir drengilega baráttu og segi honum um leið að ég hlakka til að vinna með honum að málefnum Samfylkingarinnar um ókomin ár,“ sagði Ingibjörg Sólrún enn fremur í ávarpi sínu. Össur þakkaði hlý orð keppinautarins í sínu ávarpi og hét því að halda lengi áfram í stjórnmálum enn, enda þætti honum þau bæði skemmtileg og göfgandi.

Ingibjörg sagði í samtali við Fréttablaðið að hún teldi að landsfundurinn nú væri tímamótafundur. „Fundurinn er gríðarlega fjölmennur og málefnalega vel undirbúinn. Hér er mikil hugmyndaleg deigla og forystan er ný. Flokkurinn er nú þeirrar stærðar og styrkur hans það mikill að hann er til alls líklegur í næstu þingkosningum.“

Mikil endurnýjun varð í forystu Samfylkingarinnar í gær. Ágúst Ólafur Ágústsson var kjörinn varaformaður og sigraði Lúðvík Bergvinsson með nokkrum yfirburðum. Heimir Már Pétursson, upplýsingafulltrúi Flugmálastjórnar, bauð sig fram til varaformanns í gær en hlaut aðeins fáein atkvæði.

**Sjá einnig síður 6 og 16**

johannh@frettabladid.is

Stjörnustríðsmyndin Star Wars - Episode III - Revenge of the Sith:

## Sló tekjumetið á fyrsta degi

**BANDARÍKIN, AP** Nýjasta Star Wars-myndin, sú síðasta í myndaflokknum, sló tekjumet á fyrsta sýningardegi er 3.661 kvikmyndahús í Bandaríkjunum með yfir 9.000 sýningarsölum hóf sýningar á „Star Wars: Episode III: Revenge of the Sith“ á fimmtudag. Aðgöngumiðar seldust fyrir rétt rúmar fimmtíu milljónir Bandaríkjadala, um 3.250 milljónir króna.

Fyrra tekjumet á einum sýningardegi setti „Shrek 2“ í maí í fyrra, er 44,8 milljónir dala, 2,9 milljarðar króna, komu í kassann á einum laugardegi. ■



LUCASFILM/TWENTIETH CENTURY FOX/AP

**SVERÐUM SVEIFLAÐ FYRIR FULLU HÚSI** Obi-Wan Kenobi og Anakin Skywalker sveifla geislasverðunum í lokamynd Star Wars-myndaflokksins.

Tyrkland og ESB:

## Full aðild eða ekkert

**TYRKLAND, AP** Tyrknesk stjórnvöld munu ekki fallast á neitt minna en fulla aðild að Evrópusambandinu. Þessu lýsti talsmaður tyrkneska utanríkisráðuneytisins yfir í gær eftir að tyrknesk dagblöð birtu fréttir af franskri tillögu um að Tyrkjum yrði boðinn samningur um náin tengsl við sambandið frekar en fulla aðild.

Hugmyndin um að Tyrkland fái fulla aðild að ESB er óvinsæl víða í núverandi aðildarríkjum þess, ekki síst í Frakklandi. Þar er búist við að margir kjósendur greiði atkvæði gegn samþykkt hins nýja stjórnarskrársáttmála í þjóðaratkvæðagreiðslu um næstu helgi, beinlínis vegna þess að þeir vilji hindra að Tyrkland fái að semja um inngöngu. ■



FRÉTTABLAÐIÐ/AP

**Í BÓLI BJARNA** Pólskur lögreglumaður á vettvangi í bjarnargryfjunni eftir slysið.

Slys í dýragarði:

## Kona lendir í bjarnarkjafti

**PÓLLAND, AP** Fimm birnir í pólskum dýragarði fengu óvænta máltíð á föstudaginn. Kona nokkur sem var gestkomandi í garðinum féll ofan í gryfjuna til þeirra og átti þaðan ekki afturkvæmt. Hún hafði klifrað upp á grindverkið sem umlykur bjarnargryfjuna og féll ofan af því. Konan var að sögn lögreglu um fertugt. Ekki hafði reynst unnt að bera kennsl á hana er AP-fréttastofan náði tali af talsmanni lögreglunnar í Chorzow, þar sem dýragaðurinn er.

„Þeir tættu hana í sig,“ sagði talsmaðurinn, „þetta er sorglegt slys“. ■









## SPURNING DAGSINS

*Palli, á þetta ekki bara að vera þátttaka í hinsta sinn?*

„Nei, auðvitað höldum við áfram að taka þátt í Eurovision og berum höfuðið hátt alveg sama hvernig gengur.“

Páll Óskar Hjálmtýsson flutti á eftirminnilegan hátt lagið „Minn hinsti dans“ í Söngvakeppni evrópskra sjónvarpsstöðva árið 1997 og varð í 20. sæti í aðalkeppninni. Síðasta fimmtudag datt Ísland úr leik í forkeppni söngvakeppninnar og var því ekki með í aðalslagnum sem fram fór í gærkvöldi.

Íslensk olíumiðlun ehf. í Neskaupstað:

# Fékk fyrstu olíuna afhenta

**OLÍUSALA** Íslensk olíumiðlun ehf. fékk afhenta sína fyrstu olíu í Neskaupstað í gær, 3.300 tonn. Fyrirtækið var stofnað í fyrra um olíusölu til skipa.

„Við erum komin með einn 4.000 rúmmetra tank sem við fyllum núna,“ segir Ólafur Þ. Kjartansson, framkvæmdastjóri Olíumiðlunar, og kvað dælingu hafa gengið vel. „Við höfðum búið okkur undir að vera hér í nótt, en klárum þetta á 5 til 6 tímum.“ Hann segir olíusölu þegar geta hafist, en fyrirtækið ætlar að selja íslenskum skipum og erlendum. Þá hefur verið gerður samningur við Ríkiskaup um sölu til Landhelgisgæslu og Hafrannsóknastofnunarinnar. Ólafur segist ætla að keppa í verði, en það muni sveiflast eftir heimsmarkaðsverði á hverjum tíma.

„Við vinnum þetta í nánu samstarfi við Malik [Supply Ltd.],“ segir Ólafur, en það er danskt olíufélag sem á meirihluta í Olíumiðlun. „Það aðstoðar við markaðssetningu gagnvart erlendum skipum, enda með 15 ára reynslu,“ bætti hann við og kvað alla aðstöðu mjög nútímalega. Til dæmis væri verið að koma upp mælum til að fylgjast með birgðastöðu á hverjum tíma. Viðstaddur þessi tímamót í sögu Olíumiðlunar var Sten Möller, framkvæmdastjóri Malik Supply. **- óká**



FRÉTTABLAÐIÐ/ELMA GUÐMUNDSDÓTTIR

**OLÍA AFHENT Í NESKAUPSTAÐ** Framkvæmdastjóri Olíumiðlunar segir að í Neskaupstað sé fyrirtækið með öflugan búnað til afgreiðslu olíu. Þá verði sá háttur á við afgreiðslu að tekin verði sýni úr olíunni, eitt handa viðskiptavininum og annað handa fyrirtækinu.

Forsætisráðherra Úkraínu:

# Segist ekki á förum

**ÚKRAÍNA, AP** Júlía Tímosjenkó, forsætisráðherra Úkraínu, bar í gær til baka fréttir þess efnis að forsetinn Viktor Jústsjenkó hefði lagt að henni að segja af sér. Það hygðist hún ekki gera og fréttir af djúpstæðum ágreiningi milli hennar og forsetans væru úr lausi lofti gripnar.



**JÚLÍA TÍMOSJENKÓ** Forsætisráðherra Úkraínu.

Tímosjenkó fullyrti að samband hennar og forsetans væri „eins innilegt og ævinlega“, að því er Unian-fréttastofan greindi frá.

Hún lét ummælin falla eftir að vikublaðið Zerkalo Nedely, sem gefið er út í Kíev, birti frétt um að Jústsjenkó hefði lagt að henni að segja af sér vegna meintra mistaka við að reyna að draga úr eldsneytisskorti í landinu. ■

## INDLAND

**VOPNASKAK Í KASMÍR** Sex manns féllu í átökum í hinum indverska hluta Kasmír í gær og þúsundir heimamanna söfnuðust saman í kirkjugarði í Srinagar til að minnast þeirra sem hafa barist hafa fyrir aðskilnaði héraðsins frá Indlandi og fallið í átökunum þar síðastliðin fimmtán ár.

## LÖGREGLUFRÉTTIR

**HRAÐAKSTUR OG ÖLVUNARAKSTUR** Lögreglan á Hvolsvelli hafði afskipti af manni í gærmorgun sem grunaður er um ölvunarakstur. Grunurinn reyndist réttur og fékk maðurinn meðhöndlun eftir því. Í gærkvöldi stöðvaði lögreglan svo mann sem ók á 147 km hraða. Hann var tekinn rétt hjá Djúpadal og reyndist vera á leiðinni frá framhaldsskólaballi FSU sem að sögn lögreglu fór vel fram fyrir utan tvær líkamsárásir sem lögreglan hafði afskipti af.

Misþyrmingar á föngum í Afganistan:

# Karzai krefst refsinga

**AFGANISTAN, AP** Hamid Karzai, forseti Afganistans, krafðist þess í gær að Bandaríkjaher gengi hart fram í að draga þá liðsmenn hersins til ábyrgðar sem gerst hefðu sekir um að misþyrma föngum í Afganistan.

The New York Times birti á föstudag upplýsingar sem lekið var úr tvö þúsund síðna skýrslu um rannsókn á ásökunum um fangamisþyrmingar í aðalherstöð Bandaríkjahers í Afganistan. Svo vildi til að sama dag lagði Karzai Afganistanforseti upp í fjögurra daga opinbera heimsókn til Bandaríkjanna. Er hann ávarpaði blaðamenn á Kabúlflugvelli hét hann því að ræða málið við bandaríska ráðamenn. Hann sagðist líka mundu krefjast þess að aðgerðir Bandaríkjahers í landinu sættu meira eftirliti, ekki síst skyldi bundinn endi á að bandarískir hermenn réðust inn á heimili manna og handtækju án þess að tilkynnt væri um aðgerðirnar til afgönsku stjórnarinnar.

Í grein New York Times um illa meðferð bandarískra hermanna á afgönskum föngum í herstöð Bandaríkjamanna við Bagram-flugvöll norður af Kabúl er vitnað í trúnaðarupplýsingar úr skýrslu rannsóknarnefndar sem rannsakaði ásakanirnar. Efnt var til rannsóknarinnar eftir dauða tveggja fanga þar í desember 2002.

„Mér ofbýður gersamlega. Við fordæmum þetta. Við viljum að Bandaríkjastjórn grípi til mjög afgerandi ráðstafana til að sjá til þess að slíkir menn starfi ekki í herliði hennar í Afganistan,“ tjáði Karzai blaðamönnum en tók fram að glæpsamlegar gerðir þessara hermanna sem í hlut ættu skyldu ekki verða landsmönnum hans tilefni til að draga þá ályktun að allir Bandaríkjamenn væru slæmir. „Íbúar Bandaríkjanna eru vænsta fólk,“ sagði hann.

Trent Duffy, talsmaður Hvíta hússins, sagði að George W. Bush Bandaríkjaforseti væri hneykslaður á hinum meintu fangamisþyrmingum og vildi að vandleg rannsókn færi fram. Duffy sagði að rannsóknin beindist nú einkum að sjö sakborningum sem þjónað hefðu í Bagram-herstöðinni. ■



FRÉTTABLAÐIÐ/AP

**Á LEIÐ VESTUR** Hamid Karzai Afganistanforseti ávarpar blaðamenn í Kabúl í gær.



**SINUBRUNI** Kristján Einarsson, slökkviliðsstjóri á Selfossi, segir sinu skapa hættu bæði fyrir byggingar og fuglalíf.

Sinubrunar á vorin:

# Óvitar að verki

**ELDVARNIR** Aðfaranótt laugardags var slökkvilið höfuðborgarsvæðisins kallað út vegna sinuelds við Rauðavatn. Vel gekk að slökkva eldinn og engin slys urðu af honum.

Þurrt veður sunnan- og suðvestanlands undanfarið eykur sinubrunahættu og biður Kristján Einarsson, slökkviliðsstjóri Brunavarna Árnessýslu, fólk að fara varlega með eld og hafa varann á. „Það eru aðallega krakkar að fikta með eld sem valda sinubruna,“ segir hann. „Ég vil bara biðja foreldra um að brýna þetta fyrir börnunum sínum og fela eldspýtustokka,“ bætti hann við. **-bg**



**SNÚA BÖKUM SAMAN** Fulltrúar á þingi íraskra súnní-araba hlýða á ræðu í Bagdad í gær.

Írösk stjórnmál:

# Súnní-arabar fylkja liði

**ÍRAK, AP** Súnní-arabar í Írak ákváðu í gær að stofna pólitísk og trúarleg samtök sem ætlað er að vera málsvari þeirra sem minnihlutahóps í landinu. Ákvörðunin þykir áfangi að því að fá súnní-araba, sem voru kjarninn að baki ríkisstjórnar Saddams, til liðs við aðra þjóðfélagshópa við að móta nýtt Írak. Súnní-arabar sniðgengu að miklu leyti fyrstu lýðræðislegu þingkosningarnar sem haldnar voru í landinu í janúar og eiga því fáa fulltrúa í stjórn landsins.

Ákvörðunin um stofnun nýrra samtaka var tekin á samkomu um eitt þúsund fulltrúa ættbálka súnní-araba, stjórnmálaflokka og trúarhreyfinga í Bagdad nú um helgina. ■

## STJÓRNMÁL

**GEKKST UNDIR UPPSKURÐ** Sturla Böðvarsson samgönguráðherra gekkst undir uppskurð í gær vegna brjóskloss í baki. Aðgerðin fór fram á Landspítala – Háskólasjúkrahúsi og verður ráðherrann í veikindaleyfi um óákveðinn tíma. Þetta kom fram í tilkynningu sem Bergþór Ólason, aðstoðarmaður samgönguráðherra, sendi frá sér í gær.

Halldór Ásgrímsson forsætisráðherra:

# Fékk afhentan lykil að San Francisco

**STJÓRNMÁL** Við hátíðarkvöldverð í Asíska listasafninu í San Francisco í gær afhenti Gavin Newsom, borgarstjóri San Francisco, Halldóri Ásgrímssyni forsætisráðherra lykilinn að borg sinni.

Kvöldverðurinn var haldinn í tilefni af fyrsta áætlunarflugi Icelandair til San Francisco. Sagðist borgarstjórinn fagna þessari ákvörðun stjórnenda Icelandair og vonaðist til að fljótlega yrði flogið daglega. Áður en til kvöldverðar kom áttu Halldór og Steinunn Valdís Óskarsdóttir borgarstjóri stuttan fund með borgarstjóranum í ráðhúsinu, þar sem skipst var á gjöfum eftir stutt spjall um kosti Íslands og San Francisco. **- ss**



**LYKILL AFHENTUR** Gavin Newsom afhenti Halldóri Ásgrímssyni lykilinn að San Francisco-borg á föstudagskvöld. Gavin sagðist vonast til að sjá sem flesta Íslendinga í borginni.



e6 TILBOÐ
engin greiðsla í 6 mánuði

Húsasmiðjan býður nú vaxtalaus lán á völdum vörum.
e6 tilboðið stendur fyrir enga útborgun og enga vexti í 6 mánuði.*
*e6 tilboðin gilda aðeins fyrir korthafa Visa.




## Garðsláttuvél, Murray
6 hp, B&S 4-gengismótor, 51 sm sláttubreidd, "Mulch" afturkast, 7 hæðarstillingar, 20 sm delux hjól, drif, 70 lítra grassafnari.
5085256

e6 **42.995**



**19.995**

## Garðsláttuvél, Murray
e6

3,5 hp, B&S 4-gengismótor, 51 sm sláttubreidd, hliðarfrákast, manual hæðarstilling, 15 sm hjól.
5085245

**29.995**



## Garðsláttuvél, Murray
e6

4 hp, B&S 4-gengismótor, 51 sm sláttubreidd, Mulch" afturkast, 7 hæðarstillingar, 20 sm delux hjól, 70 lítra grassafnari.
5085247



## Garðsláttuvél, Murray
5 hp, B&S 4-gengismótor, 51 sm sláttubreidd, "Mulch" afturkast, 7 hæðarstillingar, 20 sm hjól með legum, 70 lítra grassafnari.
5085254

**35.995** e6

**3.795**
~~5.968~~



## Hjólbörur, 85 lítra
5080041



**Kantskeri**
5084403 Verð áður 1.995
**1.595**

**Stunguskófla**
5084069 Verð áður 1.995
**1.595**

**Malarskófla**
5082506 Verð áður 1.295
**895**

# Gleðilegt sumar!

**HÚSASMIÐJAN**
...ekkert mál

## GENGIÐ

GENGI GJALDMIÐLA 20.05.2005

| | | KAUP | SALA |
|---|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | USD | 64,60 | 64,90 |
| Sterlingspund | GBP | 118,72 | 119,30 |
| Evra | EUR | 81,55 | 82,01 |
| Dönsk króna | DKK | 10,95 | 11,02 |
| Norsk króna | NOK | 10,04 | 10,10 |
| Sænsk króna | SEK | 8,87 | 8,93 |
| Japanskt jen | JPY | 0,60 | 0,60 |
| SDR | XDR | 96,26 | 96,84 |

*Gengisvísitala krónunnar*

113,10 -0,25%

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Kosið í Nordrhein-Westfalen:

# Helsta vígi krata gæti fallið

**ÞÝSKALAND** Úrslit héraðsþingkosninga sem fara fram í dag í Nordrhein-Westfalen, einu hinna sextán sambandslanda Þýskalands og því fjölmennasta, þykja líkleg til að verða forboði þess hver örlög ríkisstjórnar Gerhards Schröder kanslara verða er næst verður kosið til Sambandsþingsins að rúmu ári.

Jafnaðarmannaflokkur Schröders hefur haldið um héraðsstjórnartaumana í Nordrhein-Westfalen – sem nær meðal annars yfir Ruhrdalinn – síðan árið 1966. En óánægja með gerðir ríkisstjórnar Schröders hefur hrakið marga kjósendur frá stuðningi við jafnaðarmenn og því hefur Peer Steinbrück, sem farið hefur fyrir héraðsstjórninni undanfarið kjörtímabil, átt á brattann að sækja í kosningabaráttunni, þrátt fyrir persónulegar vinsældir. Síðustu mánuðina hafa kristilegir demókratar, undir forystu Jürgens Rüttger, mælst í skoðanakönnunum með mjög afgerandi forskot.

En í þessu rótgróna vígi krata virtist á endaspretti kosningabaráttunnar sem allnokkur hluti óákveðinna kjósenda ætlaði að snúast aftur á sveif með jafnaðarmönnum og skoðanakannanasérfræðingar sögðu að af þessum völdum mætti búast við því að mjög mjótt yrði á mununum, að því er fram kom á fréttavef Der Spiegel. **- aa**



FRÉTTABLAÐIÐ/AP

**BARÁTTUGLAÐIR** Þeir Franz Müntefering, formaður SPD, Gerhard Schröder kanslari, spænski forsætisráðherrann Jose Luis Rodriguez Zapatero og Peer Steinbrück, forsætisráðherra héraðsstjórnar Nordrhein-Westfalen, reyndu sitt besta til að hleypa hug í mannskapinn á lokafundi kosningabaráttunnar í Dortmund á föstudaginn.

Alcan á Íslandi:

# Norðurál fær súrál lánað

**ÁLVER** Alcan á Íslandi lánar Norðuráli 10.000 tonn af súráli, að sögn Hrannars Péturssonar, upplýsingafulltrúa Alcan.

„Þetta er aðalhráefnið sem álver vinna með. Það yrði algjört neyðarástand ef aðeins væri eitt álver í landinu og þetta vantaði. Súrálið átti að koma beint til okkar með skipi en í staðinn fer skipið fyrst í Norðurál með tíu þúsund tonn. Þegar þeirra skip kemur skila þeir svo tonnunum aftur.“

Ragnar Guðmundsson, framkvæmdastjóri fjármálasviðs Norðuráls, vildi þó ekkert kannast við súrálsskortinn. **- bg**

Samkeppniseftirlit:

# Ný stjórn skipuð

**STJÓRNMÁL** Ný stjórn Samkeppniseftirlits hefur verið skipuð af viðskiptaráðherra og tekur stjórnin til starfa hinn 1. júlí næstkomandi samkvæmt nýjum samkeppnislögum. Þriggja manna stjórn skipuð af viðskiptaráðherra fer með yfirstjórn Samkeppniseftirlitsins og eru þrír varamenn skipaðir með sama hætti. Ráðherra skipar svo einnig formann stjórnarinnar, en hlutverk hennar er að móta áherslur í starfi og fylgjast með starfsemi og rekstri Samkeppniseftirlitsins. **- bg**

## LÖGREGLUMÁL

**ÖLVUNARAKSTUR** Lögreglan í Dalvík tók mann fyrir ölvunarakstur um klukkan hálfellefu að kvöldi föstudags. Bílstjóri keyrði út af veginum á leið til Akureyrar en slasaðist þó ekki og bifreiðin slapp vel miðað við aðstæður. Maðurinn er á fertugsaldri.

**HRAÐAKSTUR** Lögreglan á Ólafsvík tók sex manns fyrir hraðakstur á Snæfellsnesvegi seinnipart föstudags. Ekki var um verulegan hraðakstur að ræða en einn bílstjórinn var þó látinn blása vegna gruns um ölvunarakstur. Sá var þó talsvert undir mörkunum og því ekki sektaður en var gert að hætta akstri.

## BANDARÍKIN

**TÓKU BÍL MEÐ BARNI** Innheimtumenn í San Antonio í Texas gerðust fullfrekir til fjörsins í vikunni. Þeir tóku í vörslu sína bifreið sem kona nokkur hafði ekki greitt afborganir af en gáðu ekki að því að í bílnum var barn sofandi í bílstól. Konan hafði samband við lögreglu og tókst að hafa uppi á bílnum áður en króginn vaknaði.

# Karlar fá margfalt fleiri punkta

**Karlar fá fleiri refsipunkta og valda fleiri alvarlegum slysum en konur. Þó telja þeir sig mun betri ökumenn. Nýleg rannsókn segir þó engan mun á kynjunum þegar kemur að ökuleikni.**

**UMFERÐ** Karlkyns ökumenn fá yfir þrjá af hverjum fjórum refsipunktum sem lögreglan gefur fyrir umferðarlagabrot.

Samkvæmt upplýsingum Ríkislögreglustjóra hafa, frá árinu 1998 þegar refsipunktakerfið var tekið upp, verið gefnir út 84.502 punktar, þar af 65.198 til karla og 19.304 til kvenna. Í fyrra fékk 92 ára gamall karl punkt, elstur til að fá einn slíkan til þessa, en áður hafa tveir á níræðisaldri fengið punkt árin 1998 og 2000. Síðustu ár hafa að jafnaði verið gefnir út 14 til 15 þúsund punktar á ári hverju.

„Við sjáum líka á slysaskýrslum að fleiri karlmenn eru valdir að alvarlegum slysum,“ segir Einar Magnús Magnússon, upplýsingafulltrúi Umferðarstofu. Einnig hefur komið fram í könnun sem Umferðarstofa stóð að ásamt Landsbjörg og Lýðheilsustöð að karlar séu líklegri til að hafa börn sín í ónægum eða óviðunandi öryggisbúnaði í bílum. Einnig segist ekki telja að hærra hlutfall karla í umferðinni en kvenna skýri hversu miklu meiri slysavaldar þeir séu.

Þó eru vísbendingar um að minni munur sé á ökuhæfni kynjanna en margur hefur talið til þessa. Í rannsókn sem Rannveig Þórisdóttir, Haukur Freyr Gylfason og Marius Peersen unnu fyrir Ríkislögreglustjóra síðasta vor kemur fram að ökuleikni tengist ekki kynferði. Gerð var rannsókn meðal ungs fólks þar sem það var spurt út í atferli sitt í umferðinni og kom fram að ungar konur eru ekki síður líklegar til að aka hratt og ógætilega en ungir menn. Rannveig Þórisdóttir, á tölfræðisviði Ríkislögreglustjóra, segir fjölda refsipunkta sem karlar fá ekki sýna vanhæfni þeirra miðað við kvenkyns ökumenn. „Það verður að taka mið af því að bæði eru karlar mun fleiri í umferðinni og svo eru líka miklu fleiri karlar við stýrið á þjóðvegum úti á landi, en þar eru flestir ökumenn teknir fyrir of hraðan akstur,“ segir hún.

Einar tekur undir að hluti af skýringunni kunni að felast í að karlar sitji frekar undir stýri en konur, en segir engu að síður nokkuð vel rökstuddan grun þeirra á Umferðarstofu að munur sé á kynjunum, konum í vil.

Ekki þarf að taka það fram að ungir karlökumenn telja sig konum fremri í ökuleikni, en það kom fram í könnun Ríkislögreglustjóra.

jse@frettabladid.is



FRÉTTABLAÐIÐ/HARI

**UMFERÐARÓHAPP** Karlmenn telja sig betri ökumenn en konur, en það endurspeglast þó ekki í refsipunktagjöf lögreglu, því karlar fá þar þrjá af hverjum fjórum punktum. Myndin sýnir frá óhappi þegar jeppabifreið rakst á strætisvagn í apríl síðastliðnum.

Samningur gegn mansali:

# Amnesty fagnar

**MANNRÉTTINDI** „Íslandsdeild Amnesty International fagnar undirskrift Íslands á nýjum samningi gegn mansali.“ Svo segir í fréttatilkynningu frá Amnesty hér á landi.

Davíð Oddsson skrifaði nýverið undir samning Evrópuráðsins fyrir hönd Íslands þar sem lögð er áhersla á að mansal sé brot á mannréttindum og árás á mannlega reisn. Ríki sem gerast aðilar að samningnum skulu gera ráðstafanir til að koma í veg fyrir mansal, sækja þá til saka sem stunda mansal og virða réttindi fórnarlamba mansals. **-oá**

Rótarýklúbbur í Reykjavík:

# Fórnarlömb fá báta gefins

**INDLAND** Rótarýklúbburinn Reykjavík-Austurbær hefur ákveðið að styrkja fórnarlömb flóðbylgjunnar í Asíu og gefur fjóra báta ásamt veiðarfærum til fiskimannafjölskyldna í Andra Pradesh-héraði á Indlandi. Það var á þessum slóðum sem þúsundir misstu aleigu sína í flóðbylgjunni og er gjöfin hluti af samstarfsverkefni rótarýhreyfingarinnar í Andra Pradesh og 65 rótarýklúbba í tíu löndum. Alls voru 180 bátar gefnir til íbúa svæðisins, ásamt veiðarfærum. Þetta ætti að koma íbúum svæðisins vel þar sem fiskveiðar eru meginatvinnugrein íbúanna og með einum báti er mögulegt að sjá tveimur fjölskyldum farborða. ■



**ANDRA PRADESH** Einn bátanna sem Rótarýklúbburinn gaf.

NÆSTU NÁMSKEIÐ:

| | |
|---|---|
| • Vefsmíði – MySQL & ASP | 24. maí |
| • FrontPage grunnur | 23. maí |
| • FreeHand | 23. maí |
| • Excel grunnur | 25. maí |
| • Flash | 1. júní |

TÖLVUSKÓLINN ÞEKKING

Faxafen 10 • 108 Reykjavík • Sími: 544 2210 • www.tsk.is • skoli@tsk.is

## VEÐRIÐ Í DAG

**HLÝNANDI VEÐUR UM MIÐJA VIKUNA**
Loksins má greina í tölvuspánum að þessari vetrartíð á Norður- og Austurlandi fari að linna. Um miðja vikuna taka hlýindi land. Þessi þróun hefst síðla þriðjudags en á miðvikudag ætti kalda loftið að vera að fara frá landinu.

**SVIPAÐ Í DAG**
Veðrið í dag verður hins vegar eins og verið hefur, svalt með stöku éljum á Norður- og Austurlandi en nokkuð björtu veðri syðra. Vindur verður víðast tiltölulega hægur, síst þó suðaustan til.



Kveðja,
Sigurður Ragnarsson,
veðurfræðingur

**Um hádegi**





**Á morgun**





Hæglætisveður.

**Þriðjudagur**





Hæg breytileg átt.
Hægt hlýnandi veður.

**Veðurhorfur í borgum í dag**

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Kaupmannahöfn | 14°C skúrir | París | 19°C hálfskýjað | Alicante | 27°C léttskýjað |
| Osló | 13°C alskýjað | Berlín | 23°C þrumur | Milano | 24°C skýjað |
| Stokkhólmur | 18°C léttskýjað | Frankfurt | 17°C skúrir | New York | 18°C skýjað |
| Helsinki | 18°C skýjað | Madrid | 23°C léttskýjað | San Francisco | 24°C heiðskírt |
| London | 17°C léttskýjað | Barcelona | 22°C skýjað | Orlando/Florida | 31°C léttskýjað |

Svæði þar sem búast má við talsverðri vætu eru skyggð á kortinu. Minniháttar úrkoma er táknuð með dropum. Hitatölur sýna hæstu hitagildi.





# Fjögurra vikna námskeið í allt sumar!

## Taktu þér tak í sumar – næstu námskeið hefjast 30. maí

### KARLAR ÁTAK

**Hin sívinsælu Átaksnámskeið eru sérsniðin að þörfum karla.** Áhersla er lögð á að auka styrk og þol og minnka mittismál með brennslu- og styrktaræfingum.

**Skráning er hafin í Laugum í síma 553 0000.**

### KONUR ÁTAK

**Átaksnámskeið fyrir konur er frábær leið til að bæta heilsuna.** Einstakt aðhald, góð fræðsla og ómetanlegur stuðningur. Ávinningurinn er aukið þol og þrek, styrkari líkami og góð andleg líðan.

**Skráning er hafin í Laugum í síma 553 0000 og Spönginni í síma 553 5000.**

### JIU JITSU

**Brasilískt Jiu Jitsu** er sjálfsvarnaríþrótt sem hentar báðum kynjum og er kennd í Laugum. Einstakt námskeið þar sem unnið er út frá tækni fremur en styrk. Ávinningurinn er aukið þol, styrkur og samhæfing líkamans.

**Skráning er hafin í Laugum í síma 553 0000.**

### PEAK PILATES

**Peak Pilates er æfingakerfi sem hefur farið sigurför um heiminn.** Kerfið býður upp á örugga og áhrifaríka leið til að styrkja, móta og teygja líkamann án þess að auka umfangið eða ofreyna liðamótin. Áhersla er lögð á kviðvöðva og öndun. Hentar fólki á öllum aldri.

#### Peak Pilates fyrir nýbakaðar mæður

Í boði eru sérstakir Peak Pilates tímar fyrir nýbakaðar mæður þar sem æfingarnar eru sérlega hannaðar til að byggja upp kviðvöðva. Börnin eru velkomin með.

**Skráning er hafin í Laugum í síma 553 0000.**
**Athugið - takmarkaður fjöldi!**

### ROPE YOGA

**Rope Yoga sameinar hug, líkama og sál.** Rope Yoga eykur upptöku súrefnis í líkamanum og styrkir kviðinn, miðju líkamans, bætir virkni sogæðakerfisins og beinir orkunni í réttan farveg.

**Skráning er hafin í Laugum í síma 553 0000.**
**Athugið - takmarkaður fjöldi!**

### JÓGA

#### Jóga á meðgöngu

Námskeiðið byggist á styrktar-, teygju- og öndunaræfingum til að auðvelda meðgöngu og fæðingu. Aðaláhersla er lögð á mjaðma- og grindarbotnsæfingar, stöður sem styrkja líkamann, öndunaræfingar og slökun.

**Skráning er hafin í Laugum í síma 553 0000.**

**Innifalið í námskeiðunum:** Lokaðir hóptímar, tími hjá þjálfara í tækjasal, frjáls aðgangur að öllum opnum tímum á stundaskrá, tækjasal og Laugardalslauginni.

**Námskeiðin hefjast 30. maí, 27. júní og 3. ágúst og standa yfir í fjórar vikur.**

**Skoðið úrval opinna jóga-, styrktar-, brennslu- og kickbox–tíma á www.worldclass.is**

World Class ICELAND ®

Laugar - Spöngin - Í húsi Orkuveitunnar

www.worldclass.is



## KJÖRKASSINN

*Átti Ísland skilið að detta út í forkeppni Söngvakeppni evrópskra sjónvarpsstöðva?*

**Niðurstöður gærdagsins á visir.is**

| | |
|---|---|
| Já | 36% |
| Nei | 64% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Koma nýfengin úrslit í formannskjöri til með að styrkja Samfylkinguna?*

Farðu inn á fréttahluta visir.is og segðu þína skoðun

vísir

Össur ætlar að vera miklu lengur í stjórnmálum:

# Afgerandi úrslit og sterk fyrir flokkinn

**LANDSFUNDUR** „Hvað get ég sagt? Ég hef tapað og er hafinn upp til skýjanna bæði af ykkur og þeim sem vinnur,“ sagði Össur Skarphéðinsson að loknu sigurávarpi Ingibjargar Sólrúnar Gísladóttur á landsfundi Samfylkingarinnar í gær.

Össur hlaut um þriðjung gildra atkvæða í formannskjörinu. „Við höfum vissulega gefið hvort öðru olnbogaskot. En það er rétt sem Ingibjörg sagði, að þráðurinn hefur aldrei slitnað millum okkar,“ sagði Össur jafnframt.

Hann kvað úrslitin í formannskjörinu sterk fyrir Samfylkinguna og sterk fyrir Ingibjörgu Sólrúnu. „Ingibjörg Sólrún hefur sýnt það að hún er ákaflega sterkur leiðtogi og hún hefur líka sýnt það í þessari baráttu að það býr í henni mikill kraftur. Hún sigraði vegna sinna kosta og vegna þolgæðis síns,“ sagði Össur meðal annars og gat einnig um sigra hennar í borgarstjórnarkosningum. „Ingibjörg Sólrún sýndi það með hjálp okkar á þeim tíma tókst henni að breyta Reykjavík. Og nú er það hlutverk okkar allra sem hér erum að hjálpa henni að breyta Íslandi.“

Össur Skarphéðinsson þakkaði stuðningsmönnum í ávarpi sínu og kvaðst þakklátur fyrir fimm ár á formannsstóli Samfylkingarinnar. Hann lauk ávarpinu með yfirlýsingu um að hann ætlaði áfram að gera það sem honum þætti gaman, það er að vera miklu lengur í stjórnmálum. - jh




FRÉTTABLAÐIÐ/HARI

**ÖSSUR SKARPHÉÐINSSON, FRÁFARANDI FORMAÐUR SAMFYLKINGARINNAR** Össur segir úrslitin sterk fyrir Samfylkinguna og Ingibjörgu Sólrúnu. Hann kveðst ætla að vera áfram í stjórnmálum um langa hríð.

Titringur vegna varaformanns:

## Yfirburðir Ágústs Ólafs

**VARAFORMAÐUR** Ingibjörg Sólrún Gísladóttir fagnar nýkjörnum varaformanni Samfylkingarinnar. „Ágúst Ólafur Ágústsson stimplar sig mjög sterkt inn í pólítíkina með framboði sínu til varaformannsembættisins. Hann fékk afgerandi stuðning og það skiptir máli,“ segir Ingibjörg. Hún kveðst ekki hafa forsendur til þess að tjá sig um aðferðir stuðningsmanna Ágústs í varaformannskjörinu. „Mér sýnist munurinn hafa verið það mikill á honum og Lúðvík Bergvinssyni að þær hafi ekki skipt sköpum,“ segir Ingibjörg Sólrún Gísladóttir. ■

Samfylkingin:

## Forystan endurnýjuð

**NÝ FORYSTA** Mikil endurnýjun varð í forystu Samfylkingarinnar á landsfundinum í gær. Gunnar Svavarsson, forseti bæjarstjórnar Hafnarfjarðar, var kjörinn formaður framkvæmdastjórnar Samfylkingarinnar. Hann tekur við af Stefáni Jóni Hafstein, sem gaf ekki kost á sér í embættið.



**GUNNAR SVAVARSSON**

Helena Karlsdóttir var kjörin ritari Samfylkingarinnar en mótframbjóeðndur hennar í embættið voru Stefán Jón Hafstein og Valgerður Bjarnadóttir. Helena hlaut um 49 prósent atkvæða, Stefán Jón um 34 prósent og Valgerður tæp 17 prósent.

Ari Skúlason var kjörinn gjaldkeri flokksins. - jh

# Á réttri leið og ætlum alla leið

**Ingibjörg Sólrún Gísladóttir hlaut tvö af hverjum þremur greiddum atkvæðum í formannskjöri Samfylkingarinnar. Eftir að úrslit voru kunngjörð kvaðst hún hlakka til að vinna með Össuri Skarphéðinssyni að málefnum Samfylkingarinnar um ókomin ár.**

**NÝR FORMAÐUR** Ingibjörg Sólrún Gísladóttir hlaut 7.997 af 12.007 gildum atkvæðum í formannskjöri Samfylkingarinnar. Össur Skarphéðinsson hlaut 3.979 atkvæði. Því sem næst tveir af hverjum þremur greiddu því Ingibjörgu Sólrúnu atkvæði sitt. Henni var ákaft fagnað á hádegi í gær þegar úrslit kosninganna voru kunngerð á landsfundi Samfylkingarinnar.

„Úrslitin í dag skipta því aðeins máli ef sigur vinnst í næstu kosningum. Þar skrifum við söguna og mótum framtíðina,“ sagði Ingibjörg í ávarpi sínu.

Fulltrúar á landsfundinum biðu spenntir eftir viðbrögðum frambjóðendanna tveggja við úrslitunum.

Ingibjörg Sólrún sagði að engum dyldist að verkefni hennar og Össurar allt frá síðustu alþingiskosningum hefði ekki verið auðvelt en kvaðst hreykin af því að þeim hefði báðum tekist að leysa verkefnið af hendi með þeim hætti að Samfylkingin hefði ekki skaðast. Þvert á móti stæði hún sterkari á eftir. „Þessi kosningabarátta er Össuri og hans liðsmönnum til sóma. Ég vil þakka honum fyrir drengilega baráttu og segi honum um leið að ég hlakka til að vinna með honum að málefnum Samfylkingarinnar um ókomin ár,“ sagði Ingibjörg. Jafnframt sagði hún að mestu máli skipti að þráðurinn milli hennar og Össurar hefði aldrei slitnað. „Tækifæri Samfylkingarinnar felst ekki í því hvort okkar Össurar leiðir flokkinn í næstu kosningum. Foysta er hópstarf en ekki einstaklingsframtak. Formaður er fremstur þeirra jafningja en hann kæmist hvorki lönd né strönd ef hann hefði ekki góðan málstað og gott fólk til að vinna með sér.“

Ingibjörg Sólrún þakkaði stuðningsmönnum sínum og sagði að undirbúningur að næstu alþingiskosningum hefði hafist þegar eftir síðuustu þingkosningar. „Við höfum ekki setið auðum höndum og við munum ekki unna okkur hvíldar fyrr en við höfum komið frá þeirri ríkisstjórn misskiptingar og valdstýringar sem nú situr... Við erum á réttri leið og ætlum alla leið.“

Ingibjörg Sólrún sagði í samtali við Fréttablaðið að úrslitin hefðu ekki komið sér alls kostar á óvart. „Þetta er nokkuð í takt við skoðanakannanirnar sem hafa verið gerðar. Þetta var persónukjör og í því fólst ekki einu sinni dómur yfir stórfum okkar í fortíðinni. Hér ráða væntingar um framtíðina. Um hana erum við að kjósa,“ segir Ingibjörg Sólrún Gísladóttir.

johannh@frettabladid.is




**INGIBJÖRG SÓLRÚN GÍSLADÓTTIR, FORMAÐUR SAMFYLKINGARINNAR** Munum ekki una okkur hvíldar fyrr en við höfum komið frá þeirri ríkisstjórn misskiptingar og valdstýringar sem nú situr.


HÁSKÓLI ÍSLANDS

SIGILLUM UNIVERSITATIS ISLANDIAE

**INNTÖKUPRÓF Í LÆKNADEILD HÍ**

**SJÚKRAÞJÁLFUNARSKOR OG LÆKNISFRÆÐISKOR**

Vegna mistaka í fyrri auglýsingu varðandi dagsetningu skal tekið fram að inntökupróf í læknadeild Háskóla Íslands fyrir nám í læknisfræði og sjúkraþjálfun verður haldið mánudaginn 20. júní og þriðjudaginn 21. júní 2005.

Nánari upplýsingar um inntökuprófið má finna á heimasíðu læknadeildar www.hi.is/nam/laek


Ágúst Ólafur Ágústsson er nýr varaformaður Samfylkingarinnar:

# Kjörinn með 62 prósentum atkvæða

**VARAFORMAÐUR** Ágúst Ólafur Ágústsson, þingmaður Samfylkingarinnar, sigraði í varaformannskjöri flokksins í gær. 839 landsfundarfulltrúar kusu. Þar af hlaut Ágúst Ólafur 519 atkvæði, um 62 prósent. Lúðvík Bergvinsson, þingmaður Samfylkingarinnar, hlaut 297 atkvæði, liðlega 36 prósent. Heimir Már Pétursson, upplýsingafulltrúi Flugmálastjórnar, bauð sig einnig fram en hann uppskar einungis 10 atkvæði.

„Ég tel að flokkurinn hafi sýnt djörfung og þor og ég er ykkur afskaplega þakklátur fyrir þessa útkomu,“ sagði Ágúst Ólafur í ávarpi sínu þegar úrslit voru kunn og þakkaði landsfundarfulltrúum stuðninginn.

Mörgum viðmælendum Fréttablaðsins á landsfundinum þótti stuðningsmenn Ágústs Ólafs hafa gengið langt í smölun meðal ungliða og þátttaka þeirra í atkvæðagreiðslunni óeðlileg.

„Svona sögur fara alltaf af stað,“ segir Ágúst. „Úrslitin sýna að stuðningurinn við mig var breiður og víðtækur. Það er mikill áhugi á landsfundinum og ekkert óeðlilegt við það. Það voru þúsundir sem skráðu sig í flokkinn fyrir formannskjörið,“ sagði Ágúst Ólafur í samtali við blaðamann Fréttablaðsins.

johannh@frettabladid.is



**AÐ LOKNUM VARAFORMANNSKOSNINGUM** Lúðvík Bergvinsson og Ágúst Ólafur Ágústsson takast í hendur eftir að ljóst var að Ágúst hafði haft betur í kosningunum.



errea
Við styðjum íslenska knattspyrnu með stolti
2. | UMFERÐ KARLA
sun. 22. maí 14:00 Grindavík - FH
sun. 22. maí 14:00 Þróttur R. - Fylkir
sun. 22. maí 14:00 ÍBV - Keflavík
sun. 22. maí 19:15 KR - Fram
mán. 23. maí 19:15 Valur - ÍA
2. | UMFERÐ KVENNA
lau. 21. maí 12:00 Breiðablik - Keflavík
lau. 21. maí 12:00 FH - ÍBV
lau. 21. maí 12:00 ÍA - KR
lau. 21. maí 14:00 Valur - Stjarnan
Landsbankinn
Banki allra landsmanna
410 4000 | www.landsbanki.is
ÍSLENSKA AUGLÝSINGASTOFAN/SIA.IS LBI 28445 05/05

# skoðun

SJÓNARMIÐ
GUÐMUNDUR MAGNÚSSON

## Ótvíræður foringi Samfylkingarinnar

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir er ótvíræður foringi Samfylkingarinnar eftir glæsilegan sigur í formannskjöri flokksins í gær. Það er sigur að verðleikum. Úrslitin komu ekki á óvart en voru afdráttarlausari en margir áttu von á eftir öfluga varnarbaráttu Össurar Skarphéðinssonar.

Formannskjör Ingibjargar Sólrúnar markar ákveðin tímamót í jafnréttisbaráttu kvenna. Hún er að vísu ekki fyrsta konan sem verður formaður í stjórnmálaflokki. Margrét Frímannsdóttir var á sínum tíma formaður Alþýðubandalagsins og Jóhanna Sigurðardóttir formaður Þjóðvaka. En ólíku er saman að jafna, því Samfylkingin er langtum öflugri flokkur og með mun breiðari skírskotun til kjósenda en Alþýðubandalagið og Þjóðvaki höfðu. Ingibjörg Sólrún er því í rauninni fyrsta konan sem kemst í þungavigtarflokk íslenskra stjórnmálaforingja.

*Sigur Ingibjargar Sólrúnar í formannskjörinu beinir nú kastljósinu að henni sem aldrei fyrr. Hún er fyrsta konan sem á raunhæfa möguleika á því að verða forsætisráðherra.*

Bein kosning formanns með þeim hætti sem Samfylkingin framkvæmdi er nýmæli í íslenskum stjórnmálum. Þessi aðferð er óneitanlega lýðræðislegri en kosning sem bundin er við þann takmarkaða hóp sem sækir landsfundi flokkanna. Hlýtur það að verða umhugsunarefni fyrir aðra flokka hvort þeir eigi ekki einnig að taka upp þetta skipulag. Einkennilegt er samt að um átta þúsund manns af tuttugu þúsund sem skráð hafa sig í Samfylkinguna skuli ekki hafa notfært sér rétt til þátttöku í formannskjörinu. Sú spurning vaknar til hvers fólk skráir sig í stjórnmálaflokk ef það lætur sér standa á sama um stefnu hans og forystu.

Samfylkingin er næststærsti stjórnmálaflokkur landsins og hefur verið mjög nálægt Sjálfstæðisflokknum í fylgi í nokkrum skoðanakönnunum á undanförnum mánuðum. Þessi staða skapar flokknum mikil tækifæri en þrengir um leið ákveðna samstarfsmöguleika í stjórnmálum. Tækifærin felast í þeim möguleika að Samfylkingin verði forystuflokkur íslenskra stjórnmála og Ingibjörg Sólrún leiði nýja ríkisstjórn eftir þingkosningar 2007. Vandinn er sá að um leið og Samfylkingin er orðin jafn stór og Sjálfstæðisflokkurinn dregur mjög úr líkum þess að þessir tveir flokkar geti starfað saman í ríkisstjórn, en það er að margra áliti frjórri kostur en samstarf Samfylkingar við Framsóknarflokk og Vinstri græna.

Sigur Ingibjargar Sólrúnar í formannskjörinu beinir nú kastljósinu að henni sem aldrei fyrr. Hún er fyrsta konan sem á raunhæfa möguleika á því að verða forsætisráðherra. En það eru tvö ár til næstu kosninga og margt getur breyst á þeim tíma. Samfylkingin mun að líkindum sækja í sig veðrið nú á næstu mánuðum en síðan er það úthaldið sem öllu skiptir. Segja má að Samfylkingin hafi sjálf átt sök á óförum sínum í síðustu þingkosningum. Óskýr stefna í veigamiklum málum og ógætileg ummæli Ingibjörg Sólrúnar í kosningabaráttunni, sérstaklega í ræðunni frægu í Borgarnesi, sköðuðu flokkinn. Af þessu tvennu verður hún að læra. Hún þarf að tala skýrt en gætilega. Og það verður að útskýra betur en fram að þessu hefur verið gert hvað Samfylkingin raunverulega stendur fyrir og hverju hún vill breyta í íslensku þjóðfélagi. ■

Stökktu til
Rimini
2. júní frá kr. 29.990

Verð kr. 29.990 í viku
/ kr. 39.990 í 2 vikur
Netverð á mann, m.v. hjón með 2 börn, 2-11 ára, í íbúð í 1 eða 2 vikur. Flug, skattar, gisting og íslensk fararstjórn. Stökktu tilboð 2. júní.

Verð kr. 39.990 í viku
/ kr. 49.990 í 2 vikur
Netverð á mann, m.v. 2 í stúdíó/íbúð í 1 eða 2 vikur. Flug, skattar, gisting og íslensk fararstjórn.
Stökktu tilboð 2. júní.

Heimsferðir bjóða ótrúlegt tilboð til Rimini þann 2. júní. Njóttu fegursta tíma ársins á þessum vinsælasta sumarleyfisstað Ítalíu við frábæran aðbúnað. Þú bókar og tryggir þér sæti og 4 dögum fyrir brottför færðu að vita hvar þú gistir.

Heimsferðir
Skógarhlíð 18 • sími 595 1000 • Akureyri sími 461 1099 • www.heimsferdir.is

## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Frjáls verslun

Morgunblaðið hefur þá sérstöðu á íslenskum fjölmiðlamarkaði að það telur sig hafa skýra og sjálfu sér samkvæma stefnu í öllum helstu þjóðfélagsmálum. En ekki er blaðið alltaf sjálfu sér samkvæmt. Í gær birtist til dæmis athyglisverður leiðari um ávinninginn af ýmsum ódýrum varningi sem hægt er að kaupa austur í Kína og dæmi nefnd um ódýr en vönduð föt. Eru þeir sem tala fyrir innflutningskvótum á kínverskar vörur harðlega gagnrýndir. „Það eru ekki aðeins framleiðendur og launþegar í Kína sem græða á frjálsum viðskiptum með vefnaðarvöru. Neytendur á Vesturlöndum græða, því að þeir fá ódýrari vöru."

Morgunbladid

### Arðrán

Í leiðara blaðsins 31. desember sl. kvað við annan tón. Í tilefni af því að íslensk flugeldaverksmiðja gat ekki keppt við ódýra flugelda frá Kína skrifaði ritstjórinn: „Hvers vegna er útilokað að keppa við Kínverja í verði? Ástæðan er sú, að launakostnaður í Kína er ekki nema brot af því, sem tíðkast hér á Íslandi og annars staðar á Vesturlöndum. ... Hvað felst í því, að ódýrara sé að framleiða nánast hvað sem er í Kína? Í því felst arðrán okkar Vesturlandabúa á kínversku alþýðufólki. Nú fyrir jólin var frá því skýrt hvers vegna sum leikföng eru ódýr. Það er vegna þess, að þau eru framleidd í barnaverksmiðjum í Kína. Börn vinna í leikfangaverksmiðjum sjö daga vikunnar. Vinnudagurinn er langur og þau fá aldrei frí. Þess vegna eru leikföng frá Kína ódýr".

### Neysluæði

Og ritstjórinn spyr: „Viljum við að velmegun okkar byggist á fátækt og þjáningum annars fólks? Einhverjir munu svara þessum spurningum á þann veg, að það sé betra fyrir þetta fátæka fólk að hafa einhverja vinnu og einhver laun en enga vinnu og engin laun. En er það svar, sem við getum sætt okkur við?... Þetta er kannski umhugsunarefni fyrir þjóð, sem er gersamlega að tapa sér í neyzluæði. Eða er henni kannski alveg sama?"

gm@frettabladid.is

## Hávaðavæðingin

TÍÐARANDINN
SIGMUNDUR ERNIR RÚNARSSON

Þögnin er í útrýmingarhættu.

Stórkostlegt undanhald hennar hefur verið skipulagt af alls konar mönnum sem telja brýnna að trufla eyrun en að gefa þeim frið.

Eins og þögnin er nú yndisleg.

Kyrrðinni hefur víðast hvar verið úthýst á kaffihúsum og matvörubúðum. Hún hefur fyrir margt löngu verið gerð brottræk úr dekkjaverkstæðum og hárgreiðslustofum. Hún yfirfyllir allt í tískuvöruverslunum. Það er eins og ekki sé lengur hægt að bjóða upp á nokkra þjónustu án þess að ískrandi hávaði fylgi með í kaupbæti. Rétt eins og langmenntaðir markaðsfræðingar séu búnir að sanna það í eitt skipti fyrir öll að enginn kaupi nokkurn skapaðan hlut nema hann sé dofinn í hlustunum og hreint alveg yfirbugaður af þungum og ágengum takti sem tifar í hátölurunum allt í kring .

> *Kannski er þögnin orðin svo sjaldgæft fyrirbrigði í vestrænu samfélagi að mönnum bregði við hana. Ef til vill er það svo að þögnin feli í sér óttann, varnarleysið, vonleysið. Jafnvel að þögnin sé til marks um að eitthvað alvarlegt sé að; uppfyllinguna vanti, sjálfa lífsfyllinguna...*




FRÉTTABLAÐIÐ/TEIKNING: HELGI SIGURÐSSON

Þögnin er á góðri leið með að verða að takmarkaðri auðlind á við þorsk og olíu. Hún á sér ekki lengur öruggan griðastað. Jafnvel ekki á Íslandi sem er að mestu leyti óbyggt; hávaðinn er alltaf að breiða úr sér – og nema ný lönd.

Gekk upp á Esjuna um daginn í hópi nokkurra fjallamanna. Sem er ekki í frásögur færandi fyrir aðrar sakir en þær að maðurinn sem fór á undan mér upp slóðann – allsendis hressilegur sláni á fertugsaldri – hafði vafið einhverju hljómtæki um höfuð sér. Út á milli þess og eyrna hans smaug gassalegt þungarokk og hvolfdist yfir okkur sporgöngumennina. Aftar í röðinni heyrðist af mæli manna að líklega væri þetta Megadeth sem maðurinn væri að hlusta á. Eða eitthvað þaðan af verra vonskurokk. Nema hvað ... einhvern veginn fannst mér Esjan ekki heimavöllur dauðarokksins þetta síðdegi þegar sólin gyllti hlíðar gamla borgarfjallsins. Ég bankaði því í aðra öxlina á manninum og spurði hvort hann væri ekki til í að lækka svolítið í viðtækinu; það læki svo mikill hávaði út um eyru hans. Hann hváði með hvellu öskri; hvað ég væri að meina. Svo lækkaði hann svolítið í tækinu en þó ekki meira en svo að ómurinn af Megadeth hélt áfram alla leið upp á topp. Og það á Esjunni.

Nokkrum dögum seinna var ég staddur úti í Flórída, nánar til tekið í molli sem nefnt er eftir sjálfu fylkinu – og svipaðist um eftir töffaralegum bol á táningspilt úr mínum genum. Fatabúðin fannst að lokum, en með þeim ósköpum að þar var ekki hægt að hugsa fyrir hávaða; gríðarlegt rokkið gekk yfir í þungum bylgjum og afgreiðslumaðurinn virtist í einhvers konar móki aftan við kassaborðið og tók undir í viðlaginu eins og hann væri staddur í steypibaði heima hjá sér. Mér fannst þetta absúrd. Loksins þegar ég hafði náð athygli mannsins og gat komið út úr mér heillegri setningu um stærðir og efnisval, renndi maðurinn augunum eftir andliti mínu og sagði; say again. Mér tókst að öskra því út úr mér hvort hann ætti þessa boli í annarri stærð. Allt í kring nötraði rokkið. Og viðbrögð mannsins voru ekki gáfulegri; what? Ég velti því fyrir mér hvort ég ætti að skrifa ósk mína niður á blað en lét mig loks hafa það að færa annan lófa minn að eyra mannsins og bergmálaði upp í eyrnagöngin á honum ósk mína með nægilegum styrk og stunum. Keypti svo einn bol. Gekk út, gersamlega ringlaður.

Viku seinna lét ég klippa á mér kollinn heima á Íslandi. Í sjálfu sér saklaust. Og þarna sat ég í stólnum og dillandi diskóið djöflaðist í öllum hornum. Laglegur og limafagur hárgeiðslumaðurinn dansaði í takti í kringum mig á meðan hausinn á mér sökk ofan í bolinn. Þvílíkt lagaval. Þvílíkur styrkur á stunum söngvarans. Smám saman hafði ég mig í það að biðja manninn um að lækka í þessum ósköpum – og til vara ... að skipta um lag. Hann bretti upp á andlitið; hva ... hvort ég fílaði ekki grúvið. Og eftir að svar mitt reyndist vera nei fékk ég á tilfinninguna að áhugi hans á hári mínu færi þverrandi. Líklega hafði hann aldrei klippt nokkurn mann í þögninni einni saman.

Kannski er þögnin orðin svo sjaldgæft fyrirbrigði í vestrænu samfélagi að mönnum bregði við hana. Mér líst til dæmis ekki lengur á blikuna þegar ég kem heim til mín og allt er hljótt; þar er vanalega kveikt á þremur sjónvörpum, tveimur tölvum, nokkrum græjum og gítarmagnara á efri hæðinni. Ef til vill er það svo að þögnin feli í sér óttann, varnarleysið, vonleysið. Jafnvel að þögnin sé til marks um að eitthvað alvarlegt sé að; uppfyllinguna vanti, sjálfa lífsfyllinguna ....

Það má líka vel vera að ég sé orðinn krumpaður karl af aldri og ónotum. Fimmtugsaldurinn sé farinn að segja alvarlega til sín. Svona ... já, nákvæmlega svona sé gangur lífsins – og galsinn allur að baki. En líklega má minna vera.

Fyrir allmörgum árum voru stofnuð samtök gegn hávaða á höfuðborgarsvæðinu. Eðli málsins samkvæmt hafa þau samtök ekki farið um með hávaða og látum. Og smám saman urðu þau þögninni að bráð, skilst mér. Svona samtök eiga auðvitað að ganga í endurnýjun lífdaganna – og efna til hljóðra mótmæla, til dæmis á Ingólfstorgi, Ráðhústorgi, Silfurtorgi – og hvað þau nú heita öll þessi yfirgefnu og mannlausu torg á Ísalandinu. Það er nefnilega ekki nóg að banna reykingar á opinberum samkomustöðum þegar allur hávaðinn situr eftir ... alls staðar, hvarvetna, jafnvel þar sem síst skyldi, svo sem í ungbarnaverslunum þar sem litlu börnin manns vakna með harmkvælum í vagni sínum af því útvarpið er svo hátt stillt hjá tyggjandi afgreiðslustúlkunni.

Ég veit ekki hvort er óhollara; óbeinn reykur eða þráðbeinn hávaði. ■

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365 – prentmiðlar RITSTJÓRI: Kári Jónasson FRÉTTARITSTJÓRAR: Sigurjón M. Egilsson og Sigmundur Ernir Rúnarsson AÐSTOÐARRITSTJÓRI: Jón Kaldal FULLTRÚI RITSTJÓRA: Guðmundur Magnússon RITSTJÓRNARFULLTRÚI: Steinunn Stefánsdóttir AUGLÝSINGASTJÓRI: Þórmundur Bergsson RITSTJÓRN OG AUGLÝSINGAR: Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **AÐALSÍMI: 550 5000** SÍMBRÉF Á FRÉTTADEILD: 550 5006 NETFÖNG: **ritstjorn@frettabladid.is** og **auglysingar@frettabladid.is** VEFFANG: **visir.is** UMBROT: 365 – prentmiðlar PRENTVINNSLA: Ísafoldarprentsmiðja ehf. DREIFING: Pósthúsið ehf. **dreifing@posthusid.is** Fréttablaðinu er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Suðurnesjum og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871

**Bókaðu bestu utanlandsferðirnar* á netinu – það borgar sig**



# Netsól

**8.000 kr.**
**afsláttur á mann**

## Allra síðustu sætin í júní – allt að seljast upp!







## Mallorca

15. júní • 29. júní
Marina Plaza og Cala Millor Park

Verð frá: **38.578** kr. **
á mann m.v. 2 fullorðna og 2, 2–11 ára, börn í íbúð m. 1 svefnherbergi í 7 nætur á Cala Millor, 15. júní.

1. og 8. júní • **UPPSELT!**
15. júní • Örfá sæti, vinsælir gistist. að seljast upp
22. júní • **UPPSELT!**
29. júní • Laus sæti, vinsælir gistist. að seljast upp

## Costa del Sol

9. júní • 23. júní • 30. júní
Aguamarina og Vistamar

Verð frá: **41.900** kr. **
á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn, 2–11 ára í íbúð m. 1 svefnherbergi í 7 nætur á Aguamarina, 23. júní.

2. júní • **UPPSELT!**
9. júní • Örfá sæti laus. Camino Real, uppselt
16. júní • **UPPSELT!**
23. júní • Laus sæti, vinsælir gistist. að seljast upp
30. júní • Örfá sæti laus

## Portúgal

13. júní • 20. júní • 27. júní
Brisa Sol, Club Albufeira og Paraiso de Albufeira

Verð frá: **41.712** kr. **
á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn, 2–11 ára, í íbúð m. 1 svefnherbergi í 7 nætur á Brisa Sol, 27. júní.

6. júní • **UPPSELT!**
13. júní • Örfá sæti laus
20. júní • Örfá sæti laus, Ondamar uppselt
27. júní • Laus sæti, vinsælir gist. að seljast upp

## Krít

6. júní • 13. júní • 20. júní • 27. júní
Helios og Elisso

Verð frá: **47.305** kr. **
á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn, 2–11 ára, í íbúð m. 1 svefnherbergi í 7 nætur á Elisso, 27. júní.

30. maí • **UPPSELT!**
6. júní • Örfá sæti, vinsælir gistist. að seljast upp
13. júní • Örfá sæti, vinsælir gistist. að seljast upp
20. og 27. júní • Laus sæti

ÍSLENSKA AUGLÝSINGASTOFAN/SIA.IS URV 28447 05/2005

**Innifalið: Flug, gisting, flugvallarskattar og íslensk fararstjórn. Verð miðast við að bókað sé á netinu, ef bókað er á skrifstofu eða símleiðis bætist við 2.000 kr. bókunar- og þjónustugjald.

*44% Íslendinga telja að Úrval Útsýn bjóði upp á bestu utanlandsferðirnar skv. skoðanakönnun Gallup í október 2004.

VISA

Færð þú MasterCard ferðaávísun?

VR orlofsávísun
Munið ferðaávísunina

**Nánari upplýsingar um verð, gististaði og ferðatilhögun á www.urvalutsyn.is**

Lágmúla 4: 585 4000 • Akureyri: 460 0600 • Vestmannaeyjum: 481 1450

www.urvalutsyn.is

*„Þetta hafa menn talið lykilinn að því að ná árangri í verkefnum, en það sem er að gerast núna er að hér kemur inn þessi hlið sem snýr að einstaklingnum, að örva hann til dáða, búa til hóp og viðhalda góðum hópanda. Þetta kraftaverk sem gerist í góðum hópum. Við erum að reyna að beisla þetta kraftaverk.“*

# Stefnumót óræðni og agaðs skipulags

**Í meistaranámi í verkefnastjórnun leiða saman hesta sína verkfræðingar og sálgreinir. Góð reynsla er komin á samstarfið og meistaranámið rökrétt framhald af námi hjá Endurmenntun Háskóla Íslands sem hefur notið vinsælda. *Hafliði Helgason* kynnti sér hugmyndirnar að baki verkefnastjórnun.**

Ímynd verkfræðinnar er rúðustrikað blað, útreikningar og staðlaðir verkferlar. Ekki mikið svigrúm þar. Guðfræði og sálfræði hafa hins vegar á sér stimpil sveigjanleika, óræðni og endalausrar leitar. Vekur ekki tilfinningu um kalt og agað raunsæi.

Það er því gaman til þess að vita að verkfræðideild Háskóla Íslands er að ýta úr vör námi sem er framhald ánægjulegs og árangursríks samstarfs verkfræðinganna Helga Þórs Ingasonar og Tryggva Sigurbjarnarsonar annars vegar og Hauks Inga Jónassonar hins vegar. Haukur er guðfræðingur að mennt með framhaldsnám í sálgæslu og sálgreiningu. Námið er meistaranám í verkefnastjórnun, „Master of Project Management“ eða MPM, og er á vegum verkfræðideildar Háskóla Íslands

### Verkefnastjórnun vanrækt

„Við höfum verið með ársnám hjá Endurmenntun Háskólans sem heitir Verkefnastjórnun og leiðtogaþjálfun. Námið varð vinsælt og við fundum fyrir miklum áhuga nemendanna að læra meira,“ segir Helgi Þór. Það kveikti hjá þeim félögum humynd um að koma á fót námi í verkefnastjórnun sem byggt væri á sama módeli og MBA-nám en með aðrar áherslur. „MBA-nám beinist að rekstri fyrirtækja, en við einbeitum okkur að þrengra sviði, að byggja upp fólk sem einstaklinga sem geta farið inn og tekist á við afmörkuð vandamál eða verkefni. Það er önnur stjórnunarleg nálgun.“

Endurmenntunarnámið heldur áfram, en í haust bætist meistaranámið við. Tryggvi segir fyrra námið ekki gera kröfur um háskólapróf, en gerð hafi verið krafa um reynslu í atvinnulífinu. Meistaranámið gerir kröfu um BA- eða BS-próf, en ekki skiptir máli úr hvaða greinum nemendurnir koma. „Menn hafa fundið það út í vaxandi mæli að stjórnun og verkefnastjórnun hefur verið vanrækt og þetta er tilraun til þess að samlaga sig nútíma stjórnunarháttum, sem beinast mjög að því að beita verkefnastjórnum sem stjórntæki í fyrirtækjum og stofnunum.“

Haukur bætir því við að hreyfing sé í verkfræðideildinni að mæta þeirri staðreynd að verkfræðingar eru víða ráðnir í stjórnunarstöður í fyrirtækjum. „Það að ég er fenginn til þess að kenna við þetta sýnir vilja verkfræðideildarinnar til að taka áskorun og takast á við nýja hluti. Það sem er mjög sérstakt við þetta nám er að við vinnum mikið með sjálfsuppbyggingu, einstaklinginn og hvernig hann vinnur í hópum,“ segir Haukur. „Þarna mæta verkferlar og skipulag sálfræðilegum þáttum í stjórnun.“

### Ekki bara fyrir verkfræðinga

Helgi segir að verkefnastjórnun eigi rætur í tæknilegri nálgun verkfræðinnar. „Þess vegna halda margir að forsenda þess að verða verkefnisstjóri sé að vera verkfræðingur, sem er alrangt. Við Tryggvi erum verkfræðingar og við kunnum vel á þessar tæknilegu aðferðir við að hluta verkefni niður og gera áætlun, sem er mjög gott og nauðsynlegt. Þetta hafa menn talið lykilinn að því að ná árangri í verkefnum, en það sem er að gerast núna er að hér kemur inn þessi hlið sem snýr að einstaklingnum, að örva hann til dáða, búa til hóp og viðhalda góðum hópanda. Þetta kraftaverk sem gerist í góðum hópum. Við erum að reyna að beisla þetta kraftaverk.“ Helgi segir að samspil svo ólíkra þekkingarsviða þremenninganna hafi leyst úr læðingi mikinn sköpunarkraft og áhuga. „Í nútíma verkefnastjórnun nær maður ekki árangri bara með tæknilegu forsendunum. Það mannlega verður að vera með og þetta verður að spila saman.“

Tryggvi byrjaði að kenna verkefnastjórnun fyrir 20 árum. „Þá voru nemendurnir eingöngu tækni- og verkfræðingar og eingöngu karlmenn.“ Konur og fólk með annan bakgrunn er nú í meirihluta. „Augu umhverfisins hafa opnast fyrir því að verkefnastjórnun er ekki bara fyrir verkfræðinga heldur getur nýst hverjum sem er.“

### Læra mikið um sjálfa sig

Helgi segir að nemendur með tæknibakgrunn þykist oft himin hafa höndum tekið þegar þeir komast í tæri við sálfræðilega þætti námsins. „Á sama hátt sjá þeir sem koma úr listrænu umhverfi nýjar leiðir til að koma reglu á hlutina. Báðir hóparnir eru því að uppgötva ný sannindi í náminu.“

Þeir segja að meistaranám í verkefnastjórnun sé vel þekkt annars staðar, en þá miklu nálgun sem er á einstaklinginn og sálrænan styrk hans í tengslum við hópa sé hvergi að finna í sama mæli og í þessu námi. „Það er heilmikil nánd milli nemenda og kennara og mikil eftirfylgni, sem er ólíkt því þegar fólk er að taka staka kúrsa hér og þar í háskólanámi. Nemendur halda dagbækur þar sem þeir leggja sig svolítið á borðið og læra um leið mikið um sig sjálfa. Bæði um sig og verkefnið og samskipti sín við hópinn,“ segir Haukur. „Nemendur taka lærdóminn í aflfræði hópa út á eigin skinni með því að vera í hópi og nuddast utan í aðra. Þetta er lykillinn að stjórnun, lykillinn að því að þekkja sín mörk og að samningatækni.“ Haukur bætir því við að kennslan í samningatækni sé mjög góð. Nýlega hafi samninganefndir verkalýðshreyfinga verið á námskeiði hjá þeim í samningatækni. „Við erum farin að sjá aðeins árangur af því. Þetta er líka lykillinn að því að leysa úr deilum.“

Þeir segja nemendur sem hafa útskrifast úr ársnáminu hafa náð vel saman og að þeir fái gjarnan spurninguna um hvort hópurinn hafi ekki verið frábær. „Staðreyndin er sú að hópurinn varð frábær í gegnum þessa vinnu,“ segir Helgi. Haukur bætir því við að verkfræðingarnir hafi undir höndum próf sem mæli eiginleika og geti því komið í veg fyrir að tómir foringjar verði í einum hópnum og leiðitamir nákvæmnismenn í öðrum. Blanda réttra einstaklinga þurfi að vera í hverjum hópi.

### Múrar leysast upp

Meistaranámið í verkefnastjórnun er enn eitt dæmið um það hvernig hefðbundnir múrar samfélagsins leysast upp og ólík nálgun nær saman við framþróun ýmissa þátta þess. Menn eru farnir að kunna betur að nýta sér þekkingu sem verður til utan þeirra fagsviðs. „Það er einn nemandi minn að beita háþróuðum aðferðum í framleiðsluskipulagi til að skoða vinnuferli á deild sjúkrahúss,“ segir Helgi.

Haukur segir að gegnsæi sé áhersla í náminu og lýðræðisleg skipuleg umræða sé um það sem fram fer. „Við leggjum áherslu á gegnsæ, lýðræðisleg, skipuleg og öguð vinnubrögð.“ Þannig sé lögð áhersla á að fundargerðir séu haldnar og öllu sé haldið til haga. „Það þarf að sýna fólki hvernig á að nota fundi sem stjórntæki. Hvernig eigi að undirbúa þá og stýra þeim, þannig að þeir virki sem stjórntæki,“ bætir Tryggvi við og bendir á að þá komi oft í ljós að fundir sem taldir eru leiðinlegt nauðsynjaverk í stjórnun verði skemmtilegt og áhrifamikið stjórntæki.

Haukur segir að einnig sé mikilvægt að einstaklingurinn vinni með sín markmið. „Það er heilmikil tregða og maður fer stundum í mótþróa gegn markmiðunum. Við förum á dýptina í þessum fræðum, jafnvel svo að marga sundlar í byrjun, en þeir sem komast í gegnum það uppgötva eitthvað sem er mjög gagnlegt og gerir þá hæfa til að takast betur á við það sem þeir eru að gera og hvað þeir vilja.“

Helgi segir að í náminu muni nemendur undirgangast alþjóðlega vottun í verkefnastjórnun sem Verkefnstjórnunarfélag Íslands sinnir í umboði alþjóðasamtaka verkefnastjórnunarfélaga, IPMA. Auk þess að hafa styrkt burðarvirki sjálfsins eru nemendur því að loknu náminu með alþjóðlega vottun upp á vasann sem er gjaldgeng hvar sem er. ■



FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

**VERKFRÆÐIN OG SÁLIN** Helgi Þór Ingason og Tryggvi Sigurbjarnarson vita flest það sem vert er að vita um tæknilegar hliðar verkefnastjórnunar. Einstaklingurinn og samskipti hans við aðra eru sérsvið Hauks Inga Jónassonar. Saman ætla þeir að búa til úrvals verkefnastjóra.

# Settu þig í spor Erlendar

## Taktu þátt í skemmtilegum **leynilögregluleik** við Kleifarvatn



Arnaldur Indriðason

**Vinsælasti spennusagnahöfundur Íslands**

Ein mest selda skáldsaga Íslandssögunnar, **Kleifarvatn** eftir Arnald Indriðason, er nú komin út í kilju. Í tilefni þess efnir Edda útgáfa til leynilögregluleiks í dag, sunnudag frá klukkan 13. Fáðu þér bíltúr að Kleifarvatni og athugaðu hvort ekki leynist eintak af nýju kiljunni við vatnið. **Ef þú finnur bók máttu eiga hana!**




**Komin í kilju**

**Ef þú finnur bók máttu eiga hana!**

**50 eintök falin við Kleifarvatn**




HVÍTA HÚSIÐ / SÍA

VAKA-HELGAFELL

**edda.is**

**RICHARD WAGNER (1813-1883)**
fæddist á þessum degi.



*„Ég sem tónlist með upphrópunarmerki!“*

***Þjóðverjinn Richard Wagner er eitt frægasta tónskáld allra tíma og hlaut meðal annars þann vafasama heiður að vera uppáhaldstónskáld Adolfs Hitler.***

# tímamót

timamot@frettabladid.is

## ÞETTA GERÐIST

# *Morð gáfumanna vekur óhug*

Þennan dag árið 1924 komst skelfilegt morð á hinum 14 ára gamla Bobbie Franks í fréttirnar. Tveir ungir háskólanemar í Chicago voru handteknir fyrir verknaðinn, þeir Nathan Leopold og Richard Loeb. Drengirnir tveir, sem voru 17 og 18 ára þegar þeir frömdu verknaðinn, voru skarpgreindir og útskrifuðust langt á undan jafnöldrum sínum úr grunnskóla. Leopold og Loeb töluðu níu tungumál reiprennandi og þóttu undrabörn í hinum ýmsu greinum bóknáms. Þeir höfðu báðir mikinn áhuga á afbrotasálfræði og eyddu miklum tíma í að lesa sig til um glæpi og hugsunarhátt glæpamanna. Þegar upp komst um þá sögðust þeir hafa verið að reyna að fremja hinn fullkomna glæp. Þeir skildu þó eftir sig slóð sem reyndist lögreglunni auðvelt að reka. Fórnarlambið, sem var frændi Leopolds, fannst fljótlega og fundust gleraugu Leopolds rétt við líkið. Hann svaraði því til að hann hlyti að hafa misst þau í gönguferð, en það þótti afar ótrúlegt. Leopold og Loeb áttu báðir vellauðuga foreldra sem fengu þekkta lögfræðinga til þess að verja þá. Clarence Darrow, sem varði drengina, tókst að knýja fram lífstíðarfangelsisdóm í stað dauðarefsingar með ræðu sem varð söguleg. Richard Loeb lést í fangelsi árið 1936 eftir átök við annan fanga en Nathan Leopold fékk reynslulausn árið 1958 og flutti í kjölfarið til Púertó Ríkó, þar sem hann lést úr veikindum árið 1971.



**NATHAN LEOPOLD OG RICHARD LOEB**

## MERKISATBURÐIR

1921 Fyrstu hljómsveitartónleikarnir eru haldnir hér á landi. Þá kom fram tuttugu manna sveit undir stjórn Þórarins Guðmundssonar.
1933 Fyrsta bindi af ritsafni Hins íslenska fornritafélags, Egilssaga, kom út.
1966 Bill Cosby vinnur Emmy-verðlaun fyrir leik sinn í þáttunum I Spy.
1971 Fyrstu orlofshús opinberra starfsmanna eru tekin í notkun í Munaðarnesi.
1972 Richard Nixon kemur í opinbera heimsókn til Moskvu. Undirritaður er samningur á sviði geimrannsókna.
1982 Sjálfstæðisflokkurinn endurheimtir meirihluta sinn í borgarstjórn Reykjavíkur, eftir að hafa misst hann fjórum árum áður.

## AFMÆLI

**Arnar Björnsson** íþróttafréttamaður er 47 ára.





**Eva Ásrún Albertsdóttir** söngkona er 46 ára.

**Sigurður G. Valgeirsson** sjónvarpsmaður er 51 árs.



**Stella Guðný Kristjánsdóttir** leikkona er 31 árs.

## ANDLÁT

**Steinunn Margrét Norðfjörð**, Ljósvallagötu 20, Reykjavík, lést fimmtudaginn 12. maí.

**Hrönn Jónsdóttir**, Krummahólum 29, Reykjavík, lést miðvikudaginn 18. maí.

**Hjálmar Rúnar Hjálmarsson**, vélstjóri, Lóulandi 2, Garði, lést fimmtudaginn 19. maí.

## FÆDDUST ÞENNAN DAG



1859 **Arthur Conan Doyle** rithöfundur.

1907 **Laurence Olivier** leikari.





1946 **George Best** knattspyrnumaður.

1959 **Morrissey** tónlistarmaður.





1970 **Naomi Campbell** fyrirsæta.

**TÍMAMÓT:** HESTAMANNAFÉLAGIÐ GUSTUR 40 ÁRA

# Þá þekktu allir alla

Fyrir fjörutíu árum gerðist Sigríður Sörensdóttir einn af stofnfélögum í nýju hestamannafélagi í Kópavogi. Enn þann dag í dag stundar hún hestamennsku af krafti orðin áttræð að aldri. „Það hefur aldrei hvarflað að mér,“ segir Sigríður um það hvort hún gæti hugsað sér að vera í öðru hestamannafélagi en Gusti, en svo var félagið nefnt eftir gæðingi Bjarna Bjarnasonar, skólastjóra frá Laugarvatni, sem var einn hvatamanna að stofnun þess.

„Á þessum tíma var orðið svo mikið um hestafólk í Kópavogi sem hittist og reið út saman að það var tími til kominn að mynda félag,“ segir Sigríður sem var varamaður í fyrstu stjórninni.

Uppbygging á svæðinu sem félagið fékk til afnota gekk hratt fyrir sig og hélt Sigríður hesta í öðru húsinu sem var byggt í hverfinu og er þar enn þann dag í dag.



**FYRSTA STJÓRNIN** Fyrsta stjórn hins nýja félags árið 1965. Sigríður var eina konan og varamaður í stjórninni. Fremri röð: Ragnar Bjarnason, Jón Eldon, Sigurður Kjartansson og Bjarni Bjarnason. Aftari röð: Sigurgeir Eiríksson, Björn Sigurðsson og Sigríður Sörensdóttir.

Margt hefur breyst á fjórum áratugum, hestamönnum hefur fjölgað geysilega og ný og glæsileg hesthús hafa sprottið upp að undanförnu. „Áður þekktu allir alla,“ segir Sigríður og hlær þegar hún minnist gamla félagsheimilisins sem þau voru svo stolt af og rúmaði 30 manns. Nú á Gustur reiðhöll með 200 manna veitingastað á efri hæð.

Þegar Gustur var stofnaður fyrir 40 árum var hann uppi í sveit. Í dag virðist eins og bærinn sé að gleypa hesthúsahverfið. „Ég finn óskóp lítið fyrir því,“ segir Sigríður og það truflar hana ekki að hafa Smáralindina hinu megin við götuna. Þó hafi verið mun frjálslegra þegar hægt var að ríða yfir Mjóddina og skreppa í kaffi til Fákverja í Víðidalnum.

Sú breyting sem stendur upp úr í minni Sigríðar er hve sumarferðirnar hafa byggst upp. „Það þótti mjög sérstakt ef stofnað var til sumarferða á þessum tíma,“ segir Sigríður sem fer á hverjum morgni í hesthúsið til að moka og gefa. Dóttir hennar er með móður sinni í hestamennskunni og á tímabili riðu út fjórir ættliðir úr húsi Sigríðar. Það voru Sirrý sjálf, dóttir hennar og dótturdóttir ásamt langömmubarni sem nú er statt erlendis. ■



**ÁTTRÆÐ Á HESTBAKI** Sigríður Sörensdóttir er einn af stofnfélögum hestamannafélagsins Gusts í Kópavogi. Hún ríður enn út af krafti og fer í hesthúsið á hverjum degi. Hér er hún á leið í afmælisreið Gusts sem farin var í gær.



†

*Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir og afi,*

**SIGURJÓN G. SIGURJÓNSSON**

Birkigrund 71,Kópavogi,

andaðist á heimili sínu fös. 20. maí. Jarðarförin verður auglýst síðar.

**Anna Ásgeirsdóttir**
**Freyja Sigurjónsdóttir** **Þórir Sigurgeirsson**
**Ásgeir Sigurjónsson** **Silja Sverrisdóttir**
**Drífa Sigurjónsdóttir** **Ólafur Baldursson**
**og barnabörn.**



†

*Elskulegur eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, sonur, bróðir og afi,*

**Hjálmar Rúnar Hjálmarsson**

vélstjóri, Lóulandi 2, Garði,

lést á heimili sínu 19. maí. Jarðarförin auglýst síðar.

**Guðrún Eyvindsdóttir**
**Helga Hjálmarsdóttir** **Óliver Keller**
**Herborg Hjálmarsdóttir** **Sveinn Ólafur Jónasson**
**Dóra Sigrún Hjálmarsdóttir**
**Sigrún Oddsdóttir, systkini og barnabörn.**

**FYRSTA STARFIÐ:** EGILL HELGASON SJÓNVARPSMAÐUR

# *Hjólaði um með brosboli*

„Ég var sendill á hjóli fyrir mjög skemmtilegan mann sem heitir Friðrik Brekkan en hann var að prenta á boli í bílskúr í Hlíðunum,“ segir hinn silfraði Egill Helgason sjónvarpsmaður, sem telur að Friðrik þessi hafi verið frumkvöðull í bolaprentun á Íslandi.

Egill hjólaði með bolina niður í Hagkaup í Lækjargötunni þar sem þeir voru seldir en á bolina voru prentaðar myndir af broskö llum og öðrum myndum. „Síðan sendi hann mig stundum í pósthúsið á Langholtsveginum þannig að hann lét mig hafa fyrir hlutunum,“ segir Egill hlæjandi en hann hefur þó ekki lagt ástfóstri við hjólamennsku þótt honum hafi þótt vinnan skemmtileg.

Egill segist lítið hafa hugleitt launin, hann hafi bara verið ánægður með að hafa eitthvað að gera, en þetta var árið 1973 þegar hann var 13 ára. „Mig minnir að mamma hafi sett auglýsingu í Vísi og hann hafi svarað,“ segir Egill sem fór aldrei í unglingavinnu. Strax sumarið eftir vann hann á flökunarvél í Fiskiðjunni í Vestmannaeyjum. Þetta var aðeins ári eftir gos og þykir Agli skemmtilegt að rifja það upp. Þetta sumar starfaði hann með ekki minni manni en Bubba Morthens þó að



þeir hafi átt lítil samskipti enda Egill töluvert yngri.

Egill segir að það hafi verið frjálslegt og skemmtilegt að hjóla um borgina sumarið 1973. Þá hafi bærinn verið fullur af litlum börnum sem voru að sendast með hinar ýmsu vörur og enginn með hjálm. Egill líkir þessum fjölda hjólasendla við litla maura og hlær þegar hann minnist þess að hann var einn af þeim. ■

LOKUM HRINGNUM

SLYSAVARNAFÉLAGIÐ LANDSBJÖRG

BJÖRGUNARBÁTAÁTAK 2005

# Lokaðu hringnum með okkur




Nú er hafið þjóðarátak í björgunarmálum á vegum Slysavarnafélagsins Landsbjargar. Markmiðið er að safna fé til kaupa á þremur fullkomnum björgunarbátum sem geta verið til taks ef út af bregður – hvernig sem viðrar.

Nú þegar eru ellefu slíkir bátar í viðbragsstöðu víðsvegar um land og hafa þeir sannað gildi sitt með björgun margra mannslífa. Enn vantar þrjá slíka báta upp á að allir njóti sama öryggis burtséð frá því hvar þeir eru staddir við strendur landsins.

Á næstu dögum kemur gíróseðill inn á heimili þitt en með greiðslu á honum leggur þú þitt af mörkum. Einnig er hægt að hringja í söfnunarsímann okkar **905 5900** og færast þá sjálfkrafa 2.000 krónur af símareikningi.

**Hjálpaðu okkur að kaupa bátana þrjá og loka hringnum!**



**Lokum hringnum - treystum björgunarnetið umhverfis landið.**

Þeir staðir sem björgunarnet Slysavarnafélagsins Landsbjargar byggir á eru: Grindavík, Sandgerði, Hafnarfjörður, Reykjavík, Rif á Snæfellsnesi, Patreksfjörður, Ísafjörður, Skagaströnd, Siglufjörður, Raufarhöfn, Vopnafjörður, Neskaupstaður, Höfn í Hornafirði og Vestmannaeyjar.

SLYSAVARNAFÉLAGIÐ LANDSBJÖRG

aukaflug
Alicante

Höfum vegna gífurlegrar eftirspurnar, bætt við sætum til Alicante í júní.

Flugáætlun í júní

| | |
|---|---|
| 1. júní | UPPSELT |
| 2. júní | NÝTT-laus sæti |
| 8. júní | UPPSELT |
| 15. júní | UPPSELT |
| 16. júní | NÝTT-laus sæti |
| 22. júní | UPPSELT |
| 29. júní | UPPSELT |
| 30. júní | NÝTT-laus sæti |

Bókaðu strax
á meðan sæti eru laus

plús
FERÐIR
www.plusferdir.is
Hlíðasmára 15 • Sími 535 2100

# *Fagra Ísland*

Hvaða staður á Íslandi er fallegastur? Sitt sýnist hverjum og margir staðir kallaðir til. Í nýlegri skoðanakönnun Fréttablaðsins um fegursta stað lýðveldisins stóð þó einn staður upp úr: Þjóðardjásnið Þingvellir. ***Þórdís Lilja Gunnarsdóttir*** tók niðurstöðurnar saman og heyrði í **Sigurði Oddssyni**, þjóðgarðsverði á Þingvöllum, og **Ragnari Hólm**, kynningarfulltrúa Akureyrarbæjar sem vermdi þriðja sætið í hjörtum landans.



Niðurstaðan kemur ekki á óvart en er ákaflega ánægjuleg," segir Sigurður Oddsson, þjóðgarðsvörður og framkvæmdastjóri Þjóðgarðsins á Þingvöllum, þegar honum eru færðar niðurstöður skoðanakönnunar Fréttablaðsins þar sem 800 Íslendingar af báðum kynjum voru spurðir álits um fallegasta stað landsins. Könnunin var framkvæmd 8. maí síðastliðinn og var svarhlutfall 86,62 prósent. Niðurstaðan kom varla á óvart. Þingvellir þóttu fegurstir í hjörtum flestra.

„Sjálfum finnst mér Þingvellir feiknarlega fallegir og magnaðir," heldur Sigurður áfram. „Náttúra Þingvalla er stórbrotin og einstök á heimsvísu, og ekki síst saga þingsins. Þingvellir eru á heimsminjaskrá Sameinuðu þjóðanna vegna þess að þeir eru taldir einstakir í veröldinni hvað þetta tvennt snertir."

### Söguleg rómantík

Sigurður segir Þingvelli hjartfólgna íslensku þjóðinni þar sem allir stærri viðburðir Íslandssögunnar tengist þeim töfrastað.

„Allir vegir liggja til Þingvalla þeirra erinda, en Ísland er í raun allt magnað og sjálfum finnst mér Skaftafell og Þórsmörk undurfagrar náttúruperlur. Hins vegar eru Þingvellir sérstakir því þar má sjá landrekskenninguna með augljósum hætti, sem hvergi á jörðinni má sjá jafn greinilega."

Alls fara 600 þúsund manns árlega um Þingvelli. Þar af stoppar um helmingur í þjóðgarðinum til útivistar og ánægjustunda. Sigurður segir umferð vaxandi, en könnun hefur leitt í ljós að 68 prósent útlendinga heimsækja Þingvelli í Íslandsheimsóknum sínum.

„Fræðslumiðstöðin er opin allar helgar árið um kring og opnar alla daga 1. apríl. Þá strax verðum við vör við mikla traffík sem helst langt fram á haust. Skipulögð dagskrá er um helgar og á fimmtudögum yfir sumarið, fimmtudagsgöngur í fylgd aðkomumanns á sviði lista eða fræðimennsku, og svo gönguferðir inn að eyðibýlum og upp á Arnarfell á laugardögum og þinghelgigöngur á sunnudögum eftir messu. Messað er alla sunnudaga og sívinsælt að gifta sig á Þingvöllum, af bæði Íslendingum og útlendingum, í kirkjunni sem og í Guðs grænni náttúrunni."

Þrátt fyrir vaxandi áhuga almennings á Þingvöllum stendur ekki til að rukka aðgangseyri, segir Sigurður og minnir á dagskrá sumarsins á Þingvöllum sem kemur út um næstu mánaðamót og mun liggja í útibúum Landsbankans og á netinu.

### Náttúruperlan Akureyri

Alls voru 154 staðir nefndir til sögunnar þegar þjóðin var beðin um að nefna sinn fegursta stað. Kom berlega í ljós að hverjum finnst sinn fugl fagur, þótt hann sé bæði lítill og magur. Þannig fékk litli, ljóti andarungi Reykjavíkurborgar, Fellahverfið í Breiðholti, tilnefningar innan um virðulegustu náttúruperlur lýðveldisins.

Í öðru sæti var Þórsmörk og því þriðja höfuðstaður hins bjarta norðurs: Akureyri. Ragnar Hólm, sem starfar við kynningarmál fyrir Akureyrarbæ, segir fagurt álit landsmanna á Akureyri ekki koma á óvart því bærinn hljóti að teljast með fegurstu stöðum landsins.

„En mikið óskaplega er gaman að vita til þessa. Það má líka segja að bærinn Akureyri sé náttúruperla í sjálfu sér, því óvíða er jafn mikill gróður í íslensku bæjarfélagi. Í blóma sumarsins er bærinn eins og skógi vaxinn. Hingað koma hundruð þúsunda ferðamanna á ári hverju og eitthvað eru þeir nú að sækja hingað. Fjallasýnin er stórfengleg, bærinn afgirtur af Vaðlaheiði, Hlíðarfjalli og Kaldbaki, en ég held að Íslendingum finnist fegurðin felast í bæjarstæðinu sjálfu, brekkunum, gróðrinum, gömlu og virðulegu húsunum, fallegum miðbænum og sögunni. Allt þetta spilar saman á aðlaðandi hátt," segir Ragnar og bætir við að ómuna veðursæld sé fyrir norðan.

„Ferðamannastraumurinn eykst jafnt og þétt og farið er að lengjast í ferðamannatímabilinu. Við sjáum ferðamenn fyrr á vorin og höfum þá lengur á haustin. Akureyri er vitaskuld að hluta til ferðamannabær og því erum við hamingjusamir með niðurstöðuna."



## Fleiri fagrir staðir

**sem Íslendingum eru hjartfólgnir**

Akranes
Askja
Bíldudalur
Bolungarvík
Dettifoss
Dynjandi
Esjan
Eyjafjöllin
Fellahverfið í Breiðholti
Flateyri
Fljótshlíðin
Gullfoss
Grímsnesið
Hafnarfjörður
Hreppir Rangárvallasýslu
Hvalfjörður
Ísafjörður
Jökulsárlón
Kaldársel
Kárahnjúkar
Kópavogur
Langisandur
Melrakkaslétta
Patreksfjörður
Reynisdrangar
Seltjarnarnes
Skagaströnd
Svalbarðseyri
Vatnajökull
Öræfasveit



**MÝVATN** Vermir fimmta sætið sem fegursti staður Íslands og er fagurt árið um kring.



**AKUREYRI** Veðursæld, saga, fjallasýn, menning og gróska dregur gesti í Eyjafjörð.



**VESTMANNAEYJAR** Í níunda sæti eru Vestmannaeyjar, ævintýralega fagrar.



**ÁSBYRGI** Hófafar Sleipnis er einstakt.



**SNÆFELLSJÖKULL** Dulmögnuð fegurðin undir Jökli lætur engan ósnortinn.



**ÞINGVELLIR**
Hjörtu Íslendinga slá hraðar þegar þeir ganga um Þingvelli. Sagan drýpur af hverju strái og jarðfræðirannsóknir hafa leitt í ljós að Þingvellir eru náttúruundur á heimsvísu, þar sem jarðsagan og vistkerfi Þingvallavatns mynda einstaka heild. Þingvallasvæðið er hluti flekaskila Atlantshafshryggjarins sem liggja um Ísland, þar sem sjá má gliðnun jarðskorpunnar í gjám og sprungum.



**ÞÓRSMÖRK**
Þórsmörk varð í öðru sæti í kjörinu um fegursta stað Íslands, umlukin fögrum fjöllum, jöklum og jökulám. Andstæður í náttúrunni eru miklar og ekki fært nema rútum og fjallabílum yfir torfæra Krossána. Sagt er að erfitt sé að komast inn í Þórsmörk, en fyrirhöfnin er sannarlega þess virði, enda fágæt náttúruparadís.

## FEGURSTU STAÐIRNIR

| | |
|---|---|
| Þingvellir | 13,3% |
| Þórsmörk | 6,5% |
| Akureyri | 6,3% |
| Ásbyrgi | 5,9% |
| Mývatnssveit | 5,3% |
| Skaftafell | 4,3% |
| Fljótsdalshérað | 3,9% |
| Snæfellsnes | 3,1% |
| Vestmannaeyjar | 2,7% |
| Reykjavík (101 og Fellahverfið) | 2,5% |
| Eyjafjörður | 2,2% |
| Hornstrandir | 2,0% |
| Borgarfjörður | 1,7% |
| Jökulsárlón | 1,7% |
| Skagafjörður | 1,3% |
| Hafnarfjörður | 1,3% |
| Vestfirðir | 1,2% |
| Landmannalaugar | 1,0% |
| Gullfoss | 0,9% |
| Lónsöræfi | 0,9% |

*Fréttablaðið gerði könnun meðal Íslendinga um fegursta stað landsins þann 8. maí síðastliðinn. Úrtakið var til jafns karlar og konur af öllu landinu, alls 800 manns. Svarhlutfall var 86,62 prósent.*




Ísland
Danmörk
Bretland
Bandaríkin
Finnland
Holland
Noregur
Pólland
Rússland
Svíþjóð

**Þessi útgáfa Samtalsbókarinnar er miðuð við að Íslendingur geti gert sig skiljanlegan á fimmtán tungumálum. Boðið er upp á algengustu orðasambönd og setningar sem ferðamaður þarf á að halda varðandi gistingu, veitingastaði, verslun og þjónustu.**

Auðvelt er að finna þá setningu eða orðasamband sem við á hverju sinni. Einnig eru skýrar leiðbeiningar um framburð viðkomandi tungumáls.

Þú veltir Samtalsbókinni til að komast í hinn hluta hennar.

Samtalsbókin er fáanleg hjá bóksölum í Reykjavík og um allt land. Hún fæst einnig hjá Íslenskum markaði í Flugstöðinni á Keflavíkurflugvelli.

Ísland
Frakkland
Grikkland
Ítalía
Portúgal
Serbó-Króatía
Spánn
Þýskaland

# Stefnir á stórsókn á miðjunni

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir hefur verið valin til þess hlutverks að leiða Samfylkinguna til sigurs í næstu þingkosningum. Hún er sögð stefna á stórsókn á miðjunni og ætla sér að verða næsti forsætisráðherra þjóðarinnar.



FRÉTTABLAÐIÐ/HARI

**NÚVERANDI OG FYRRVERANDI FORMAÐUR SAMFYLKINGARINNAR, INGIBJÖRG SÓLRÚN GÍSLADÓTTIR OG ÖSSUR SKARPHÉÐINSSON** Það má ef til vill halda því fram að það besta sem komið hafi fyrir Samfylkinguna sé það að Össur og Ingibjörg tókust á um formannssætið. Fyrir tilstuðlan tveggja öflugra stuðningsmannahópa bættust sjö þúsund nýir félagar í Samfylkinguna en eftir á að koma í ljós hversu margir þeirra verða áfram í flokknum og eins hverjir munu starfa í þágu hans.



**BAKSVIÐS**
FORMANNSKJÖRIÐ Í SAMFYLKINGUNNI

**SIGRÍÐUR D. AUÐUNSDÓTTIR**
BLAÐAMAÐUR

Yfirburðasigur Ingibjargar Sólrúnar Gísladóttur í formannskjöri Samfylkingarinnar markar þáttaskil í sögu flokksins. Tveir af hverjum þremur hinna tólf þúsund samfylkingarmanna sem greiddu atkvæði í kjörinu veittu henni umboð til þess að leiða flokkinn inn í næstu þingkosningar og sveitarstjórnarkosningar og töldu hana þar með vænlegasta til þess að leiða flokkinn til sigurs.

Fæstum þeim sem voru á landsfundinum komu úrslitin á óvart. Stuðningsmenn Ingibjargar sögðust margir hverjir hafa reiknað með því að hlutföllin yrðu 35 prósent á móti 65 prósentum, Ingibjörgu Sólrúnu í vil, sem var nokkuð nærri endanlegri niðurstöðu, sem var 33 prósent á móti 66 prósentum. Enginn þeirra hafi undir það síðasta efast um að hún bæri sigur úr býtum og að munurinn yrði aldrei minni en 40 prósent á móti 60 prósentum.

Stuðningsmenn Össurar segjast hafa verið búnir að búa sig undir ósigur. Hins vegar hafi munurinn verið nokkur vonbrigði, en jafnframt skýr skilaboð um vilja flokksmanna.

### Metþátttaka í formannskosningu

Nýir tímar eru fram undan hjá Samfylkingunni og í íslensku stjórnmálalandslagi. Aldrei fyrr hafa jafnmargir tekið þátt í kjöri formanns í einum stjórnmálaflokki og að formannsslagnum loknum hefur Samfylkingunni tekist að koma sér upp öflugri kosningamaskínu á borð við þá sem Sjálfstæðisflokkurinn getur státað af en Samfylkinguna hefur hingað til skort.

Það má ef til vill halda því fram að það besta sem komið hafi fyrir Samfylkinguna sé það að Össur og Ingibjörg tókust á um formannssætið. Fyrir tilstuðlan tveggja öflugra stuðningsmannahópa bættust sjö þúsund nýir félagar í Samfylkinguna en eftir á að koma í ljós hversu margir þeirra verða áfram í flokknum og eins hverjir munu starfa í þágu hans. Þó er það enn mikilvægara fyrir flokkinn að nú hefur verið komið upp þýðingarmiklu stuðningsmannaneti Samfylkingarinnar um allt land. Í næstu kosningum þarf því einungis að byggja á þeirri vinnu sem farið hefur fram undanfarna mánuði og tryggja að þeir sem störfuðu í þágu annars hvors frambjóðandans í formannskjörinu sýni sama áhuga á að starfa í þágu Samfylkingarinnar.

Grundvöllurinn fyrir því að það takist er sá að fylkingarnar tvær sem tókust á í formannskjörinu nái að slíðra sverðin og vinna saman í þágu flokksins og málstaðarins.

### Þótti sýna drengskap og reisn

Fulltrúar á landsfundi eru almennt á þeirri skoðun að það hafi þegar gerst – og ekki síst fyrir tilstuðlans Össurar Skarphéðinssonar, sem þótti sýna einstakan drengskap, reisn og sáttfýsi þegar tilkynnt var um úrslitin.

Jafnvel var um það talað á landsfundinum að Össur hefði strax í setningarræðu sinni á föstudagskvöldið hafið að búa stuðningsmenn sína opinberlega undir ósigur og að hann hafi ekki síst verið að beina orðum sínum til þeirra þegar hann talaði um mikilvægi þess að sýna samstöðu, eindrægni og samheldni. Samstaðan væri það afl sem ekkert gæti staðist.

Í sigurræðu sinni í gær tók Ingibjörg Sólrún undir orð Össurar frá deginum áður um það hve mikilvægt væri fyrir Samfylkinguna alla að fylkingarnar tvær störfuðu saman sem órofa heild. Á milli línanna í ræðu hennar mátti lesa skilaboð til stuðningsmanna Össurar um að á kröftum þeirra væri þörf og að þeir ættu sér áfram framtíð innan flokksins.

Í ræðu sinni sem Össur hélt í gær eftir að úrslitin voru tilkynnt ítrekaði hann þessi skilaboð. Hann sagði það hlutverk Samfylkingarinnar að hjálpa Ingibjörgu Sólrúnu að breyta Íslandi og hét því jafnframt að halda áfram starfi sínu í stjórnmálum.

Það á þó eftir að koma í ljós hvort gróa muni um heilt fylkinganna á milli eða hvort gjáin sem myndast hafi sé of djúp til að hana megi brúa auðveldlega.

### Vinstra megin við miðju

Samfylkingarfólk segir að Ingibjörg Sólrún stefni að því að leiða flokkinn örugglega inn að miðju íslenska stjórnmálalandslagsins, þótt flokkurinn muni áfram haldast vinstra megin. Þar sé örugglega sóknin í þeirri breiðfylkingu sem Samfylkingin sé nú orðin með næstflesta flokksbundna félaga í stjórnmálaflokki á Ísland, rúmlega tuttugu þúsund.

Þá hafi Ingibjörg Sólrún sýnt það í starfi sínu í Framtíðarhópi Samfylkingarinnar að hún sé fær um að stuðla að skýrri og þroskaðri stefnumótun, sem nauðsynleg sé til þess að leggja grunn að velgengni Samfylkingarinnar í næstu þingkosningum. Ingibjörg Sólrún hefur sjálf gagnrýnt flokkinn fyrir hversu illa hann hafi verið búinn undir síðustu þingkosningar. Þegar hún kynnti skýrslu Framtíðarhópsins á landsfundinum á föstudaginn sagði hún að stefnuvinnu í flokknum hefði ekki verið gefinn nægur gaumur og því hefði Samfylkingin ekki verið nægilega skýr kostur fyrir kjósendur. Flokkinn hefði því skort ákveðinn trúverðugleika.

### Skýra og skarpa stefnuskrá

Næsta verkefni Samfylkingarinnar verður því að skerpa og skýra stefnu flokksins í öllum helstu lykilmálum hans en jafnframt að reyna að marka flokknum sérstöðu á miðjunni. Stefnt er að því að mynda samstöðu um að forðast öfgar til hægri og vinstri og innleiða nýja hugsun í íslenska pólitík þar sem einkaframtakinu og hinu opinbera verði í auknum mæli gert að starfa saman í þágu almennings. Markmið Samfylkingarinnar í heilbrigðismálum er angi af þeirri stefnu. Í niðurstöðum starfshóps Samfylkingarinnar í heilbrigðismálum er lagt til að auka vægi einkareksturs, útboða og þjónustusamninga í heilbrigðisþjónustu og bent á kosti sjálfseignarstofnana í heilbrigðisþjónustu.

### Klók að lesa í stöðuna

Meðal þeirra kosta sem Ingibjörg Sólrún er talin búa yfir og gera hana að öflugum leiðtoga eru þeir að hún þykir búa yfir góðu innsæi og vera mjög hæf í að lesa í hvaða stöðu sem upp komi og draga af henni ályktanir. Sem dæmi um það hefur verið nefnt að hart var sótt að henni í aðdraganda síðasta landsfundar, 2003, þar sem hún var hvött til að bjóða sig fram til formanns þá. Hún hafi sjálf talið það heillavænna að bíða í tvö ár. Bæði hafi það verið vegna þess að þá væri að hefjast nýtt sóknarfæri fyrir Samfylkinguna er nær dregi næstu kosningum, fyrst til sveitarstjórna og síðan til Alþingis, og jafnframt hafi Ingibjörg talið að Össur hefði ekki starfað nægilega lengi sem formaður og að hann þyrfti að fá tækifæri til að spreyta sig í önnur tvö ár í formannsembætti.

### Óttast kvennavöld

Í átökunum í formannsslagnum hefur Ingibjörg Sólrún meðal annars verið gagnrýnd fyrir að safna í kringum sig hirð kvenna og varað hefur verið við hættunni á því að ef Ingibjörg Sólrún verði formaður Samfylkingarinnar muni flokkurinn breytast í nýjan Kvennalista.

Ingibjörg Sólrún er sögð vera meðvituð um það að hún verði að gæta þess að hennar nánustu samstarfsmenn verði af báðum kynjum, stjórnmál á Íslandi séu hreinlega ekki lengra á veg komin í jafnréttisátt en það. Kyn einstaklinga skipti máli þegar konur eigi í hlut, en ekki karlar. Minnst var á það að enginn hefði bent á þá staðreynd að í innsta hring Össurar hefðu um langa hríð einungis verið karlmenn.

### Kynjahlutföll í forgrunni

Kynjahlutföll höfðu veruleg áhrif á kosningu í önnur embætti flokksins. Rætt var um það að útilokað hefði verið að Jóhanna Sigurðardóttir gæti náð kjöri til varaformanns flokksins í ljósi þess að bæði formaður flokksins og formaður þingflokksins væru konur. Samfylkinginn væri, ekki fremur en aðrir flokkar, einfaldlega ekki komin svo langt á veg til jafnréttis að þrjár konur gætu raðast í þrjú æðstu embætti flokksins. Hins vegar þætti aldrei neitt tiltökumál að þrír karlmenn gegndu sambærilegum embættum.

Stuðningsmenn Gunnars Svavarssonar, sem kjörinn var nýr formaður framkvæmdastjórnar, lögðu mikla áherslu á það að kona næði kjöri sem ritari flokksins. Öðruvísi ætti Gunnar ekki möguleika því hann bauð sig fram gegn konu, Sigrúnu Grendal.

Helstu baráttumenn flokksins fyrir jafnrétti kynjanna höfðu það á orði að staðan væri nú sú að ekki veldust endilega hæfustu einstaklingarnir í hvert embætti heldur væri kyn þeirra sá þáttur sem hvað mestu réði. Þetta væri hins vegar vonandi aðeins tímabundin staða og undanfari allsherjarjafnréttis þegar kyn einstaklinga skipti ekki lengur máli, heldur hæfi þeirra. ■



**INGIBJÖRG SÓLRÚN FÉKK TVÖ AF HVERJUM ÞREMUR GREIDDUM ATKVÆÐUM** Meðal þeirra kosta sem Ingibjörg Sólrún er talin búa yfir og gera hana að öflugum leiðtoga eru að hún þykir búa yfir góðu innsæi og vera mjög hæf í að lesa í hvaða stöðu sem upp komi og draga af henni ályktanir.

**Ertu á aldrinum 12-16 ára?***

Dagana 13.-25. júní býðst þér að setjast á skólabekk í Háskóla Íslands og taka þátt í umræðum, tilraunum, vettvangsferðum og heilabrotum um flest milli himins og jarðar.

Hvað vekur áhuga þinn? Viltu vita meira? Skráning í Háskóla unga fólksins er hafin. Líttu inn á www.ung.is og skoðaðu þig um.

*Háskóli unga fólksins er opinn unglingum fæddum á árunum 1989 - 1993.

HÁSKÓLIUNGAFÓLKSINS



Útsala
BT Hafnarfirði
Opnum kl. 11 á morgun mánudag
aðeins 10 STK
TOSHIBA
PSL10E-00D009ED
TOSHIBA SATELLITE L10E
• Intel® Celeron® M 1.4 GHz
• Front Side Bus 400 MHz, 512K
• 256MB DDR minni
• 40GB S.M.A.R.T. drif
• 15" TFT XGA (1024 x 768)
• Intel extreme graphics 2 skjástýring
• DVD drif og CD skrifari (Combo)
65.999
95.999
30.000 kr. afsláttur
Yfir 2000 vörur á stórlækkuðu verði, hvaða kjánar stjórna þessu?
aðeins 30 STK
PS2
7.999
13.999
aðeins 40 STK
XBOX
7.999
15.999
aðeins 30 STK
hp
L1836A
HP PHOTOSMART R607 MYNDAVÉL
9.999
29.999
BT Hafnarfjörður opnar í verslunarmiðstöðinni Fjörðurinn 4. júní.
Við kveðjum gamla staðinn með útsölu
aðeins 15 STK
50% afsláttur
44.999
89.999
PHOTON
USA38SF
38" SJÓNVARP
aðeins 40 STK
MEDION
MD80324
HI8 VIDEÓVÉL
6.000 kr. afsláttur
8.999
14.999
aðeins 25 STK
DENVER
Denver Samstæða
MP-3 MMP-351
50% afsláttur
4.999
9.999
MEDION
MD95304
MEDION MPOD 20GB
10.000 kr. afsláttur
aðeins 20 STK
19.999
29.999
699
2.999
aðeins 25 STK
MEDION
MD41889
19" FLATSKJÁR
50% afsláttur
19.999
39.999
aðeins 30 STK
EPSON
C11C573003
EPSON STYLUS C66
7.000 kr. afsláttur
7.999
12.999
MEDION
5547IS
MEDION V6 AMD64 CLAWHAMMER SE2
• AMD Athlon64 3000+
• nVidia GeForce FX5500 8xAGP 128 MB
• 256 MB DDR-RAM PC3200 (400MHz)
• 160 GB 7200 rpm (8B)
• DVD skrifari
• Medion Media Bay
50% afsláttur
aðeins 10 STK
47.999
99.999
20% afsláttur af öllum PC leikjum
BT
20% afsláttur af öllum DVD myndum
Tilboðin gilda aðeins í BT Hafnarfirði

# Lykla-Pétur tekur á móti mér

**Séra Baldur Vilhelmsson** í Vatnsfirði er þjóðsagnapersóna í lifanda lífi. ***Jón Sigurður Eyjólfsson*** tók hús á honum og spurði hann út í stjórnmálaskoðanir hans og sögurnar af honum sem fyrir löngu eru orðnar að þjóðsögum.



**SÉRA BALDUR VILHELMSSON** Fyrrum prófastur í Vatnsfirði stendur stoltur inni í stofu sinni, enda er veggurinn í baksýn fullur af þakklætisvottum frá fyrrum sóknarbörnum Baldurs sem greinilega þótti vænt um prestinn sinn. Þannig hefur málum þó ekki alltaf verið háttað því mörgum varð um og ó þegar umtalaður kommúnisti fluttist í Djúpið, sem var nær fullsetið af íhaldsmönnum.

Margir hafa heyrt sögur af séra Baldri sem bera vitni um orðheppinn mann en jafnframt nokkuð kynlegan kvist. Færri þekkja sögupersónuna sjálfa.

Árið 1956 var hann vígður til prests og sama ár tók hann við brauðinu í Vatnsfirði í Ísafjarðardjúpi, þar sem hann er enn búsettur. Þar var hann af mörgum litinn hornauga í fyrstu enda umtalaður kommúnisti en flestir voru íhaldsmenn í Djúpinu. Fljótlega varð hann þó dáður af flestum og þegar hann lét af störfum bæði sem kennari í Reykjanesi og svo sem prestur í Vatnsfirði sáu flestir að enginn gæti fyllt skarð þessa einstaka manns.

Hann viðurkennir að honum þyki gaman að koma fólki í opna skjöldu en er gáttaður á því að menn hafi endalaust gaman af þessum sögum.

„Menn éta einhverjar sögur upp hver eftir öðrum,“ segir hann. Sumt af þessu er nú bara skrýtlur en það er fótur fyrir sumum sögunum og þá kannski hönd fyrir hinum. En ef því fylgir einhver voðaleg virðing að vera þjóðsagnapersóna þá hef ég örugglega ekki unnið fyrir henni.“

### Sagan af svíninu

Margir hafa heyrt söguna af svíninu og því lék blaðamanni forvitni á að vita hvort hún væri sönn. „Já, hún er það góði,“ segir séra Baldur. „En þar sem ég hef ekki sagt þessa sögu nema nokkur hundruð sinnum fer nú bara vel á því að ég segi þér hana núna. Þannig var að ég var að keyra í Ísafirðinum, ekki kaupstaðnum heldur firðinum; þeir höfðu nú ekki fyrir því þessir dönsku kaupmannsdjöflar að skíra kaupstaðinn eftir firðinum sem hann er í en það er nú önnur saga. Nú, nú, það var glaðasólskin og afskaplega heitt þarna í fjarðarbotninum og ég keyri afar hægt þar sem ég komst ekki fram úr bíl sem var fyrir framan mig. Svo finn ég þessa hræðilegu nálykt svo ég stoppa og sé rotnandi svín sem liggur þarna í vegarkantinum. Ég hringi náttúrlega á lögregluna og segi henni að fjarlægja þetta því lyktin sé svo hræðileg og það ætli alveg að drepa mann og svo eru margir ferðamenn sem eiga þarna leið um. Lögreglumaðurinn þekkti greinilega röddina því hann segir sposkur að prestinum ætti nú að vera hæg heimatökin að jarðsetja bara svínið. Ég segi honum að það sé ekkert mál en hins vegar hafi prestarnir það fyrir venju að láta aðstandendur vita fyrst. Og þannig var nú það, góði.“

### Veldur fjaðrafoki á meðal presta

Til er sú saga að séra Baldur hafi ollið verulegu fjaðrafoki á prestastefnu sem haldin var þegar hneykslismál Ólafs Skúlasonar, þáverandi biskups, var í algleymingi. Átti hann þá að hafa kveðið sér hljóðs og sagt að nú færi aldeilis vel á því að prestarnir syngju saman lagið Ólafur reið með björgum fram. Séra Baldur harðneitar þessu. „Láttu ekki nokkurn mann heyra þetta,“ segir hann. En hann gengst þó við því að hafa leyst upp eina prestasamkomu með tilsvari sem hneykslaði marga.

„Við vorum á einhverjum fundi eða prestastefnu, ég man það bara ekki, og það var þarna einhver maður frá hljóðvarpinu að spyrja okkur hvaða embættisverk okkur þætti nú skemmtilegust. Svona bara eins og krakka á leikskóla. Og hann spyr þann fyrsta og honum þótti skemmtilegast að ferma. Svo spyr hann þann næsta og honum þótti skemmtilegast að skíra og svona hélt þessi vitleysa áfram. Ég held ég hafi verið sá fimmti í röðinni og þetta var komið út í tómt rugl svo þegar hann spyr mig: „Já, en þú séra Baldur minn, hvað finnst þér skemmtilegast?“ Þá svaraði ég því bara til að mér þætti langskemmtilegast að jarða framsóknarmenn. Og þar með var fundurinn leystur upp. Seinna var hringt í mig og mér þakkað fyrir að binda enda á þessa endemis vitleysu.“

Séra Baldur var þekktur fyrir kjarngóðar en stuttar ræður og hefur það gefið tilefni til einnar sögunar enn. Sagt er að hann hafi drifið messuna af í einum hvelli en farið svo bak við kirkju þar sem sóknarbörnin komu að honum reykjandi. Þegar þau spurðu hann hvað þetta ætti að þýða á Baldur að hafa sagt: „Já, maður verður að þjóna djöflinum líka.“

„Þetta er nú bara skrýtla,“ segir séra Baldur um þessa sögu.



**FEÐGARNIR GUÐBRANDUR OG SÉRA BALDUR** Séra Baldur segir Guðbrand son sinn vera stoð sína og styttu. Þeir vinna að ýmsum málum í Vatnsfirði og ætla jafnvel að láta til sín taka í ferðamannamálum á svæðinu. Þeir voru að huga að gamalli skektu þegar blaðamann bar að garði.

### Steingrímur J. Sigfússon bestur

Séra Baldur gerðist ungur kommúnisti og sér enga ástæðu til að breyta því þó það þyki ekki fín latína í dag. „Ég spila aldrei eftir því sem hentar best heldur aðeins eftir sannfæringu minn hverju sinni. Enda þarf ég ekkert að óttast, ég er viss um það að þegar ég verð laus við þetta hold, sem er mér sífellt til trafala, taki Lykla-Pétur nokkuð sæll á móti mér. Hann er heldur ekkert að grúska í því hvað menn kjósa enda er hann ekki í framboði.

**„Enda þarf ég ekkert að óttast, ég er viss um það að þegar ég verð laus við þetta hold, sem er mér sífellt til trafala, taki Lykla-Pétur nokkuð sæll á móti mér. Hann er heldur ekkert að grúska í því hvað menn kjósa enda er hann ekki í framboði.**

Þú verður líka að átta þig á því að mín kynslóð mótast af því að hingað kemur erlendur her í því yfirskyni að hann sé að vernda okkur. En ég skal nú segja þér það, góði minn, að ég vann sem næturvörður á hóteli í henni Reykjavík í nokkur sumur og þá sá ég nú þessa verndara og þeir voru ekki gæfulegri. Nei, þeir voru það ekki!“ Að svo mæltu horfir hann brúnaþungur á blaðamann.

Þótt Baldur hafi ákveðnar skoðanir í pólitíkinni á hann vini úr öllum flokkum. Hann hefur þó haft það orð á sér að koma sérstaklega vel fram við þá sem minna mega sín. En hann kann líka að klingja við kónga, til dæmis tók hann vel á móti Guðna Ágústssyni og Kristni H. Gunnarssyni þegar þá bar að garði í Vatnsfirði fyrir nokkrum árum.

Annars er séra Baldur lítt hrifinn af pólitíkinni í dag.

„Það er helst frændi minn hann Steingrímur J. Sigfússon sem stendur sig eins og hann á kyn til. Annars líst mér afskaplega illa á þetta allt saman. Það er eins og enginn geti gert neitt nema að það fari fyrir nefnd og svo í skoðun og þá er haldinn leynifundur og svona heldur þessi vitleysa áfram. Hugsaðu þér ef sjómenn hefðu haft þetta verklag; þeir hefðu þá aldrei komið með nokkurn fisk að landi.“

### Gleðilegt ef ég hef verið einhverjum til gagns og gamans

Á veggjum inni í stofu hanga þakklætisvottar frá fyrrum sóknarbörnum Baldurs, sem greinilega báru hlýjan hug til prestsins. Þessi ljúfi vitnisburður um starfsævi hans yljar Baldri nú þegar haustar að í lífi hans. En það er annað sem hann er ekki jafn sáttur við.

„Hér er byggðin orðin frekar eyðileg, satt best að segja. Hér var öðruvísi umhorfs þegar ég kom hingað nýsleginn guðfræðingur. En ég er nú ágætur til heilsunnar ennþá. Það er helst að sjónin sé að svíkja mig en það skiptir engu máli, þá þarf ég ekki að horfa upp á þessa vitfirringa.

Nú, og ef ég hef orðið einhverjum til gagns og gamans þá er það afskaplega gleðilegt í sjálfu sér. Ég er nú bara þannig að ég tek sjálfan mér ekki of hátíðlega en ég hef tekið eftir því að sumir halda að þeir séu afskaplega merkilegir og öðrum meiri. Það reynist iðulega vera hinn mesti misskilningur.“ ■

**SÉRA BALDUR VILHELMSSON**

**Nafn:** Baldur Vilhelmsson.

**Fæddur:** 22. júlí 1929 á Hofsósi.

**Fjölskylda:** Kvæntist Ólafíu Salvarsdóttur árið 1957. Þau eiga saman dæturnar Hallfríði og Ragnheiði og synina Þorvald, Stefán og Guðbrand.

**Menntun:** Guðfræðingur.

**Starf:** Var prestur í Vatnsfirði og kennari í Reykjanesskóla í Ísafjarðardjúpi en er nú kominn á eftirlaun.

**Áhugamál:** Hlustar á Íslendingasögur og Ódysseifskviður af spólum. Hefur mikinn áhuga á fornleifafræði.



**SLAKAÐ Á Í HÚSBÓNDASTÓLNUM** „Maður verður víst að þjóna djöflinum líka,“ á séra Baldur að hafa sagt þegar sóknarbörnin komu að honum reykjandi bak við kirkju. Hann segir þetta vera skrýtlu en ekki sanna sögu.


Tveir fyrir einn til
Prag
9. júní frá kr. 19.990
Síðustu sætin

kr. 19.990 í viku

Flugsæti með sköttum til Prag, 2 fyrir 1 tilboð, út 9. júní, heim 16. júní. Netverð á mann.

Gisting frá kr. 3.400

Netverð á mann í tvíbýli á Hotel Quality, pr. nótt með morgunmat. Völ um góð 3ja og 4 stjörnu hótel.

Heimsferðir bjóða ótrúlegt tilboð á síðustu sætunum til Prag þann 9. júní. Þú bókar 2 flugsæti en greiðir aðeins fyrir 1. Nú getur þú kynnst þessari fegurstu borg Evrópu á einstökum kjörum. Þú getur valið um úrval góðra hótel í hjarta Prag og að sjálfsögðu nýtur þú traustrar þjónustu fararstjóra okkar í Prag allan tímann.

Heimsferðir

Skógarhlíð 18 • sími 595 1000 • Akureyri sími 461 1099 • www.heimsferdir.is




Sony Center Kringlunni

www.sonycenter.is

DV

Tökum höndum saman

*Landssöfnun DV til styrktar ekkju Vu Van Phong sem stunginn var til bana í Hlíðarhjalla*



Thanh Viet Mac, Kristín dóttir hennar og ófætt barn þurfa á okkar hjálp að halda.

Reikningsnúmerið er **301-26-350** og kennitala **Rauða kross-ins,** sem er vörsluaðili söfnunarinnar, er **530269-1839** kjósi fólk að nota heimabanka.

Nú geta **allir** sem einn fært nýja von inn í líf ekkjunnar sem situr ein eftir með dóttur sína og ófætt barn. Sýnum að við séum manneskjur.


# Saga af... rónum

Það var fundur þar sem Jakob Jakobsson, fyrrverandi forstjóri Hafrannsóknastofnunarinnar, deildi við hóp skipstjóra á loðnuveiðiskipum. Skipstjórarnir voru ekki á eitt sáttir með mat Jakobs og hans fræðimanna um hversu mikið mætti veiða af loðnu á komandi vertíð. Skipstjórarnir færðu rök fyrir að meira ætti að taka af stofninum, en Jakob vildi fara varlega. Hann færði ýmis rök fyrir skoðunum sínum og þar vóg þyngst talning sem áhafnir rannsóknarskipa og vísindamenn höfðust annast.

Skipstjórarnir gáfu sig ekki og leyndu ekki skoðunum sínum um að þeir efuðust um talningu Jakobs og félaga hans. Vildu meira að segja efast um að unnt væri að styðjast við talninguna þar sem veiðar á heilli vertíð lágu undir. Bentu á þjóðarhag, eigin afkomu og útgerðanna. Jakob varðist og sagði niðurstöðuna vera þá einu sem á væri byggjandi og þess vegna ekkert annað að gera en styðjast við þau gögn sem fyrir lægju.

Teljið aftur, sagði einn skipstjórinn. Teljið aftur.

Telja aftur, sagði Jakob og virtist ekki sérlega hrifinn af tillögu skipsjórans veiðiglaða. Telja aftur. Hvaða tilgangi þjónar það. Telja aftur, hneykslunin leyndi sér ekki. Til að gera betur grein fyrir hversu vitlaus tillagan væri nefndi forstjóri Hafrannsóknastofnunarinnar dæmisögu sem var eitthvað á þessa leið.

Eitt sinn kostaði brennivínsflaska 200 krónur. Nokkrir rónar voru búnir að slá smápeninga hér og þar. Þeir hittust undir húsgafli og tóku að telja peningana. 198 krónur. 198 krónur og ekki eyri meir. Þeim var öllum lokið, enn vantaði tvær krónur. Ráðalausir horfðu þeir hver á annan og hver og einn kepptist við að finna ráð. Þorstinn var þá lifandi að drepa. Loks kom tillaga. Teljum aftur.



**NÝJAR ÍSLENSKAR ÞJÓÐSÖGUR**
*með Sigurjóni*

SIGURJÓN M. EGILSSON sigurjon@frettabladid.is

# VERÐLAUNAKROSSGÁTAN

## NR. 8

| | | | | | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 22 | 15 | 20 | 31 | | 15 | 9 | 29 | 19 | 3 | 31 | 7 | 27 | |
| 28 | | 10 | | 13 | | 25 | | 15 | | 7 | | 31 | | 27 |
| 7 | 10 | 8 | 7 | 3 | | 8 | 14 | 25 | 2 | 19 | 3 | 9 | 10 | 10 |
| 10 | | 19 | | 7 | 10 | 27 | | 19 | | 27 | | 10 | | 13 |
| 8 | 14 | 3 | 9 | | | 29 | 14 | 3 | 7 | | 27 | 10 | 5 | 3 |
| 25 | | 29 | | 24 | 30 | 18 | 25 | | 11 | | 13 | | | |
| 14 | 25 | 7 | 27 | 7 | | | 1 | | 7 | 2 | 3 | 7 | 10 | 7 |
| 29 | | 2 | | 2 | 26 | 2 | 2 | 7 | 23 | 9 | | 19 | | 2 |
| 7 | 10 | 7 | 10 | 7 | 27 | | 26 | | | 27 | 32 | 23 | 19 | 3 |
| | | | 4 | | 29 | | 10 | 14 | 17 | 7 | | 27 | | 7 |
| 6 | 3 | 1 F | 7 | | 7 | 10 | 7 | 3 | | | 29 | 18 | 10 | 10 |
| 12 | | 13 Æ | | 21 | | 16 | | 14 | 29 | 7 | | 29 | | 15 |
| 19 | 10 | 8 D | 9 | 3 | 29 | 15 | 2 | 29 | | 25 | 18 | 29 | 19 | 27 |
| 25 | | 8 D | | 15 | | 25 | | 29 | | 25 | | 19 | | 9 |
| | 15 | 9 I | 23 | 1 | 15 | 27 | 29 | 7 | | 29 | 18 | 3 | 7 | |

A Á B Ð D E É F G H I Í J K L M N O Ó P R S T U Ú V X Y Ý Þ Æ Ö

Í sunnudagskrossgátu Fréttablaðsins eru gefnir 5 bókstafir sem á að færa inn í númeraða reiti. Í dag er F til dæmis í reit merktum 1 og fer þá F í alla aðra reiti með því númeri. Æ er í reit númer 13 og fer í alla aðra reiti gátunnar númer 13 o.s.frv. Til þess að leysa gátuna þarf að finna út hvaða bókstafir eiga að standa í auðu reitunum (bókstafirnir c, z, q og w eru ekki notaðir). Þegar því verkefni er lokið er hægt að finna lausnarorð gátunnar, sem er í þetta sinn konunafn sett saman úr stöfum reita númer 3-7-2-15-25 (í þessari röð).*

**Lausnarorð**

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| 3 | 7 | 2 | 15 | 25 |

Lausnarorðið er hægt að senda inn með SMS-skeyti í númerið 1900. Dæmi um það hvernig SMS gæti litið út ef lausnarorðið væri Jón: þá sendir þú SMS sem segir: **JA LAUSN JON** í númerið 1900.

*Ráðning gátunnar birtist í blaðinu eftir tvær vikur.

**Dregið verður næstkomandi fimmtudag kl. 12.**

SMS-skeytið kostar 99 krónur.

**Lausn nr. 6**

| | | | | | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | H | Æ | L | A | | F | O | R | V | I | T | N | I | |
| G | | V | | P | | Á | | E | | Ð | | Ý | | Ú |
| R | E | I | K | A | | V | E | I | Ð | I | B | R | Á | Ð |
| E | | N | | R | Ó | I | | S | | N | | Í | | A |
| F | Á | T | T | | | T | Á | T | A | | S | K | Y | R |
| T | | Ý | | B | E | I | N | | N | | Ö | | | |
| R | O | R | R | A | | | Æ | | D | Ú | K | K | A | N |
| U | | I | | K | Ö | G | G | L | A | R | | Ó | | A |
| N | I | Ð | J | A | R | | J | | | A | S | N | A | R |
| | | | Ó | | Ð | | A | L | I | N | | G | | R |
| Þ | É | R | A | | U | **N** | N | A | | | A | U | G | A |
| O | | I | | U | | **Á** | | K | Í | F | | R | | Ð |
| K | O | S | T | N | A | **Ð** | U | R | | L | E | I | T | I |
| A | | T | | U | | **U** | | A | | E | | N | | R |
| | M | A | N | N | Ý | **G** | U | R | | Y | X | N | A | |



**Leystu krossgátuna!**
Þú gætir unnið Star Wars Trilogy, sem inniheldur Episode 4 – 6, A New Hope, The Empire Strikes Back og Return of the Jedi.

**Vinningshafar krossgátunnar í síðustu viku voru:**
Sigurlaug Gunnarsdóttir og Valgeir Backman



# SMS-GÁTAN:

Hvað veist þú um Hildi Völu?

Merktu við rétt svör. Stafirnir fyrir framan hvert rétt svar mynda lausnarorð sem þú sendir í þjónustunúmerið **1900**.

**Dæmi:** Lausnarorðið er páfinn. Þú sendir skeytið **JA MYND** PAFINN í þjónustunúmerið 1900.

**Leystu gátuna!** Þú gætir unnið nýja geisladiskinn frá Hildi Völu Idolstjörnu!

**Hvað heitir nýjasta plata Hildar Völu?**
n) Ást a) Idol m)Hildur Vala

**Eftir hverja er lagið Líf sem Hildur Vala syngur?**
ó) Vigni Snæ og Þorvald Bjarna ú) Jón Ólafsson og Stefán Hilmarsson t) Megas og Súkkat

**Hvar heldur Hildur Vala útgáfutónleika sína 5. júní?**
l) Gauki á Stöng r) Grandrokk s) Salnum í Kópavogi

**Hver vann Idol-keppnina á undan Hildi Völu?**
i) Davíð Smári í) Kalli Bjarni u) Jón Sigurðsson

**Hver lenti í öðru sæti í Idol á eftir Hildi Völu?**
k) Heiða m) Sigga n) Stína

**Vinningshafar í SMS-leik síðustu viku voru:**
Kristján Kjartansson, Anna Kristín Sævarsdóttir og Gísli Kristján Heimisson

SMS skeytið kostar 99 krónur.

# allt - atvinna

ER ÞÍN ATVINNUAUGLÝSING HÉR?
MEST LESNA ATVINNUBLAÐ LANDSINS

| Sólarupprás | Hádegi | Sólarlag |
|---|---|---|---|
| REYKJAVÍK | 3.50 | 13.24 | 23.01 |
| AKUREYRI | 3.11 | 13.09 | 23.10 |

Heimild: Almanak Háskólans

FRÉTTABLAÐIÐ

*Góðan dag!*

**Í dag er sunnudagur 22. maí, 142. dagur ársins 2005.**

## STÖRF Í BOÐI

Sérfr. á lyfjaefnadeild
Ráðgjafar
Rafvirkjar
Meiraprófsbílstjórar
Píparar
Leikskólakennarar
Hjúkrunarfræðingur
Yfirmann í eldhús
Afgreiðslustörf
Grunnskólakennara
Undirvertaka
Vörubílstjóri
Múrarar
Sérfr. við hráefnam.
Viðskiptafræðingar
Sölumenn
Hjúkrunarforstjóri
Förðunarfræðingur
Rafeindarvirki
Vélamaður
Bókari
Forritarar
Starfsmannastjóri
Verkefnastjóri
Sérfr. í geymsluþolsd.
Þjónustustjóri
Kerfisrekstraraðili
Bílstjórar
Fjölmiðla- og almannat.
Kynningarfólk

**Smáauglýsingar**

*byrja í dag á bls. 20*

**Flokkar**

Bílar & farartæki
Keypt & selt
Þjónusta
Heilsa
Skólar & námskeið
Heimilið
Tómstundir & ferðir
Húsnæði
Atvinna
Tilkynningar



FRÉTTABLAÐIÐ/HARI

Helena Sif sér um að halda gróðrinum í miðborginni blómlegum í sumar.

# Hafði verulega gaman af unglingavinnunni

***Garðyrkjufræðingar eru þörf stétt, ekki síst á þessum árstíma, og þeirri stétt tilheyrir Helena Sif Þorgeirsdóttir. Hún fæddist með græna fingur og við fundum hana við störf í Hallargarðinum.***

Helena Sif er úr Borgarnesi og kveðst hafa haft gaman af garðyrkju frá því hún man eftir sér. „Mér finnst ég alltaf hafa verið eitthvað að róta í mold," segir hún. „Bæði vorum við með garð heima og svo er ég kannski ein af fáum sem höfðu verulega gaman af unglingavinnunni. Ég var þá að hirða Skallagrímsgarð í Borgarnesi og þykir voða vænt um hann."

Nú er Helena Sif að vinna hjá borginni, er þar flokksstjóri og sér um miðborgina, eða Kvosina eins og hún kýs að kalla hana.

Í hennar deild er ungt fólk úr Vinnumiðlun ungs fólks í Hinu húsinu. Það er svona að tínast út á túndruna og Helena Sif kveðst þegar komin með fjóra liðsmenn. En hvað er helst verið að bjástra? „Við erum að búa skrúðgarðana hér í miðbænum undir sumarið. Stinga upp beðin fyrir sumarblómin á Austurvelli og víðar. Það er ekki þorandi að setja þau niður strax í svona kuldatíð en við erum að planta trjám og runnum. Það þarf allt endurnýjunar við. Sumt er orðið svo gamalt að nauðsynlegt er að bæta inn í svo eitt taki við af öðru. Svo erum við náttúrlega að pjakka og reyta illgresi og allt þetta sem þarf að gera," svarar hún. Ekki neitar hún því að mikið sé af rusli og glerbrotum í runnunum. „Líka mikið af því sem við viljum ekki sjá eins og sprautunálar og slíkt. Því miður. Þannig var það ekki þannig í Skallagrímsgarði."

*gun@frettabladid.is*

## LIGGUR Í LOFTINU
*í atvinnu*

**Verðlagseftirlit ASÍ** hefur frá áramótum gert þrjár verðkannanir í matvöruverslunum á höfuðborgarsvæðinu en verðstríðið milli lágvöruverslana hefur nú staðið í á þriðja mánuð og enn er barist af hörku. Fyrsta könnun ársins var gerð í byrjun febrúar, önnur um miðjan mars og síðast var verð kannað þann 11. maí síðastliðinn. Þegar bornar eru saman niðurstöður frá fyrstu könnuninni í febrúar og þeirri nýjustu nú í maí má sjá að vöruverð hefur lækkað umtalsvert í verslunum Bónuss og Krónunnar og einnig í Fjarðarkaupum í Hafnarfirði. Kjarabótin sem felst í þessari lækkun fyrir heimilin í landinu er því óumdeilanleg. Þetta kemur fram á heimasíðu ASÍ.







**Sjóðfélagar í BHM** hafa nú tækifæri til að láta skoðanir sínar í ljós vegna þess að nú stendur yfir könnun á viðhorfum sjóðfélaga í Styrktarsjóði BHM og Sjúkrasjóði BHM til starfsemi sjóðanna og Bandalags háskólamanna. Glæsilegir ferðavinningar eru í boði og eru sjóðfélagar hvattir til þátttöku til þess að láta viðhorf sín vísa veginn í þjónustu sjóðanna. Þar sem bréf til hluta af sjóðfélögum fóruÝseint út verður könnunin framlengd fram yfir mánudaginn 23. maí.

*atvinna@frettabladid.is*

HANDLAGINN

FRAMTÍÐARSTÖRF Í BOÐI HJÁ TRAUSTU ÞJÓNUSTUFYRIRTÆKI

OKKUR VANTAR TIL STARFA NÚ ÞEGAR:

PÍPARA | MÚRARA | RAFVIRKJA | MÁLARA

STUNDVÍSI, FAGMENSKA OG JÁKVÆÐNI Í MANNLEGUM SAMSKIPTUM SKILYRÐI

GÓÐ LAUN, ÞÆGILEGUR VINNUTÍMI, (43 STUNDA VINNUVIKA) OG GÓÐUR STARFSANDI

Í DAG STARFAR UM 30 MANNA SAMHELDINN HÓPUR IÐNAÐARMANNA HJÁ HANDLAGINN. VIÐ LEGGJUM MIKIN METNAÐ Í AÐ SINNA BÆÐI LITLUM SEM STÓRUM VERKUM Í VIÐHALDI FASTEIGNA OG NÝSMÍÐI.



UPPLÝSINGAR Í SÍMA 511 - 1707 (Á SKRIFSTOFUTÍMA) EÐA SENDIÐ TÖLVUPÓST Á HANDLAGINN@HANDLAGINN.IS

HANDLAGINN

**Kjarasamningar**
Vert er að kynna sér kjarasamninga hjá því stéttarfélagi sem maður tilheyrir og vera með réttindi sín á hreinu. Samningana er oft hægt að finna á vefsíðum stéttarfélaganna eða hægt að fá eintak á skrifstofu þeirra.



*Hvernig verður maður*

## Bakarameistari?

Bakaraiðn er löggilt iðngrein. Bakarar starfa einkum í bakaríum, á hótelum, í kexverksmiðjum og við sælgætisgerð. Algengt er að bakarar starfi sjálfstætt en til þess að geta rekið eigið fyrirtæki, svo sem bakarí, þarf maður að vera bakarameistari. Brauð, kökur og kex er það helsta sem bakari býr til.

**NÁMIÐ**
Hægt er að læra til bakara í Menntaskólanum í Kópavogi / Hótel- og matvælaskólanum. Námið er samningsbundið og tekur fjögur ár. Þar af eru þrjár annir í skóla og 30 mánuðir í starfsþjálfun undir leiðsögn meistara. Námið er alls 60 einingar og lýkur með sveinsprófi. Sá sem stenst sveinsprófið ber eftir það starfsheitið bakarameistari.

**HELSTU NÁMSGREINAR**
Meðal námsgreina sem kenndar eru í náminu eru fagfræði bakaraiðnar, bakstur, hráefnisfræði, næringarfræði og iðnreikningur bakara. Auk þess eru kenndar almennar bóklegar greinar, svo sem íslenska, enska, danska, stærðfræði, tölvufræði og efnafræði. Verkleg þjálfun og tilsögn er í höndum bakarameistara. Umsækjendur þurfa að hafa lokið grunnskólaprófi til að hefja nám í bakaraiðn.

**FRAMHALDSMENNTUN**
Hafi nemandi lokið sveinsprófi í bakaraiðn og unnið sem bakari í eitt ár getur hann hafið meistaranám sem veitir meistararéttindi – en það eru réttindi til að reka eigið fyrirtæki. Auk þess eru möguleikar á námi í tækniskóla, námi á tæknibraut til stúdentsprófs og svo námi erlendis. Hægt er að kynna sér námið enn frekar á mk.is.

**STARFIÐ**
Flestir bakarar sem stunda sjálfstæðan rekstur hafa vinnutíma sem felur í sér að þeir hefja vinnudaginn um klukkan 4 að morgni og vinna síðan fram eftir degi. Bakarar hjá stórfyrirtækjum vinna hins vegar oftast vaktavinnu – þá til skiptis á degi og nóttu.



Guðjón Jóhannsson bakarameistari í Korninu sýnir réttu handbrögðin.




Ásgeir Sandholt bakarameistari hefur unnið til fjölda verðlauna heima og erlendis fyrir kökugerð.

FRÉTTABLAÐIÐ/GUN



Feðginin Eygló og Gunnlaugur, ásamt tíkunum Týru og Perlu.

# Vorið er skemmtilegasti tíminn í sveitinni

***Nú er sauðburður í hámarki í sveitum landsins og vakað allan sólarhringinn yfir velferð fjárins.***

Feðginin í Áshildarholti í Skagafirði, Gunnlaugur Vilhjálmsson og 17 ára dóttir hans, Eygló, eru sammála um að vorið sé skemmtilegasti tími ársins. „Það er svo gaman í sauðburðinum,“ segja þau. „Sumarið er reyndar frábært líka,“ bætir Gunnlaugur við. Hann er nýbúinn að fara með heyrúllu niður á tún til hrossanna og Eygló er að snúast í kringum féð ásamt tíkunum Týru og Perlu. Aðspurð kveðst Eygló kunna vel við sig í búskapnum.

Í Áshildarholti er búið með 250 ær og tæp 60 hross. Tekjur af búinu duga samt ekki fyrir því sem þarf að borga. „Þetta gengi ekki nema af því að konan starfar á sjúkrahúsinu og ég fer í togaralandanir á Króknum þegar ég get,“ segir Gunnlaugur. ■

FRÉTTABLAÐIÐ/TEITUR



Útgjöld fólks hækka þegar það er í orlofi og því er greidd orlofsuppbót með launum við upphaf sumars.

# Útgjöld heimilanna aukast í sumarleyfinu

***Í næsta mánuði munu flestir frá greidda orlofsuppbót með launum sínum, en upphæðin er mishá eftir því hvað menn hafa starfað lengi og hvaða stéttarfélagi þeir tilheyra.***

Í samningum stéttarfélaganna er kveðið á um að atvinnurekendur greiði starfsfólki sínu orlofsuppbót, og yfirleitt er hún greidd út í júnímánuði þó að ekki sé kveðið á um að greiða eigi hana í þeim mánuði. „Atvinnurekendur eiga að greiða starfsmanni orlofsuppbót áður en hann fer í sumarfrí en aldrei seinna en 15. ágúst,“ segir Elías Guðmundur Magnússon, forstöðumaður kjarasviðs hjá VR.

„Hjá VR eru tveir kjarasamningar, annars vegar við Samtök atvinnulífsins og hins vegar við Félag íslenskra stórkaupmanna. Í samningum við SA er orlofsuppbótin greidd út í júní en hjá FÍS er orlofsuppbótin greidd ásamt desemberuppbótinni. Maður sem er í fullu starfi og vann allt síðasta orlofsár á rétt á fullri orlofsuppbót sem er 16.500 kr. fyrir árið 2005 hjá VR,“ segir Elías. Orlofsárið er frá 1. maí til 30. apríl en uppbótin er greidd hlutfallslega ef starfsmaður hefur ekki unnið allan þann tíma.

„Starfsmaður þarf að hafa unnið mánaðamótin apríl-maí til að fá orlofsuppbót, en hafi starfsmaður hætt starfi fyrir þann tíma fær hann greitt hlutfallslega miðað við vinnu síðasta árs,“ segir Elías. Hafi starfsmaður hætt störfum á árinu þarf hann að hafa unnið 12 vikur af orlofsárinu til að öðlast réttindi til uppbótar, sem hann á að fá greidda út við starfslok.

Orlofsuppbótin kom fyrst inn í kjarasamninga við lok áttunda áratugarins og hefur fest sig í sessi síðan. „Menn eru einfaldlega að reyna að hækka launin með þessu, þar sem útgjöld heimilanna eru meiri þegar menn fara í sumarfrí og svo aftur í desember,“ segir Elías.

*kristineva@frettabladid.is*

# Árulestur í atvinnuviðtali

***Vinnuveitendur í Bretlandi leita óhefðbundinnar aðstoðar við mannaráðningar.***

Allir vita að það er ekkert mál að ljúga í ferilskrá en mun erfiðara að hrekja slíkar lygar. Af þessum sökum hafa vinnuveitendur í Bretlandi í æ ríkari mæli leitað sér óhefðbundinnar aðstoðar við mannaráðningar. Um nokkra hríð hefur það tíðkast að atvinnusálfræðingur sitji atvinnuviðtöl og leggi mat á umsækjandann eða að stjörnukort viðkomandi sé lesið gaumgæfilega áður en ákvörðun er tekin um ráðninguna. Nýjasta nýtt er að fá miðil eða einhvern með sterka skyggnigáfu til að sitja úti í horni og skoða áru umsækjandans á meðan á viðtalinu stendur.



Eflaust þætti mörgum vinnuveitendum fengur í því að fá Þórhall miðil til að hjálpa til við ráðningar.



Erfitt væri að láta þennan föngulega miðil framhjá sér fara í atvinnuviðtalinu.

Miðlarnir segjast sjá umsvifalaust hvort viðkomandi sé óheiðarlegur en líka hvað búi að baki fáti því og fumi sem hæfur einstaklingur getur lent í þegar hann vill koma vel fyrir. Miðlarnir segjast geta sagt til um stundvísi, stjórnunarhæfileika, frumleika, fíkn og aðlögunarhæfni með því að einbeita sér að árulestrinum á meðan vinnuveitandinn hlustar á það sem viðkomandi hefur að segja. Ferilskráin mun því brátt heyra sögunni til – aðalmálið er að áran sé í lagi. ■



Milli fjörutíu og fimmtíu prósent þeirra sem eru í þrælkunarvinnu eru undir átján ára aldri.

## Um tólf milljónir misnotaðar í vinnu

ALÞJÓÐAVINNUMÁLASTOFNUNIN BIRTIR SVARTA SKÝRSLU UM ÞRÆLKUNARVINNU.

Alþjóðavinnumálastofnunin áætlar að í það minnsta 12,3 milljónir manna, kvenna og barna séu föst í þrælkunarvinnu um allan heim. Í nýrri skýrslu sem ber yfirskriftina „Alheimsátak gegn þrælkun“ eru rök leidd að því að af þessum fjölda séu að minnsta kosti 2,4 milljónir seldar mansali. Í skýrslunni eru kynntar niðurstöður viðamestu könnunar sem alþjóðleg stofnun hefur gert á staðreyndum og mögulegum orsökum fyrir þrælkunarvinnu í samtímanum. Þar er líka í fyrsta sinn lagt mat á mögulegan gróða af þrælasölu og nemur hann 32 milljörðum Bandaríkjadala árlega. Þrælkunarvinna á sér stað um allan heim, í snauðum löndum og ríkum. Níu og hálf milljón manna er neydd til erfiðisvinnu í Asíu, en reiknað er með að í iðnríkjunum telji fjöldinn um 360 þúsund manns. Þrælarnir vinna ýmis störf, svo sem við landbúnað, í byggingarvinnu og ýmissi verksmiðjuvinnu, og í þessum störfum er hlutfallið milli karla og kvenna nokkuð jafnt. Flestir kynlífsþrælar eru hins vegar stúlkur og konur. Börn yngri en átján ára eru á milli fjörutíu og fimmtíu prósent þræla í heiminum.



# Tækifæri hjá Actavis

## Starf sérfræðings á lyfjaefnadeild á þróunarsviði

Val á viðeigandi lyfjaefnum (API) er lykilatriði fyrir velgengni samheitalyfja, allt frá þróun til framleiðslu og sölu. Starfið krefst umtalsverðra samskipta við lyfjaefnaframleiðendur, útvegun og utanumhald á gögnum auk innsýnar í efnafræðilega og skráningarlega þætti.

### Helstu verkefni:

- Útvegun og mat á lyfjaefnum út frá gögnum og sýnum frá hráefnabirgjum
- Ákvarðanataka um val á birgja og gerð lyfjaefnis
- Tæknileg samskipti við hráefnabirgja og utanumhald á viðeigandi upplýsingum
- Leggja mat á skráningarskjöl (s.s. DMF og tæknipakka) frá hráefnabirgjum
- Umsjón með því að sýni af lyfjaefnum séu mæld/metin á viðeigandi hátt og mat á þeim niðurstöðum
- Aðstoða skráningardeild við að svara athugasemdabréfum tengdum lyfjaefnum

### Þekkingar- og hæfniskröfur:

- Háskólapróf í efnafræði, lyfjafræði eða hliðstæð menntun
- Þekking og reynsla af lyfjaskráningum og leiðbeiningum yfirvalda (e. guidelines) er kostur
- Þekking og reynsla af efnafræði, efnagreiningum, gildingum, geymsluþoli eða öðrum sviðum lyfjaefna og lyfjaframleiðslu er kostur
- Góð ensku- og tölvukunnátta

## Starf sérfræðings í klínískum rannsóknum á þróunarsviði

Starfsmenn í klínískum rannsóknum hafa umsjón með framkvæmd frásogsrannsókna og klínískra rannsókna fyrir Actavis Group. Rannsóknir eru framkvæmdar bæði fyrir Evrópu- og Bandaríkjamarkað. Deildin er í samstarfi við erlend rannsóknarfyrirtæki í Kanada, Suður-Afríku og Tékklandi. Starfið krefst umtalsverðra samskipta við erlenda verkefnastjóra rannsóknarfyrirtækja, sérfræðinga, starfsmenn fyrirtækisins og skráningaryfirvalda.

### Helstu verkefni:

- Samantekt á upplýsingum um eiginleika lyfja
- Eftirlit með hönnun rannsóknaráætlana og rannsóknarskýrslna
- Umsjón með utanumhaldi á rannsóknargögnum
- Eftirfylgni með gildandi lögum, reglum og reglugerðum um klínískar rannsóknir bæði í Evrópu og Bandaríkjunum
- Heimildaleit, pöntun og lestur tímaritsgreina
- Samvinna við erlend fyrirtæki

### Þekkingar- og hæfniskröfur:

- Háskólapróf í lyfjafræði eða hliðstæð menntun
- Þekking á GCP er kostur sem og reynsla af klínískum rannsóknum
- Góð ensku- og tölvukunnátta

*Starfsfólk Actavis er mikilvægasta auðlind fyrirtækisins. Því er markmið Actavis að ráða, halda í og efla hæft og traust starfsfólk sem valið er til starfa vegna hæfileika sinna sem grundvallast af reynslu, menntun og persónueinkennum.*

## Starf sérfræðings geymsluþolsdeildar á þróunarsviði

Geymsluþolsdeild sér um mælingar og utanumhald á geymsluþolssýnum á rannsóknarstofum Actavis Group. Starfið krefst nákvæmra og agaðra vinnubragða.

### Helstu verkefni:

- Mælingar á geymsluþolssýnum (aðallega HPLC mælingar)
- Yfirferð á niðurstöðum mælinga
- Umsjón með tækjum á rannsóknarstofu
- Umsjón/yfirferð geymsluþolsáætlana
- Þátttaka í uppbyggingu deildarinnar ásamt ýmsum öðrum verkefnum

### Þekkingar- og hæfniskröfur:

- Háskólapróf í lyfjafræði eða hliðstæð menntun
- Reynsla af rannsóknarstörfum og HPLC er kostur
- Góð ensku- og tölvukunnátta

## Starf sérfræðings við hráefnamælingar á mælideild gæðasviðs

Mælideild sér um gæðaeftirlitsmælingar á hráefnum og framleiðsluvörum fyrirtækisins. Starfið krefst nákvæmra og agaðra vinnubragða.

### Helstu verkefni:

- Hráefnamælingar s.s. títranir, TLC, sannkennslispróf, HPLC mælingar, ljósmælingar og önnur próf
- Úrvinnsla gagna og skýrslugerð
- Uppbygging gæðakerfis á rannsóknarstofu
- Umsjón og eftirlit með ýmsum tækjum

### Þekkingar- og hæfniskröfur:

- Háskólapróf í efnafræði, lífefnafræði, lyfjafræði eða hliðstæð menntun
- Reynsla af rannsóknarstörfum er kostur
- Góð ensku- og tölvukunnátta

*Actavis leitast við að ráða starfsfólk sem:*
*er metnaðarfullt*
*hefur þjónustulund*
*er sveigjanlegt*
*vinnur vel í hópi*
*sýnir frumkvæði*
*hefur hagkvæmni að leiðarljósi*

*Umsóknir óskast fylltar út á www.actavis.is undir; **Störf í boði** fyrir 29. maí nk.*
*Nánari upplýsingar veitir Guðrún Lind Halldórsdóttir, ghalldorsdottir@actavis.is*

actavis
hagur í heilsu

**Actavis hf.** | Reykjavíkurvegi 76-78 220 Hafnarfirði | s 550 3300 f 550 3301 | @ actavis@actavis.is | w www.actavis.is www.actavis.com

---



Leikskólar Reykjavíkur

# Yfirmenn í eldhúsi

**Stöður yfirmanna í eldhúsum Leikskóla Reykjavíkur eru lausar til umsóknar.**

Leikskólar Reykjavíkur starfrækja 78 leikskóla þar sem starfa um 1800 einstaklingar.

**Menntunar- og hæfniskröfur:**

- Nám á sviði matreiðslu
- Reynsla af vinnu við matreiðslu æskileg
- Þekking og reynsla af verkstjórn æskileg
- Þekking á rekstri eldhúsa æskileg
- Færni í mannlegum samskiptum
- Skipulagshæfni, nákvæmni, frumkvæði og áreiðanleiki í starfi

**Karlar eru hvattir til að sækja um jafnt sem konur.**

**Nánari upplýsingar veitir Borgar Ævar Axelsson starfsráðgjafi, borgar.axelsson@reykjavik.is, í síma 563 5800. Einnig er hægt að skoða lausar stöður á heimasíðu okkar www.leikskolar.is**

**Njóttu þín!**
**Hjá Leikskólum Reykjavíkur er lögð áhersla á að starfsfólk njóti sín í starfi, geti nýtt þá menntun og hæfni sem það býr yfir og aukið þekkingu sína. Líður í því er meðal annars öflug símenntun og handleiðsla.**

---



# Viðskiptafræðingur

Óskum eftir að ráða reyndan viðskiptafræðing af endurskoðendasviði. Þarf að geta hafið störf sem fyrst.

***Upplýsingar veitir starfsmannastjóri, María Þorgrímsdóttir, maria@kv.is.***

***Umsóknum skal skilað á aðalskrifstofu Keflavíkurverktaka, eða á heimasíðu www.kv.is, fyrir 29.05.2005. Farið verður með umsóknir sem trúnaðarmál.***

Frum

**KEFLAVÍKURVERKTAKAR hf.**
Hlíðasmára 15 • 201 Kópavogur • Sími: 420 6400 • www.kv.is

*Keflavíkurverktakar eru eitt af stærri verktakafyrirtækjum landsins með verkefni víða um land.*
*Starfsmenn fyrirtækisins eru á þriðja hundrað.*
*Aðalskrifstofa fyrirtækisins er staðsett í Kópavogi.*



Leikskólar Reykjavíkur

# Spennandi störf
## hjá Leikskólum Reykjavíkur

**Laus eru til umsóknar störf leikskólakennara/leiðbeinenda.**

Leikskólar Reykjavíkur starfrækja 78 leikskóla og þar starfa um 1800 einstaklingar með leikskólakennaramenntun eða aðra háskólamenntun og/eða reynslu.

**Menntunar- og hæfniskröfur:**
- Leikskólakennaramenntun
- Reynsla af uppeldis- og eða kennslustörfum með börnum
- Færni í mannlegum samskiptum
- Skipulagshæfni, nákvæmni, áreiðanleiki og frumkvæði í starfi

Fáist ekki leikskólakennarar til starfa eru ráðnir starfsmenn með aðra uppeldismenntun og/eða reynslu.

**Karlar eru hvattir til að sækja um jafnt sem konur.**

**Nánari upplýsingar veitir Borgar Ævar Axelsson starfsráðgjafi, borgar.axelsson@reykjavik.is, í síma 563 5800. Einnig er hægt að skoða lausar stöður á heimasíðu okkar www.leikskolar.is**

**Njóttu þín!**

**Hjá Leikskólum Reykjavíkur er lögð áhersla á að starfsfólk njóti sín í starfi, geti nýtt þá menntun og hæfni sem það býr yfir og aukið þekkingu sína. Liður í því er meðal annars öflug símenntun og handleiðsla.**

# VERK- EÐA TÆKNIFRÆÐINGUR

Við leitum að öflugum verk- eða tæknifræðing með áhuga á hljóðráðgjöf. Menntun eða reynsla á þessu sviði er æskileg.

Umsóknarfrestur er til 29.05.05

Við erum framsækin verkfræðistofa sem leggur metnað í vönduð vinnubrögð og léttan og skemmtilegan starfsanda. Hjá fyrirtækinu starfa um 100 manns, saman eða sitt í hvoru lagi á mörgum vígstöðvum eftir því sem hentar hverju sinni. Hér er mjög öflugt félags- og menningarstarf og margskonar íþróttahópar. Svo erum við ISO9001 vottuð.

Umsækjendum er bent á að sækja um gegnum heimasíðu okkar: www.lh.is(valhnappur: störf í boði/almenn umsókn) Frekari upplýsingar gefur starfsmannastjóri Ásta Björk í síma 585 1505.

**Línuhönnun**
verkfræðistofa

Suðurlandsbraut 4A - 108 Reykjavík
Sími: 585 1500 - Fax: 585 1501 www.lh.is - lh@lh.is

## Rafiðnaðarmenn

# Vilt þú vinna hjá fyrirmyndarfyrirtæki?

SECURITAS

**Vegna vaxandi verkefna óskar Securitas að ráða fleiri rafvirkja/ rafeindavirkja til starfa. Verkefnasvið er afar fjölbreytt og spannar allt frá hefðbundinni rafvirkjunarvinnu til flókinnar hátæknivinnu.**

**Leitað er að starfsmönnum sem hafa:**
- Sveinspróf í rafvirkjun, rafeindavirkjun eða símsmíði
- Almenna tölvukunnáttu
- Góða reynslu í raflögnum eða rafeindavirkjun
- Kunnáttu í ensku
- Getu til að vinna sjálfstætt
- Þjónustulund og ánægju af samvinnu
- Vilja til að bæta við sig mikilli þekkingu

**En að auki viljum við að sjálfssögðu:**
- Ástríðufullt og hugmyndaríkt fólk sem lætur hlutina gerast
- Starfsmenn sem stöðugt reyna að ná góðum árangri ásamt því að skapa góðan starfsanda

**VIÐ ERUM TIL FYRIRMYNDAR!**

Samkvæmt árlegri könnun VR meðal starfsfólks 2000 fyrirtækja á Íslandi er Securitas meðal hinna efstu. Að launum hlýtur fyrirtækið viðurkenningu VR og nafnbótina **Fyrirmyndarfyrirtæki 2005**.

IMG MANNAFL LIÐSAUKI

**Umsjón með störfunum hafa Nathalía D. Halldórsdóttir (nathalia@img.is) og Herdís Rán Magnúsdóttir (herdis@img.is) hjá Mannafli - Liðsauka. Umsóknarfrestur er til og með 30. maí nk. Umsækjendur eru vinsamlega beðnir um að sækja um starfið á heimasíðu Mannafls - Liðsauka.**

Laugavegi 170
105 Reykjavik
Sími 540 7100
mannafl@img.is

Skipagötu 16
600 Akureyri
Sími 461 4440
www.mannafl.is

## Sýslumaðurinn í Reykjavík

# óskar eftir að ráða lögfræðing til starfa.

**Um er að ræða krefjandi og fjölbreytt starf í þinglýsinga – og skráningadeild embættisins**

Umsækjendur þurfa að hafa embættispróf í lögfræði og geta hafið störf sem fyrst.

Laun samkvæmt kjarasamningi viðkomandi stéttarfélags við fjármálaráðuneyti.

Umsóknir skulu berast sýslumanninum í Reykjavík, Skógarhlíð 6, 105 Reykjavík, b/t Úlfars Lúðvíkssonar, eigi síðar en 31. maí 2005. Tekið er á móti umsóknum rafrænt á netfangið ulfar.ludviksson@tmd.is. Öllum umsóknum verður svarað.

**Nánari upplýsingar veitir Úlfar í síma 569 2495.**

# Sölumenn heima- og firmavarna

VR FYRIRMYNDAR FYRIRTÆKI 2005

Vegna vaxandi verkefna óskar Securitas eftir að ráða fleiri sölumenn til framtíðarstarfa. Starfið felst í sölu á öryggisbúnaði og öryggislausnum Securitas til heimila og smærri fyrirtækja.

Leitað er að mönnum sem búa yfir:

- Reynslu í sölu
- Almennri tölvukunnáttu
- Kunnáttu í ensku
- Getu til að vinna sjálfstætt

Í boði er áhugavert starf hjá traustu og framsæknu fyrirtæki þar sem starfar samhentur hópur starfsmanna. Lögð er áhersla á góð starfsskilyrði og möguleika starfsmanna til að vaxa og dafna með fyrirtækinu

Umsóknir óskast sendar í tölvupósti á svavar@securitas.is merktar "heimavarnir". Umsóknarfrestur er til 30. maí.

**Við erum til fyrirmyndar!**
Samkvæmt árlegri könnun VR meðal starfsfólks 2000 fyrirtækja á Íslandi er Securitas meðal hinna efstu. Að launum hlýtur fyrirtækið viðurkenningu VR og nafnbótina
**Fyrirmyndarfyrirtæki 2005**

SECURITAS

Síðumúla 23 - 108 Reykjavík
Sími 580 7000 - Fax 580 7070

# RE/MAX • KÓPAVOGI
## SÖLUFULLTRÚAR FASTEIGNA

**RE/MAX KÓPAVOGI óskar eftir að ráða metnaðarfulla sölufulltrúa til starfa strax.**

**RE/MAX KÓPAVOGI leggur mikinn metnað í fagleg vinnubrögð og fara allir sölufulltrúar í gegnum starfsþjálfun.**

**Tekið verður á móti umsóknum hjá RE/MAX KÓPAVOGI að Bæjarlind 12, frá kl. 11:00 til 13:00 mánudaginn 23. maí.**

TOPP ÞJÓNUSTA

RE/MAX KÓPAVOGUR
Bæjarlind 12
201 Kópavogur
Birgir Birgisson, hdl. Löggiltur fasteignasali

RE/MAX KÓPAVOGUR

# Vélamaður

VEGAGERÐIN

**Tímabundin staða vélamanns hjá þjónustustöð Vegagerðinnar í Hafnarfirði er laus til umsóknar. Laun skv. kjarasamningi Starfsgreinasambandsins og fjármálaráðherra.**

**Starfssvið:**
- Stjórn bifreiða og vinnuvéla
- Almenn verkamannastörf
- Ýmis verkefni sem tengjast viðhaldi bifreiða og véla

**Hæfniskröfur:**
- Réttindi til að aka bifreið sem er meira en 3.500 kg að heildarþyngd eða vinnuvélaréttindi
- Góðir samstarfshæfileikar

**Vegagerðin er eftirsóknarverður vinnustaður sem hentar jafnt báðum kynjum.**

**Nánari upplýsingar veita Guðmundur Vignir Þórðarsson í síma 522 1462 og Bjarni Stefánsson í síma 522 1461. Vinsamlegast sendið skriflegar umsóknir til Vegagerðarinnar Borgartúni 5a, 105 Reykjavík fyrir 30. maí nk. merkt „Starfsmannadeild vélamaður."**

IMG MANNAFL LIÐSAUKI

Laugavegi 170
105 Reykjavík
Sími 540 7100
mannafl@img.is

Skipagötu 16
600 Akureyri
Sími 461 4440
www.mannafl.is



# V rubílstjóri

Óskum eftir að ráða vörubílstjóra með meiraprófsréttindi, dráttarvagnsréttindi og kranaréttindi B.

Þarf að geta hafið störf sem fyrst.

*Upplýsingar veitir starfsmannastjóri, María Þorgrímsdóttir, maria@kv.is*

*Umsóknum skal skilað á aðalskrifstofu Keflavíkurverktaka, eða á heimasíðu www.kv.is*

Frum

KEFLAVÍKURVERKTAKAR hf.

Hlíðasmára 15 • 201 Kópavogur • Sími: 420 6400 • www.kv.is

*Keflavíkurverktakar eru eitt af stærri verktakafyrirtækjum landsins með verkefni víða um land. Starfsmenn fyrirtækisins eru á þriðja hundrað. Aðalskrifstofa fyrirtækisins er staðsett í Kópavogi.*

# Störf í boði

**Bókari**
Við leitum að öflugum bókurum fyrir viðskiptavini okkar. Um er að ræða störf sem krefjast þess að viðkomandi hafi mikla reynslu og færni til að hafa yfirsýn yfir flókið bókhald, jafnvel deildar- eða fyrirtækjaskipt. Mjög góð færni í Excel er mikilvæg. Störfin felast m.a. í merkingu og færslu bókhalds, afstemmingum og uppgjörum.
Starf nr. 050520-02

**Starfsmaður í rekstrarvöruverslun**
Traust og öflug rekstrarvöruverslun óskar eftir að ráða starfsmann til starfa. Um er að ræða sérhæfð sölu- og þjónustustörf á tækni- og rekstrarvörum. Leitað er að einstaklingi sem hefur mikla þjónustulund, frumkvæði og metnað í starfi. Reynsla af sölu- og þjónustustörfum er æskileg, sem og miklir söluhæfileikar. Snyrtimennska og næmt auga fyrir útliti eru æskilegir kostir. Starfsmenn verða að geta tileinkað sér þekkingu á sértækum vörum og vöruflokkum sem og skilning á þörfum fyrirtækja. Vinnutíminn er virka daga milli kl. 9 og 17/18 og laugardaga milli kl. 10 og 14 (annan hvern laugardag).
Starf nr. 050520-01

**Viðskiptafræðingur**
Framsækið fyrirtæki óskar eftir að ráða viðskiptafræðing, æskilegt af endurskoðunarsviði. Góð bókhaldsreynsla áskilin.
Reynsla af milliuppgjörum og samstæðuuppgjörum nauðsynleg. Leitað er að öflugum einstaklingi með faglegan metnað.
Starf nr. 050519-02

**Verkefnastjóri**
Ax hugbúnaðarhús óskar eftir að ráða tölvunarfræðing með MBA gráðu til að annast verkefnastjórn. Verkefnastjóra er ætlað að vinna við greindarlausnir - ýmsar greiningar og stjórnendaupplýsingar og vera í samskiptum við stjórnendur og hagdeildir fyrirtækja. Leitað er að reynslumiklum aðila sem er sjálfstæður og öruggur í samskiptum.
Starf nr. 050520-06

**Kerfisrekstraraðili**
Öflugt og framsækið fyrirtæki í alþjóðlegum tengslum óskar eftir að ráða drífandi einstakling í starf kerfisrekstraraðila. Viðkomandi aðili mun hafa umsjón með afritstöku, sinna almennri notendaþjónustu og sjá um uppsetningu vélbúnaðar. Viðkomandi þarf að hafa staðfestar MCSE eða MCSA gráður. Reynsla af sambærilegu starfi mjög æskileg. Viðkomandi aðili þarf að búa yfir frumkvæði og metnaði í starfi, skipulagni í vinnubrögðum og framúrskarandi þjónustulund.
Starf nr. 050518-05

**Forritarar**
Framsækið og traust fyrirtæki óskar eftir að ráða forritara. 2 til 5 ár reynsla af forritun og hugbúnaðarhönnun skilyrði. Þekking/ reynsla af forritunarmálunum C+ og .NET er mjög æskileg og þekking á SQL gagnagrunnum einnig. Viðkomandi þarf að hafa háskólamenntun í tölvunarfræði og brennandi áhuga á forritun. Samskiptahæfileikar og öguð vinnubrögð skilyrði.
Starf nr. 050520-04

**Starfsmannastjóri**
Leitað er að öflugum einstaklingi í stöðu starfsmannastjóra. Starfið mun heyra undir framkvæmdastjóra rekstrarsviðs. Starfsmannastjóri sér um stefnumótun á sviði starfsmannamála, fræðslu- og símenntunarmál, starfsmannaval, starfsþróun, launasamninga, orlofsmál, almenna framkvæmd starfsmannastefnu og önnur verkefni sem tengjast starfsmannamálum. Háskólamenntun er skilyrði og framhaldsmenntun er æskileg. Gerð er krafa um starfsreynslu á sviði stjórnunar og starfsmannamála. Viðkomandi þarf að búa yfir framúrskarandi hæfni í mannlegum samskiptum, leiðtogahæfni og getu til að hvetja aðra til árangurs, vilja til ákvarðanatöku, frumkvæði og krafti til þess að hrinda hlutum í framkvæmd.
Starf nr. 050511-01

**Verkbókhald**
Þarfaþing hf. óskar að ráða aðila til að annast verkbókhald, útskrift reikninga og fleiri bókhaldstengd verkefni. Gerð er krafa um bókhaldsreynslu, æskilegt af verkbókhaldi. Almenn tölvufærni, Excel og Navision Attain. Starfshlutfall 70-100%.
Starf nr. 050520-05

**Þjónustufulltrúi**
Ax hugbúnaðarhús leitar að öflugum þjónustufulltrúa til að vera tengiliður við stóra viðskiptavini þess í hugbúnaðarmálum. Viðkomandi þarf að þekkja vel inn á ýmis hugbúnaðarkerfi og hafa tæknilegan bakgrunn í reynslu og/eða menntun.
Starf nr. 050520-07

**Windows forritari**
Öflugt hugbúnaðarfyrirtæki óskar eftir að ráða Windows forritara. Áhersla er lögð á þekkingu á C++, MFC og Visual Studio þekkingu. Tölvunarfræðimenntun áskilin, ekki er gerð krafa um reynslu.
Starf nr. 050520-08

IMG MANNAFL LIÐSAUKI

**Umsóknarfrestur er til og með 29. maí nk. Umsækjendur eru vinsamlega beðnir um að sækja um störfin á www.mannafl.is**

Laugavegi 170
105 Reykjavík
Sími 540 7100
mannafl@img.is

Skipagötu 16
600 Akureyri
Sími 461 4440
www.mannafl.is

# LATIBÆR ÓSKAR EFTIR LÖGFRÆÐINGI

*Í FULLT STARF*

Spennandi tækifæri fyrir lögfræðing sem vill taka þátt í mikilli útrás og samskiptum á alþjóðavettvangi.

Æskilegt er að viðkomandi hafi reynslu í hugverkarétti.

Góð enskukunnátta nauðsynleg.

Umsókn skal skilað til Fréttablaðsins eða á box@frett.is merktir: "LB-Lögfræðingur"

www.lazytown.com

# Starfskraftur óskast

**frá 15. júní til 20. ágúst. Sumarafleysing í verslun/heildssölu. Vinnutími 10-18.**

Upplýsingar í síma 565 1930 eða á alla@bmagnusson.is

**B. Magnusson/Kays**
**Austurhraun 3 Garðabæ**
**www.bmagnusson.is**

**VINNULYFTUR EHF**
**Óskum eftir að ráða bílstjóra á vörubíla.**
**Upplýsingar á skrifstofu.**
**Vinnulyftur ehf**
**Smiðsbúð 12**
**Garðabæ**



# Vélamenn og bílstjórar

Ístak óskar að ráða byggingarkranastjóra og bílstjóra með meirapróf til starfa. Möguleiki er á húsnæði fyrir starfsmenn utan af landi. Einnig vantar vana vélamenn á höfuðborgarsvæðið og til Grænlands.

Upplýsingar um störfin og umsóknareyðublöð eru á skrifstofu ÍSTAKS, Engjateigi 7 og í síma 530 2700 milli 8:15 og 17:00 Sjá einnig heimasíðu okkar, www.istak.is þar sem hægt er að senda inn umsókn.

ÍSTAK

# Vélamenn

**Suðurverk hf óskar eftir að ráða vana menn á ýtur, gröfur og hjólaskóflur.**

Um er að ræða vaktavinnu í úthöldum á Reyðarfirði við jarðvinnu álverslóðar og í Kárahnjúkum við uppbyggingu Desjarárstíflu og Sauðárdalsstíflu.

Upplýsingar veittar í síma 892-0067
Umsóknir berist skrifstofu Drangahrauni 7
eða á heimasíðu www.sudurverk.is

SUÐURVERK HF.
Verktakar - vélaleiga

## Vanur bókari í Navision

Öflug og framsækin verkfræðistofa með fjölbreytt viðfangsefni leitar að starfskrafti með langtímasamband í huga. Viðkomandi þarf að hafa áhuga á því að starfa á spennandi og kraftmiklum vinnustað með hæfileikaríku starfsfólki sem setur markið hátt. Kunnátta og reynsla í bókarastörfum er skilyrði sem og góð þekking á Navision. Frumkvæði og hæfileiki til að starfa sjálfstætt eru kostir sem munu skipta sköpum í þessu sambandi. Umsóknum skal skilað á Fréttablaðið eða á box@frettabladid.is merkt „Bókari – 02“

IKEA®

## Aukavinna í boði?

Ert þú stundvís, samviskusamur og röskur starfskraftur sem er til í að vinna við margvísleg störf? Við óskum eftir að ráða inn helgarstarfsfólk í verslun og á lager. Vinnutími laugardaga frá 10.00-18.00 og sunnudaga frá 12.00-18.00

Umsækjendur þurfa að vera eldri en 18 ára og með hreint sakavottorð.

Umsóknareyðublöð er að finna á www.IKEA.is og á þjónustuborði IKEA.

**IKEA býður upp á fjölbreytt og lifandi starfsumhverfi. Starfsfólki gefst tækifæri til að vaxa í starfi, axla ábyrgð og vera mikilvægur hlekkur í kraftmiklu og ört vaxandi fyrirtæki.**

GARÐABÆR
www.gardabaer.is

## Leikskólinn Hæðarból

**Ert þú leikskólakennari,
hefur þú sambærilega menntun,
spilar þú á hljóðfæri,
hefur þú yndi af söng, ertu listræn/n?**
Ef svo er þá leitum við af þér til þess að vinna með skemmtilegum krökkum í leikskólastarfi frá ágúst, september nk.

Nánari upplýsingar veitir leikskólastjóri í síma **565 7670** og **692 9402**.
Einnig er hægt að sækja um með því að fylla út almenna atvinnuumsókn á vef Garðabæjar, **www.gardabaer.is**.

Fræðslu- og menningarsvið

## Störf í grunnskólum Reykjavíkur frá hausti 2005

### Borgaskóli, sími 577 2900

**Umsjónarkennsla á unglingastigi**, kennslugreinar enska og sérkennsla. 75% staða.
**Umsjónarkennsla á unglingastigi**, kennslugreinar stærðfræði og samfélagsfræði.
**Íþróttakennsla drengja**.
**Heimilisfræðikennsla**, afleysing frá 15. ágúst til 15. október.
**Skólaliðar**, til að sinna m.a. gæslu nemenda og ræstingu. Tvær 75-100% stöður.

### Hamraskóli, sími 567 6348

**Almenn kennsla á yngsta stigi.**
**Skólaliðar**, til að sinna m.a. eldhúsi og baðvörslu.

### Háteigsskóli, sími 530 4302 og 664 8215

**Íþróttakennsla.**

### Húsaskóli, sími 567 6100

**Tónmenntakennsla**, 50% staða.
**Skólaliðar**, 67 og 100% stöður. Starfið felst m.a. í því að aðstoða nemendur í leik og starfi, aðstoð í mötuneyti og ræstingu.

### Vogaskóli, símar 553 2600 og 664 8351

**Dönskukennsla.**
**Námsráðgjafi**, 50% staða.
**Skólaliði**.
**Umsjónarmaður skóla**. Frá 1. ágúst.

### Ölduselsskóli, sími 557 5522

**Almenn kennsla**, meðal kennslugreina er eðlisfræði og líffræði á unglingastigi ásamt kennslu í leiklist.

### Öskjuhlíðarskóli, símar 568 9740 og 664 8405

**Sérkennsla.**
**Þroskaþjálfi.**

**Upplýsingar veita skólastjórar, aðstoðarskólastjórar eða aðrir tilgreindir í viðkomandi skólum. Umsóknir ber að senda til viðeigandi skóla. Laun samkvæmt kjarasamningum Reykjavíkurborgar við viðkomandi stéttarfélög. Nánari upplýsingar um laus störf, umsóknarfrest og grunnskóla Reykjavíkur er að finna á netinu.**

www.grunnskolar.is

Reykjavíkurborg
Fræðslumiðstöð Reykjavíkur

Fríkirkjuvegi 1, 101 Reykjavík,
sími: 535 5000, fmr@reykjavik.is

## Staða deildarstjóra í Öskjuhlíðarskóla

**Laus er staða deildarstjóra eldra stigs í Öskjuhlíðarskóla, sem skiptist að jöfnu í 50% deildarstjórn og 50% kennslu.**

**Leitað er að umsækjanda sem:**

- Hefur framhaldsmenntun í sérkennslufræðum.
- Hefur reynslu af störfum með fötluðum börnum og unglingum.
- Sýnir frumkvæði og sjálfstæði í starfi.
- Er lipur og áreiðanlegur í samstarfi.

Reynsla af stjórnun er æskileg.

**Nánari upplýsingar um starfið veitir Einar Hólm Ólafsson, skólastjóri í síma 568 9740. Skriflegar umsóknir sendist í Öskjuhlíðarskóla, Suðurhlíð 9, 105 Reykjavík. Umsóknarfrestur er til 13. júní. Ráðning í starfið miðast við 1. ágúst. Laun samkvæmt kjarsamningum LN og KÍ.**

Reykjavíkurborg
Fræðslumiðstöð Reykjavíkur

Fríkirkjuvegi 1, 101 Reykjavík, www.grunnskolar.is
sími: 535 5000, fmr@reykjavik.is

## Atvinna óskast

32 ára viðskiptafræðingur með Bs. í vörustjórnun óskar eftir vinnu. Hef lokið námskeiði í Navision. Er reglusöm og stundvís og get hafið störf strax. Sendist í *box@frettabladid.is* merkt **„viðskiptafræðingur“**

# Hársnyrtinemi

**Snyrtinemi á 3 eða 4 ári óskast eða hágreiðslusveinn í hlutastarf.**

Hárgreiðslustofan Sparta Laugarásvegur 1.

**Upplýsingar gefur Helen í síma 821-3999.**

## Meiraprófsbílstjórar óskast




AÐFÖNG óska eftir meiraprófsbílstjórum til sumarafleysinga, viðkomandi þarf að hafa próf á vörubifreið með eftirvagn: Trailer. Unnið er á vöktum við útkeyrslu á vörum í verslanir Haga. Umsóknareyðublöð má fá í móttöku Aðfanga að Skútuvogi 7, 104 Reykjavík. ennig er hægt að sækja um á www.adfong.is

AÐFÖNG

## Fræðslu- og menningarsvið Vestmannaeyja auglýsir

**Þroskaþjálfa vantar í 100% starf við grunnskólana í Vestmannaeyjum. Nánari** upplýsingar er að finna hjá hjá skólastjórum grunnskólanna í símum 481-1944 og 481-2644 eða hjá fræðslu- og menningarsviði Vestmannaeyjabæjar í síma 488-2000.

**Grunnskólakennara vantar við Barnaskóla Vestmannaeyja.**

- •Upplýsinga- og tæknimennt sérstaklega á elsta stigi.
- •Dönsku, ensku, textilmennt, tæknimennt og almenna bekkjarkennslu á elsta stigi.
- •Sérkennara

Upplýsingar um störfin gefur Hjálmfríður Sveinsdóttir í síma 481-1944, netfang: hjalmfr@ismennt.is

**Grunnskólakennara vantar í Hamarsskóla í Vestmannaeyjum**

- •Kennslugreinar,danska,enska,íslenska á elsta stigi og stærðfræði á unglingastigi
- •Umsjónarkennara á mið – og yngsta stigi
- •Sérkennara, heimilisfræðikennara og 1/2 staða tónmenntakennara.
- •Einnig er laus 49% staða deildarstjóra á yngsta stigi.

Upplýsingar veita Halldóra Magnúsdóttir skólastjóri og Sigurlás Þorleifsson aðstoðarskólastjóri í síma 481-2644.

**Leikskólakennara vantar í leikskóla Vestmannaeyjabæjar:**

- •Deildarstjóra í 50% starf e.h. á Kirkjugerði og 100% störf á Sóla.
- •Almenna leikskólakennara vantar í alla leikskólana.

Upplýsingar fást hjá leikskólafulltrúa í síma 488-2000, leikskólastjórum Kirkjugerðis í síma 481-1098 og Sóla í síma 481-1958

**Nánari upplýsingar er að finna á heimasíðu Vestmannaeyjabæjar www.vestmannaeyjar.is**

## Blikksmiðir / eða vanir menn

óskast til starfa hjá Blikksmiðnum hf. Malarhöfða 8, Reykjavík. Boðið er uppá bjartan og notalegan vinnustað og fjölbreytt blikksmíðaverkefni. Þrifalegt umhverfi.

**Þeir sem hafa áhuga hafi samband við verkstjóra í síma 5772727.**

## Sölumenn / Ráðgjafar

Vegna vaxandi verkefna óskar Securitas eftir að ráða fleiri sölumenn til framtíðarstarfa. Starfið felst í sölu á öryggisbúnaði og öryggislausnum Securitas.

Leitað er að mönnum sem búa yfir:

- Reynslu í sölu
- Góðri tölvukunnáttu.
- Góðri reynslu í raflögnum eða rafeindavirkjun.
- Kunnáttu í ensku og dönsku.
- Getu til að vinna sjálfstætt.

Í boði er áhugavert starf hjá traustu og framsæknu fyrirtæki þar sem starfar samhentur hópur starfsmanna. Lögð er áhersla á góð starfsskilyrði og möguleika starfsmanna til að vaxa og dafna með fyrirtækinu

Umsóknir óskast sendar í tölvupósti á svavar@securitas.is merktar "Búnaðarsala". Umsóknarfrestur er til 30. maí.

VR FYRIRMYNDAR FYRIRTÆKI 2005

**Við erum til fyrirmyndar!**
Samkvæmt árlegri könnun VR meðal starfsfólks 2000 fyrirtækja á Íslandi er Securitas meðal hinna efstu. Að launum hlýtur fyrirtækið viðurkenningu VR og nafnbótina
**Fyrirmyndarfyrirtæki 2005**

SECURITAS

Síðumúla 23 · 108 Reykjavík
Sími 580 7000 · Fax 580 7070



# Viltu slást í hópinn?

Olíufélagið ehf. leitar að duglegu og samviskusömu starfsfólki sem hefur metnað til að takast á við krefjandi og skemmtileg verkefni.

## Vaktstjórar

Starfið felur í sér tækifæri fyrir manneskju með góða forystuhæfileika þar sem vaktstjóri hefur umsjón með verkefnum starfsfólks stöðvarinnar á vöktum og fer fremstur í flokki þegar kemur að því að veita viðskiptavinum félagsins framúrskarandi þjónustu. Um er að ræða skemmtilegt og lifandi starf fyrir áreiðanlega manneskju sem hefur hæfileika í mannlegum samskiptum.

## Almenn afgreiðsla

Starfið felst í almennum afgreiðslu- og þjónustustörfum. Lifandi starfsumhverfi og skemmtilegt starf fyrir jákvæða manneskju sem hefur góða þjónustulund og gaman af samskiptum við fólk.

Nánari upplýsingar veitir starfsþróunardeild í síma **560 3300.** Umsóknir má nálgast á vefsíðu Olíufélagsins **www.esso.is.**

Olíufélagið ehf. er kraftmikið þjónustufyrirtæki. Hlutverk þess er að sjá fólki og fyrirtækjum fyrir orku, rekstrarvörum og þægindum með ánægju viðskiptavina að leiðarljósi. ESSO skólinn veitir starfsmönnum nauðsynlega starfsþjálfun en mikil áhersla er lögð á endurmenntun til að auka samkeppnishæfni fyrirtækisins. Starfsmannafélag ESSO er kröftugt og lifandi. Nánari upplýsingar um ESSO á www.esso.is.

ESSO

Félagsþjónustan í Reykjavík

# Félagsleg heimaþjónusta

**Félags- og þjónustumiðstöðin Hvassaleiti 56-58 óskar eftir að ráða gott fólk af báðum kynjum og lipurt í mannlegum samskiptum til starfa við heimaþjónustu.**

Um er að ræða aðstoð við fólk í heimahúsum. Í boði eru bæði störf við sumarafleysingar og til frambúðar. Starfshlutfall og vinnutími eftir samkomulagi.

Laun samkvæmt kjarasamningi Reykjavíkurborgar og Eflingar.

Allar nánari upplýsingar veita Bryndís Torfadóttir og Margrét Andrésdóttir, deildarstjórar, í síma 535 2720 og 568 3110.

Sjá einnig almennar upplýsingar um laus störf og starfsmannastefnu Félagsþjónustunnar á vefsíðunni: www.felagsthjonustan.is

# Sölumaður óskast

Óskum eftir sölumanneskju í hlutastarf í ljósaverslun sem fyrst.

**Starfssvið:**
- Sala og ráðgjöf á vörum fyrirtækis

**Hæfniskröfur:**
- Þjónustulund
- Drífandi og áhugasamur einstaklingur
- Næmt auga fyrir hönnun og útliti
- Almenn tölvukunnátta
- Reynsla við sölumennsku æskileg

Vinnutími er frá kl. 10:00-14:00 aðra vikuna og 14:00-18:00 hina vikuna, alla virka daga. Unnið er annan hvern laugardag yfir vetrartímann frá kl. 11:00-16:00. Æskilegt er að viðkomandi geti unnið allan daginn frá miðjum júlí til byrjun ágústmánaðar.

Nánari upplýsingar um starfið veitir Unnur Guðmundsdóttir í síma 897-2245, virka daga frá kl. 13-17.

**Umsóknir sendist ásamt ferilskrá á rafvirkjameistarinn@rafvirkjameistarinn.is fyrir 29 maí.**

VESTURBYGGÐ

# Grunnskóli Vesturbyggðar

**Kennara vantar við Grunnskóla Vesturbyggðar sem skiptist í þrjár deildir þ.e. Patreksskóla með 110 nemendur, Bíldudalsskóla með 30 nemendur og Birkimelsskóla með 20 nemendur.**

**Kennara vantar í eftirtaldar námsgreinar:**

**Patreksskóli:** Hand- og myndmennt, upplýsinga- og tæknimennt, heimilisfræði og almenn bekkjarkennsla á yngra stigi.
**Bíldudalsskóli:** hand- og myndmennt, heimilisfræði, íþróttir og almenn bekkjarkennsla á mið og elsta stigi.
**Birkimelsskóli:** almenn bekkjarkennsla.

Upplýsingar veitir Nanna Sjöfn Pétursdóttir skólastjóri í símum 4561590 og 8641424 og netfangi *nanna@vesturbyggd.is*



# Verktakar

Óskum eftir að ráða undirvertaka í mótauppslátt og almenna smíðavinnu.

***Upplýsingar veitir forstöðumaður framkvæmdasviðs, Albert B. Hjálmarsson í síma 420-6400 albert@kv.is***

***Umsóknum skal skilað á aðalskrifstofu Keflavíkurverktaka, eða á heimasíðu www.kv.is***

KEFLAVÍKURVERKTAKAR hf.
Hlíðasmára 15 • 201 Kópavogur • Sími: 420 6400 • www.kv.is

*Keflavikurverktakar eru eitt af stærri verktakafyrirtækjum landsins með verkefni víða um land. Starfsmenn fyrirtækisins eru á þriðja hundrað. Aðalskrifstofa fyrirtækisins er staðsett í Kópavogi.*

Frum



## Heilsugæslustöðin Ólafsfirði
## Hjúkrunarforstjóri

Heilsugæslustöðin Ólafsfirði óskar að ráða hjúkrunarforstjóra frá og með 1. ágúst 2005.

Starfshlutfall 80 %.

Laun eru samkv. kjarasamningi Fél. ísl. hjúkrunarfræðinga og fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs.

Umsóknir með upplýsingum um menntun og fyrri störf berist til:

Heilsugæslunnar Ólafsfirði, b.t. framkvæmdastjóra, v/ Ólafsfjarðarveg, 625 Ólafsfjörður.

Umsóknarfrestur er til 6. júní 2005.

**Nánari upplýsingar veitir Rúnar Guðlaugsson,** framkvæmdastjóri í síma 466-4050; netfang: runar@hgolafsfjardar.is



## Dvalar- og hjúkrunarheimilið Hornbrekka Ólafsfirði

## Hjúkrunarfræðingur

Hjúkrunarfræðingur óskast til starfa á Dvalar- og hjúkrunarheimilið Hornbrekku Ólafsfirði. Starfshlutfall 60 –100 %.

Umsóknir með upplýsingum um menntun og fyrri störf, berist til: Hornbrekku, b.t. hjúkrunarforstjóra, v/ Ólafsfjarðarveg, 625 Ólafsfjörður.

Umsóknarfrestur er til 6. júní 2005.

**Nánari upplýsingar veitir Rut María Pálsdóttir,** hjúkrunarforstjóri í síma 466-4060; netfang: rut@hgolafsfjardar.is







# Stundum þarf að taka úr glugga

***Steindór Guðmundsson hefur flutt píanó í þrjátíu ár. Það er kúnst að flytja píanó og þau er alla jafna ekki hægt að flytja eftir venjulegum leiðum.***


Steindór kann að spila lagið sem er á hliðinni á bílnum hans.


Allt klárt til flutnings. Búið að pakka gripnum inn í teppi.

Þegar flett er upp á píanóflutningum í símaskránni koma upp þó nokkrir sem hafa píanóflutninga að sérsviði. Það er því nokkuð ljóst að það er ekki hægt að flytja píanó eftir venjulegum leiðum heldur þarf að kalla fagmann til.

En af hverju þarf að flytja píanó sérstaklega? Steindór Guðmundsson, píanóflutningamaður til þrjátíu ára og einn sá elsti í faginu, svarar því. „Píanó eru bæði þung og viðkvæm fyrir hita, raka og höggum og það þarf að fara varlega með þau. Það er betra að sá sem flytur þau hafi séð píanó áður,“ segir Steindór, sem byrjaði að flytja hljóðfæri fyrir Sinfóníuhljómsveitina árið 1975 og píanó í framhaldi af því.

„Píanó eru mjög dýr og fólk tengist hljóðfærunum sínum tilfinningaböndum. Og stundum líka flutningamönnunum því fólk vill fá sama manninn aftur ef það er ánægt með þjónustuna. Ef ég fer í frí bíða mín alltaf einhver hljóðfæri þegar ég kem til baka.“

Steindór segist stundum þurfa sérstök tæki til að flytja hljóðfærin. „Píanó eru flutt í sérstökum böndum og ólum og á sérstökum vögnum og stundum þarf jafnvel kranabíl. Í háhýsum er mjög oft engin önnur leið en í gegnum svalir og jafnvel hafa verið teknir úr gluggar til að koma píanói inn og út.“ Hann segir misjafnlega erfitt að flytja píanó og flygla. „Það er hægt að skrúfa lappirnar undan flyglunum, sem verða við það mjórri og meðfærilegri en píanó, en það er tímafrekara að flytja flygil,“ segir Steindór.

Hann á ekki píanó sjálfur. „En á bílnum mínum er stef skrifað með nótum og ég kann að spila það á píanó. Ég þarf samt að æfa mig stundum svo ég gleymi því ekki.“ ■

Skólaskrifstofa Hafnarfjarðar

# Lækjarskóli

## Eftirtaldar stöður lausar til umsóknar:

- Sérkennari
- Textílkennari
- Almennur kennari
- Bókasafnsfræðingur/kennari til starfa á skólabókasafni
- Aðstoðarmaður á skrifstofu (75% stöðuhlutfall)
- Matráður

**Allar upplýsingar veita Haraldur Haraldsson skólastjóri, s. 555 0585 /664 5877 haraldur@laekjarskoli.is eða Halla Þórðardóttir aðstoðarskólastjóri, s. 555 0585/ 664 5875 halla@laekjarskoli.is**

HAFNARFJÖRÐUR

VELKOMIN TIL HAFNARFJARÐAR!
Hafðu samband og fáðu frekari upplýsingar um Hafnarfjörð og margvíslega starfsemi á vegum sveitarfélagsins hjá þjónustuveri bæjarins í síma 585 5500 og á heimasíðunni www.hafnarfjordur.is

BECHTEL

HSA HEILBRIGÐISSTOFNUN AUSTURLANDS

# Hjúkrunarfræðingur eða bráðaliði (paramedic)

**Heilbrigðisstofnun Austurlands leitar að hjúkrunarfræðingi eða bráðaliða (paramedic) til að starfa fyrir Bechtel Inc á vinnusvæði og í starfsmannaþorpi við Reyðarfjörð. Starfshlutfall er 100%. Starfstímabil er á meðan framkvæmdir við byggingu álvers standa yfir.**

**Hæfniskröfur:**
Hjúkrunarfræðingurinn eða bráðaliðinn skal m.a. búa yfir hæfni og getu til að:

- Framkvæma líkamsmat og skoðun
- Halda nákvæmar og viðeigandi sjúkraskrár.
- Hafa samráð við lækna á svæðinu sem sinna samhæfingu,
- Geta á öruggan og viðeigandi hátt haft umsjón með lyfjagjöf og halda við einnota lyfjabirgðum og búnaði í sjúkraskýli.
- Þekkja og kunna að nota hefðbundinn búnað fyrir bráðaviðbrögð.
- Geta komið sjúklingi í stöðugt ástand og viðhaldið stuðningi við sjúkling á vettvangi.
- Geta borið kennsl á og veitt viðeigandi meðferð í almennum kvillum og meiðslum.

Viðkomandi þarf að búa yfir skipulagshæfileikum, færni í mannlegum samskiptum og vera sjálfstæður í vinnubrögðum. Æskileg er reynsla af slysa- og/eða bráðadeild.

Umsóknir með upplýsingum m.a. um menntun og fyrri störf skulu berast til Þóris Aðalsteinssonar, rekstrarstjóra í síma 476-1630/ 860- 6848 netfang **thorir@hsa.is** eða Lilja Aðalsteinsdóttir, hjúkrunarforstjóri, í síma 470-1404/ 860-1920 netfang **lilja@hsa.is**. Þau gefa nánari upplýsingar um starfið. Umsóknarfrestur er til 1. júní.

LANDSPÍTALI HÁSKÓLASJÚKRAHÚS

## Stuðningsfulltrúar

óskast á heimilisdeildir í Kópavogi til sumarafleysinga.
Starfshlutfall 100%.

Við leitum að fólki sem er ábyrgt og samviskusamt, stundvíst, með góða samstarfshæfni, létta og góða lund. Umsóknir skulu berast fyrir 5. júní nk. til Sigríðar Harðardóttur, hjúkrunarframkvæmdarstjóra, sími 543 9210, netfang sighard@landspitali.is og tekur hún jafnframt á móti umsóknum.

e-mail : pall@fasteignakaup.is

Ármúla 15 • sími 515 0500
fax 515 0509 • www.fasteignakaup.is
fasteignakaup@fasteignakaup.ist

# OPIÐ HÚS Garðhús 12, Reykjavík



Höfum fengið fallega og bjarta 4ja herbergja íbúð ásamt innbyggðum bílskúr í litlu fjölbýli.
Komið er inn í flísalagða forstofu með skáp, flísalagt hol, baðherbergi með innréttingu og tengi fyrir þvottavél og þurrkara. Parketlagt rúmgott herbergi með skáp, annað parketlagt herbergi og rúmgott hjónaherbergi parketlagt og með góðum skápum. Vandaðir trérimlar í gluggum í herbergjum og stofu. Eldhús með vandaðri innréttingu og eldunareyju með háf. Stór og rúmgóð stofa parketlögð með sérsmíðuðum hillum og útgengi út á góðar svalir. Einstakt útsýni er úr íbúðinni. Verið er að gera við húsið að utan og mála, kostnaður greiddur af seljanda.
**Páll Höskuldsson frá Fasteignakaupum tekur á móti gestum milli kl.16 - 17 í dag.**

**Heimilisfang:** Garðhús 12, Reykjavík
**Stærð eignar:** 106.9 fm
**Afhending:** fljótlega
**Bílskúr:** 20.6 fm
**Byggingarár:** 1989
**Brunab.mat:** 14.453.000
**Lóðamat :** 1.858.000
**Verð:** 22.9 millj.

FASTEIGNAKAUP
Erna Valsdóttir Löggiltur fasteigna-.skipa- og fyrirtækjasali.



Sölufulltrúi : Páll Höskuldsson
gsm: 864 0500,
e-mail : pall@fasteignakaup.is

Ármúla 15 • sími 515 0500
fax 515 0509 • www.fasteignakaup.is
fasteignakaup@fasteignakaup.ist

# OPIÐ HÚS – Flúðasel 63, Reykjavík



Falleg 4ja herbergja íbúð við Flúðasel. Íbúðin sem er á fyrstu hæð er eftirfandi. Komið er inní rúmgott hol sem er með flísum á gólfi, Eldhús er með eldri snyrtilegri innréttingu og góðum borðkrók á gólfi eru flísar. Stofan er mjög rúmgóð með útgengi á góðar suðursvalir á gólfi er parket.
Herbergi sem eru þrjú eru öll með dúkum á gólfi skápar eru í tveimur þeirra. Baðherbergi er með flísum í hólf og gólf. Sérgeymlsa er í kjallara. Með íbúðinni fylgir stæði í sameiginlegu bílskýli. Fjölbýlið er allt hið snyrtilegasta og er í góðu viðhaldi.
Páll Höskuldsson sölufulltrúi Fasteignakaupa tekur á móti gestum milli kl.17 - 18 í dag.

**Heimilisfang:** Flúðasel 63 Reykjavík
**Stærð eignar:** 96.3 fm
**Staðsetning í húsi:** 01
**Bílskúr:** 32,8 fm
**Byggingarár:** 1976
**Brunab.mat:** 13.586.000
**Lóðamat:** 1.581.000.
**Afhending eignar:** Samkomulag
**Verð:** 17,9 milj.

FASTEIGNAKAUP
Erna Valsdóttir Löggiltur fasteigna-.skipa- og fyrirtækjasali.



Sölufulltrúi : Páll Höskuldsson
gsm: 864 0500,
e-mail : pall@fasteignakaup.is

Ármúla 15 • sími 515 0500
fax 515 0509 • www.fasteignakaup.is
fasteignakaup@fasteignakaup.ist

# Opið hús í Miðtúni 3, 105 Reykjavík



Fasteignakaup kynnir tveggja íbúða einbýlishús í Miðtúni.
Efri hæð: Forstofuherbergi, hjónaherbergi, borðstofa, stofa, eldhús, baðherbergi, eldhús og hol.
Neðri hæð : Tvö svefnherbergi, tölvuherbergi, stofa, eldhús, baðherbergi og þvotthús.
Garður er í góðri rækt og garðhýsi er á lóðinni. Hér er um sérlega vel staðsetta eign að ræða í góðu hverfi.
Opið hús í dag milli kl 16-17 í dag

Nánari upplýsingar veitir Guðmundur Valtýsson sölufulltrúi Fasteignakaupa gsm 865 3022

**Heimilisfang:** Miðtún 3, 105 Reykjavík
**Stærð eignar:** 138,2 fm
**Staðsetningí húsi:** Allt húsið
**Bílskúr:** 22 fm
**Byggingarár:** 1941
**Brunab.mat:** 18.592.000
**Lóðarmat:** 4.868.000
**Afhending eignar:** samkomulag
**Verð:** 33 milj.

FASTEIGNAKAUP
Erna Valsdóttir Löggiltur fasteigna-.skipa- og fyrirtækjasali.



Sölufulltrúi : Guðmundur Valtýsson
gsm: 865 3022
e-mail : gudmundur@fasteignakaup.is

Ármúla 15 • sími 515 0500
fax 515 0509 • www.fasteignakaup.is
fasteignakaup@fasteignakaup.ist

# Opin hús

## Grettisgata 3 - kl: 15 - 16

góð 3ja herbergja í 101




Góð 66,4 fm. 3ja herbergja íbúð ásamt 15 fm geymslu. Íbúðinni fylgir sérstæði í porti á baklóð. Parket og flísar á gólfum í stofu, eldhúsi og baði en korkflísar á herbergjum.
Hér er um að ræða fallega og skemmtilega eign á góðum stað í miðborginni.
Guðmundur Andri tekur á móti gestum á milli kl: 15 og 16 í dag.

Guðmundur Andri
Fasteignaráðgjafi
GSM 8 200 215

15,7 millj.

## Álfheimar 19 - kl: 15 - 16

4ra herbergja sérhæð




Hér erum við með góða 4ra herbergja íbúð, auk geymslu. Parket er á gólfum í stofu og svefnherbergjum en eldhús og bað er flísalagt.
Samþykki hefur fengist fyrir því að gera ca. 40 fm svalir / yfirbyggingu út frá vesturhlið eignarinnar.
Lárus tekur á móti gestum milli kl: 15 og 16 í dag.

Lárus Ómarsson
Fasteignaráðgjafi
GSM 824 3934

17,3 millj.

## Hálsasel 3 - kl: 15 - 17

6 herbergja raðhús




Ágætt 186,4 fm. tveggja hæða, 6 herbergja raðhús, þar af með innbyggðum 21,7 fm. bílskúr auk sérgeymslu, í Seljahverfi. Mjög rólegur og barnvænn staður, stutt í útivist og skóla.
Athugið ---- Húsið fæst afhent við kaupsamning !
Jón Víkingur og Sveinbjörn Freyr taka á móti þér í dag á milli kl: 15 og 17 í dag.

Jón Víkingur
Fasteignaráðgjafi
GSM 892 1316

29,9 millj.

Sveinbjörn
Fasteignaráðgjafi
GSM 895 7888

hóll
- við höfum meira að bjóða

Hóll fasteignasala | Franz Jezorski lögg.fasteignasali | Skúlagata 17 | 101 Reykjavík





FRÉTTABLAÐIÐ

AUGLÝSINGASÍMI
550 5000

# Opið Hús

## Drekavellir 22 - Hafnarfirði

## í dag frá kl: 15:00 - 17:00








# Til afhendingar strax

## - nýtt heimili fullbúið tækjum

SPH SPARISJÓÐURINN

### Fullbúnar íbúðir með öllu

Vandaðar og vel skipulagðar 24ra herbergja íbúðir í nýju húsi við Drekavelli í Hafnarfirði. Íbúðirnar afhendast fullbúnar með AEG ísskáp, uppþvottavél, örbylgjuofn, þvottavél og þurrkara.

### Til afhendingar nú þegar

Eikarparket á stofu og herbergjum. Gólf á baðherbergi flísalagt sem og geymslu og þvottahúsi.



Spónlagðar eikarinnréttingar frá Brúnás í eldhúsi og á baði og allar hurðir í íbúðinni eru yfirfelldar.

Lóð verður skilað fullfrágenginni, bílastæði malbikuð, gangstéttar hellulagðar og garður við húsið tyrfður.

Hér vantar ekkert nema fleira skemmtilegt fólk með húsgögnin.

### Nýtt hverfi, skipulagt með þarfir fólksins í huga

Drekavellir 22 eru staðsettir í nálægð við alla helstu þjónustuþætti. Skóli og leikskóli eru steinsnar frá og verslunar- og þjónustukjarni í næsta nágrenni.



Á jarðhæð er sérhönnuð 98 fm. íbúð fyrir fatlaða.

Allt skipulagt og teiknað með þínar þarfir að leiðarljósi.

### Hóll - tákn um traust

Hóll hefur frá upphafi verið frumkvöðull í fasteignasölu og haft það að markmiði að skapa umhverfi þar sem allir leggja metnað sinn í að þjónusta þig. Fagleg ráðgjöf um fjármögnun og greiðslutilhögun ásamt skilningi á ykkar þörfum er lykillinn að tækifærunum. Möguleikarnir eru í raun rétt við dyrastafinn

### Verð og áætluð greiðslubyrði hámarkslána frá SPH.

| | |
|---|---|
| Verð, 105 fm. íbúð | 22.950.000 |
| Eigið fé | 2.295.000 |
| Íbúðalán SPH | 20.155.000 |
| Mánaðarleg greiðsla | 86.700 |

HÓLL

# Teikningar á netinu, www.holl.is

Hóll fasteignasala | Skúlagata 17 | Franz Jezorski lögg. fasteignasali | sími: 595 9000 | fax: 595 9001 | holl@holl.is | www.holl.is | Tákn um traust]

* Greiðslubyrði miðast við lán frá Sparisjóði Hafnarfjarðar til 40 ára með 4,15 % föstum vöxtum. Ekki er gert ráð fyrir verðbótaþætti né vaxtabótum í þessum útreikningum. Kostnaður við lántöku, stimplun og þinglýsingu er ekki innifalinn í greiðsluútreikningi þessum.

© gandri - Guðmundur Andri Skúlason




# Flestar fasteignir á visir.is



## Leitaðu þar sem úrvalið er mest

Fasteignavefur Vísis er með flestar fasteignir á skrá af öllum fasteignavefjum landsins, samkvæmt talningu 11. - 17. október.

- Ný og betri leitarvél
- Flestar skráðar fasteignir
- Markvissari leit
- Mesta úrvalið - örugg niðurstaða

vísir ...UM ALLT!




# Sölusýning í dag

## í húsi númer 1 - milli kl 14 og 16

Glæsilegar 2ja, 3ja og 4ra herbergja íbúðir í 4-6 hæða lyftuhúsi. Eftirsóttur staður í göngufæri við Spöngina, sem er nýr verslunar og þjónustukjarni. Fallegt útsýni og stutt í golf, sund o.fl. Íbúðirnar sem eru mjög aðgengilegar eru fyrir 50 ára og eldri, hannaðar af Kristni Ragnarssyni arkitekt. Íbúðunum er skilað fullbúnum án gólfefna nema á baðherbergjum sem eru flísalögð á veggjum og gólfi ásamt hita í gólfi. Húsinu er skilað fullfrágengnu að utan með steinaðri áferð, og álklæðning að hluta. Hluti svalaganga er klæddur með hertu gleri. Lóð verður frágengin með grassvæðum, hellulögðum gangstéttum og malbikuðum bílastæðum, þar af hluti sérmerktra stæða í bílageymslu. Öllum íbúðum á efri hæðum fylgja mjög góðar svalir, en hellulögð verönd á jarðhæð.

**Allar nánari upplýsingar og teikningar á www.soleyjarimi.is og á skrifstofum söluaðila**

HÚSIÐ
FASTEIGNASALA
**533 4300**

SMÁRINN
FASTEIGNASALA
**564 6655**

Salómón Jónsson - lögg. fast.sali - Húsið • Vilhjálmur Bjarnason - lögg. fast.sali - Smárinn

# allt - sem þig vantar

SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER OPINN ALLA DAGA KL. 8–22

TIL BIRTINGAR NÆSTA DAG ÞARF AÐ PANTA FYRIR KL. 14.30

SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000
smaar@frettabladid.is / visir.is

AFGREIÐSLAN ER OPIN:
MÁNUDAG TIL MIÐVIKUDAGS 8–18
FIMMTUDAG OG FÖSTUDAG 8–19
LAUGARDAG 9–17 SUNNUDAG 11–16

## BÍLAR & FARARTÆKI



BEL radarvarar. Vandaðir radarvarar sem nota allra nýjustu tækni til að skynja radar og laser bylgjur. Falsviðvaranir í algjöru lágmarki. Verð frá 14.900 kr. Kíkið á heimasíðu okkar til að nálgast nánari upplýsingar. www.aukaraf.is



BOSS bassabox. Öflugt 2 x 12 Bassabox, 1600 Wött, Með neonljósum sem blikka í takt við tónlist. Tilboðsverð þessa viku 34.900 kr. Kíkið á heimasíðu okkar til að nálgast nánari upplýsingar. www.aukaraf.is



BOSS Geislaspilarar. Vandaðir BOSS geislaspilarar. 4 x 50 watta innbyggður magnari. Fjarstýring fylgir. Snúningstakki til að hækka og lækka. 6 x RCA útgangur. RCA inngangur fyrir i-Pod, DVD eða fartölvu. Verð frá 19.900,- kr. Kíkið á heimasíðu okkar til að nálgast nánari upplýsingar. www.aukaraf.is

**AMG Aukaraf**
**Dalbrekka 16, 200 Kópavogur**
**Sími: 585 0000**
**www.aukaraf.is**



50% afsláttur ! Nýr 2004 Landrover Discovery S V8 4,0L. Sjálfskiptur, álfelgur, Sjálfvirk loftkæling, ofl. Litir: Gullsans, Vínrauður og Dökkblár. Aðeins þrír bílar á þessu frábæra verði. Verð: 3.600 þús.

**Sparibíll ehf**
**Skúlagötu 17, 101 Reykjavík**
**Sími: 577 3344**
**www.sparibill.is**



Til sölu Ford Mustang GT Premium, 300HP Nýr bíll. Sport innrétting, sá allra flottasti. gott verð uppl. www.automax.is S. 899 4681. 2ja ára verksmiðjuábyrgð.



Til Sölu Dogde Grand Caravan SXT 2005 árg 3.8L vél 7 Manna, Gullfallegur bíll, Hlaðinn Aukabúnaði verð 3.150 Þ. Uppl. www.automax.is S: 899 4681 2ja ára Verksmiðjuábyrgð.

**Automax**
**Sími: 899 4681**
**www.automax.is**



Daewoo Kalos SX 1.4., nýskr. 06/04. Ek. 17 þ. km. Silfur, álfelgur, filmur, kastarar, spoiler o.fl. Verð 1.190.000. Heimsbílar eru staðsettir á nýja stóra bílasölusvæðinu við Klettháls 11.

**Heimsbílar**
**Kletthálsi 11a, 110 Reykjavík**
**Sími: 567 4000**
**www.heimsbilar.is**

## Bílar til sölu



Vel með farinn Chevrol Astro árg. '99, 8 manna, 4.3 l, 190 h., 4WD, leður, cruise, og m.fl. Góður stgr., afsl. S. 840 3425.



Nýr Ford 350 Harley Davidson, árg. '05, dökkblár, 6 lítra dísel, 4x4, sjálfsk. ek. 1500km. Leður, rafmagn, sóllúga, 20" álfelgur... einn m.öllu, pottþéttur f. fellihýsið, camperinn, sleðana eða hjólin. Verð 4,5 millj. engin skipti. Uppl. í s. 893-4576



Splunkunýr ónotaður Volvo XC90 jeppi árg 2005. Verð 5,2 mkr 6950012 eða 8963867

Polo '96 3ja dyra. Ek. 141 þ., sk. '06. Uppl. í s. 844 1225 & 844 6475.

YFIRTAKA Á REKSTRARLEIGU - Toyota Corolla 5 dyra svartur beinsk. 2 ár og 4 mán. eftir. Mán. gr. 31þ. Uppl. 867 6080

## 0-250 þús.



Hyundai Accent árg. '95 ek. 125 þ. V. 145 þ. Nýjar bremsur ofl. Skoðaður '06. Uppl. í s. 861 0001. Skipti á tjaldvagni ok.



Til sölu Mazda 323 árg '96, ek. 162 þús., sk. '05. Ssk. Verð 130 þús. Uppl. í s. 581 3792 & 898 8216.



Daih. Charade árg '95. ek. 124 þús., bsk., 1.3l smurbók frá upphafi, verð 180 þús. Einnig til sölu Toy. corolla árg '00, bsk., ek. 92 þús., liftbakur, gott eintak. S. 863 0287.

Til sölu Nissan Sunny GTI '92, ekinn 190 þús. Ný kúpling, 14" álfelgur, cd. Þarfnast smá lagfæringar. Fæst á 150 þús. Fyrstur kemur fyrstur fær. S. 821 9065.

Toyota Carina II '90, ekinn 136 þús. km. Smurbók frá upphafi. Ný tímareim, nýjar bremsur, nýtt púst og nýr vatnskassi. mjög smávægilegt útlitstjón. Bíllinn er á Akureyri. Verð 230 þús. S. 697 8977.

Nissan Sunny árg. '91, 3 dyra, ek. 160 þús. Sk. '06, cd , rafm. í öllu og hiti í sætum. Verð 60.000. Uppl. í s. 661 7872.

Mazda 323 '95 ek. 170 þús. Mikið endurnýjaður. Sk. '06. Verð 150 þús. Uppl. í s. 691 2928.

Toyota Corolla árg '95, ek. 190 þús. CD, spolier og álfelgur. Sk. '06. Verð 250 þús. Uppl. í s. 897 7807.

Pointiac Grandam árg '91, ek. 107 þús., mílur. Rauður, 2 dyra. Vel viðhaldinn konubíll. Verð 190 þús-tilboð. Til sýnis að Fögrukinn 21 Hafnarfirði. Hringið strax-geymið auglýsinguna. S. 895 9780.

TOYOTA CARINA E 2,0 '94, Nýsk,sjálfsk,krókur,ek.239 þ.km. verð 250 þ. S.8958956

Hyundai Acc. '98, 3ja dyra. Vel með farinn, skoðaður 06. Verð 280.000 S. 8981762/5529132

## 250-499 þús.



Renault Megane árg. '98 ek. 113 þ. V. 495 þ. Skoðaður '06. Uppl. í s. 861 0001. Tjaldvagn upp í greiðslu ok.



Toyota Hilux E/C V-6, 35" árgerð 1991, ekinn 120 þ.mílur. Plasthús, rafmagn, cruise. Verð 390.000. Skipti ath. S. 820 0866 Gylfi.



Suzuki Vitara JLX '92. Ekinn 132 þús. Ssk., 30" dekk. Í topplagi. Verð 285.000. Sími 849 9690 & 896 1088.

Honda Civic '97, dökkgrænn, ekinn 175 þ. toppástandi. Verð 490 þ. Áhvílandi 250 þ. upplýsingar í síma 699 7897 aðeins á sunnudag.

**Útsala!**
Til sölu Daewoo Nubira station árg. '99, ek. 130 þús. Mikið endurnýjaður, sumar-og vetrardekk, krókur. Áhvílandi 220.000. Verð 280.000. Uppl. í s. 566 7136 & 846 1865.

## 500-999 þús.



Mjög vel með farinn M.Bens '93 til sölu. Ekinn 214 þús. 100% lán fylgir. Uppl. Edda s. 896 6694.



Honda Civic Aerodeck '99. 1.5L V-tec, Ek. 94 þús. 5 g. Toppbíll. V. 600 þ., 550 stgr. Uppl. í s. 820 0621.



Til sölu Masda 323F árgerð 1999. Vel með farinn og ekinn 62.000 km. Verð 790 þ. S. 896 9778 & 821 9778.



Ford Windstar Til sölu Ford Windstar árg 1998 ekinn 160 þús km sjálfsk , 7 manna dráttarbeisli,álfelgur , skoðaður '06. Verð 890 þús. Uppl í s. 694 3308.



Toyota Corolla station árg. 07/'01 ekinn 84 þús. Verð 970 þús. Uppl. í s. 586 1772 & 862 7649.



Til sölu Toyota Corolla '99. Ekinn 103 þús. Nýskoðaður, ný tímareim. Verð 570 þús. Upplýsingar í síma 698 6065.



Saab 9000 CSE 2.3 Turbo Verð 990 þús. Einn með öllu, 230hö ek. 155 þús. S: 8967772



Skoda Octavia st. 1.6, ssk, árg. '00 ek. 76 þ.km. Ásett v. 980 þús. S. 698 0744.

MMC Lancer GLXi '97, ekinn 91 þ. Nýyfirfarinn. Sk. '06. Verð 650 þ. S. 698 7462.

Nissan Almera '00 1400 Silfurgrár ek. 91þ. Ný sk., CD, vetrar og sumard. V. 620þ. áhv. 460þ. Gr.b. 14þ. S. 660 1573.

## 1-2 milljónir



Ford Focus Colleotion, skr., 11/3 '04, ek. 18 þús, ssk. Ásett verð 1,7m. Uppl. í s. 863 1134 & 565 1134.



Toyota Avensis skr., 12/2000, ek. 65 þús, 1800cc, ssk., auka álfelgur. Einn eigandi. Verð 1230 þús. Uppl. í s. 820 0051.

## 2 milljónir +



Til sölu M. Benz CLK 320 '99. Ek. 100 þús. Leður, topplúga, 18" álfelgur, verð 2,9 mil. Áhv. 1.400 þús. Upplýsingar í síma 662 4943.



Subaru Impreza TURBO '00 (GULLIÐ). Ekinn 64 þús., ný upptekin vél, ný málaður, cosh warth stimplar, drop zone gormar, 17" felgur, ný dekk, filmur, þjófavörn, sti spoiler, turbo timer, blitz pústkerfi, down pipe og sía ofl. ofl. Áhv. 800 þús. Verð 2090 þús. Sjón er sögu ríkari. Eins og nýr. Engin skipti. S. 821 9065.



Bmw 740i árg '99 ek 160þ. '00 body til sölu. Bíllinn er hlaðinn aukabúnaði t.d Leður,rafm í öllu, Gps navi. Cd magazín, Tv, o m fl. Ásett verð 2.900 áhv. ca. 1.800. S. 868-1616.

## Bílar óskast

Vantar rúmg. sjálfskiptan bíl, helst yngri en'97. stgr í boði ca. 3-700Þ plús s. 5679266/8404368

## Jeppar

Til sölu Toyota Double Cap árg. '91. 2,4 Dísel, Turbina Intercooler, breyttur 38". Ásett verð 500.000. Skoða öll skipti. Sími 662 1075.

Toyota 4runner '92. Ekinn 120 þús., ný 31" dekk, webbasto forritari, aukafelgur, góður bíll. S. 863 5405.



Til sölu Pólskt hjólhýsi '91 vel með farið 3 manna nýr ísskápur 12-220v og gas upplýsingar í síma 8979952

GlæsilegurAlfaRomeoTwinSpark árg99 ath möguleg skipti á dýrari uppl í s:8697139

## Fornbílar

Hálf uppgerður Benz 250S 68 model. Almálaður grár. V. 250 þús. Uppl. í s. 861 4300, Siggi.

## Pallbílar



Nissan King Cab Pickup Diesel 4X4, 1996, 2500 cc, ek. 154 þ. Verð 530 þ. s:8623667

## Húsbílar



WV Transporter '83. Verð 400 þús. Tek tjaldvagn uppí. Uppl. í s. 893 6526.

## Mótorhjól



HONDA CR250R Til sölu árg.2003 nýtt og ónotað hjól kr.535.þ. Uppl.í síma.896 8882.



NÝ SENDING!!! 200 cc cross hjól á 299 þús 200cc götuskr. endurohjól á 320 þús. 125 cc cross hjól í sérpöntun (179 þús) Frekari upplýsingar í síma 899 4550 www.fjorhjol.is



NÝ SENDING!!! 200 cc cross- og endurohjól. www.fjorhjol.is / sími:899 4550

Öku- og bifhjólakennsla. Ný hjól nýjar áherslur. Davíð S. Ólafsson. S. 893 7181. www.simnet.is/dso

Kawasaki Vulcan 1600 Mean Streak 2005, ekið 400 km. Uppl. í s. 898 4988.

Til sölu Yamaha 450WR árg. '04 Suzuki DS80 '98 mini krossari, lítið hjól. Gokart 125cc með kerru. S. 696 3307.

**Óska eftir**
Óska eftir 4 gengis endúró hjóli helst 5-600 cc, verð í kringum 150 þ. Uppl. í síma 663 3457.

## Vélsleðar



**Veiðiportið**



Ertu orðin leiður á að borga 500-700 fyrir einn spún? Spúnar á aðeins 290 kr! Veiðiportið, fyrir hagkvæma veiðimenn! Grandagarði 3. Sími: 552-9940

Laugardalsá - opnun. Vegna forfalla er hollið laust (2 stangir), dagana 12, 13, 14, 15 júní (3 dagar). Uppl. í s. 820 7777 og 696 9621.

## Hestamennska

Hestabeit í Fljótshlíð. Góð aðstaða í fallegu umhverfi. Uppl. í s. 863 6669.

Góður 3ja ára Bennis Harmony Elegant til sölu, góður hnakkur. upplýsingar í síma 862-8422.

## Ýmislegt



**Draugasetrið**
Kaffiveitingar í hlöðarsal
Sumaropnun: Alla daga 14-21
Pakkatilboð fyrir hópa
draugasetrid@draugasetrid.is
draugasetrid.is

**Fjarstýrðir Rafmagns og bensínbílar**



Verð frá kr. 29.900.-
vdo.is
Borgartún 36 - s: 588-9747

# HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði

101 Rvk. Herbergi með húsgögnum, sameiginlegt bað og eldhús. Þvottavél og ísskápur. Eldhús með öllu. Allt nýtt. V. 27.000 S. 895 5546.

120 fm 4ra herb. íbúð til leigu í þríbýli við Arnarhraun í HF, sérinng., leigutími 10/6 - 10/10 - 99 þús. S. 861 9896, Rúnar.

FULLBÚIN ÍBÚÐ! 2.herb. í miðbæ Rvk. Frábær staðsetning. Húsgögn og húsbúnaður fylgir. Losnar 1.júní. Svava 6980172

## Húsnæði óskast

Traust stórfyrirtæki óskar eftir 3ja-4ra herbergja íbúð til leigu í allt að ár fyrir starfsmenn sína. Kostur ef húsgögn fylgja. Helst staðsett í Garðabæ eða Hafnarfirði. Uppl. s. 825 8140 eða 825 8188 milli kl. 9 17.

Óska eftir 1-3ja herb. íbúð. Meðmæli og fyrirframgreiðsla ef óskað er. Upplýsingar í síma 659 5013.

Einbýlishús óskast til leigu á höfðuborgarsvæðinu. 5+ herbergi og bílskúr. Uppl. í s. 848 5705, Valgerður & 847 2335, Halldór & 661 0373, Ragnar.

Óska eftir 2ja-3ja herb. íbúð með sérinngangi (gæludýra væna) til leigu frá 1.07. Uppl. í síma 849 6700.

Einstaklingur óskar eftir 3ja herbergja íbúð í Júní, Júlí og Ágúst. Greiðslugeta 65-70 þús. (Meðmæli) S.869 9175 Karl.

Óska eftir íbúð helst á sv. 107. Frá 1 Júní til 1 Ágúst. Uppl. gefur Sigurður í sölut. Hagamel 67 s. 562 8333.

Kona m. 1 barn leitar að 3ja herb. íbúð í Rvk. Langtímaleiga. Fyrir 1. júní. S. 822 7777.

Geymsluherbergi/bílskúr óskast fyrir hreinlega búslóð. Uppl. í s. 568 5285 & 823 0761.

Óska eftir stúdíóíbúð eða herbergi til leigu í Reykjavík. Er reglusöm og reyklaus. Hef meðmæli, greiðslugeta 35.000. S. 891 6313.

## Sumarbústaðir

**Vélaborg**



**Rimlahlið**
Rimlahlið í vegi, tvær staðlaðar stærðir, 3,66x2,50m, burðargeta 20 tonn, verð kr. 109.000- án vsk./ 4,50x2,55m, burðargeta 40 tonn, verð kr. 246.000- án vsk. Vélaborg Krókhálsi 5F 110 Rvk, 414 8600, Njarðarnesi 2, 603 Ak, 464 8600.

**Vélaborg**



**Hlið**
á göngustíga, heimreiðar, vegi, girðingar, beitarhólf ofl. Mikið úrval, margar gerðir og stærðir. Smíðað úr galvaniseruðu stáli. Öflugir burðarstaurar, einnig staurar með læsingu, nokkrar gerðir. Vélaborg Krókhálsi 5F 110 Rvk, 414 8600, Njarðarnesi 2, 603 Ak, 464 8600.

**Vélaborg**



**Rafgirðingaefni.**
Allt til rafgirðinga, staurar, vír, spennugjafar, 220V, 12V og 9V einnig sólarrafhlöður, leiðarar, einangrar, randbeitargirðingar o.fl. ATH. Góðar leiðbeiningar í Vörulista Vélaborgar..Vélaborg Krókhálsi 5F 110 Rvk, 414 8600, Njarðarnesi 2, 603 Ak, 464 8600.

## Atvinnuhúsnæði

Til leigu 90 fm skrifstofuhúsnæði á 3. hæð í Hlíðasmára. Nánari upplýsingar á tobbasig@islandia.is

**Skrifstofuherbergi.**
Til leigu, að Súðarvogi 7. 20 fm herbergi á annari hæð með aðgang að sameiginlegu fundarherbergi, kaffistofu, salerni og öryggiskerfi. Á fyrstu hæð er til leigu 40 fm skrifstofa með eldhúskrók og salerni. Laust nú þegar. Skrifstofurnar eru ný standsettar með tölvum og símalögnum og verið er að ljúka standsetningu á húsnæðinu að utan. Næg bílastæði. Uppl. veitir Hlynur í síma 824 3040.

## Bílskúr

40 fm bílskúr með raf. og hita í Kóp., til leigu. Leiga 35 þ., á mán. S. 863 6669.

## Gisting

**GISTING Í REYKJAVÍK**
Sérhús með öllum búnaði + heitur pottur, svæði 105.Svefnpláss fyrir 8.manns.Sími 588 1874. www.toiceland.net

# ATVINNA

## Atvinna í boði

**BM ráðgjöf**
www.bm.is
Starfsfólk !
Við erum að bæta við duglegu sölufólki núna !
Góð verkefni – góð laun
BM ráðgjöf ehf.
Reykjavík 822 5052
Vestmannaeyjum 693 2488
Reykjanesbæ 862 1180
bm@bm.is

**Rafvirkjar Óskast**
Vantar rafvirkja í vinnu. Þarf helst að vera með sveinspróf, góða þekkingu og reynslu og geta unnið sjálfstætt. Upplýsingar í síma 862 5747 og 862 0909.

**Múrarar óskast til starfa**
Mikil vinna framundan í úti og inni púsingu.
**Granant Múr uppl. í s:866 6291**

**Blikksmíði ehf**
Óskum eftir að ráða blikksmiði eða menn vana blikksmíðavinnu. Einnig vantar okkur menn í sumarvinnu. **Upplýsingar gefur Jón í s. 565 4111 & 893 4640.**

**Atvinna í boði.**
Meiraprófsbílstjóra vantar helst með vinnuvélaréttindi. Einnig aðila með vinnuvélaréttindi á hjólavél. **Uppl. í s. 822 2661.**

**Pípulagningamenn**
Pípulagningamenn óskast til starfa sem fyrst. Mikil vinna framundan og góðir tekjumöguleikar. Faglagnir. Sími 517 0240 & 824 0240.

**Verkamenn og smiðir!**
TSH óskar eftir verkamönnum og smiðum í 100% starf. Um framtíðarstarf er að ræða. Mikil vinna framundan. Upplýsingar í síma 660 1798.

Kjötsmiðjan ehf óskar eftir að ráða kjötiðnaðarmann eða aðila vanan úrbeiningum, framtíðarstarf. Uppl. gefur Birgir í síma 894 4982.

**Sumarvinna**
Vantar duglegt fólk í garðslátt með bílpróf á aldrinum 17-25 ára. Hægt er að sækja um á www.gardlist.is

Grillhúsið Tryggvagötu óskar eftir starfsfólki í sal í kvöld og helgarvinnu, reynsla æskileg og yngri 20 ára koma ekki til greina. Upplýsingar á staðnum eða í s. 696 8397.

**Akureyri**
Garðaumhirða óskar eftir að ráða vana menn í slátt á Akureyri. Reynsla af slætti á traktor með sláttuvagni æskileg. Einnig þurfa menn að vera með vinnuvélaréttindi eða leyfi til að vinna á traktor. Laun samkomulag. Upplýsingar í síma 821 2575 & 821 2676.

Óska eftir duglegum starfskröftum í ræstingar kvöld og helgar. Uppl. í s. 867 9026.

Ræstingaþjónustan sf óskar eftir starfsfólki til starfa við daglegar ræstingar í m.a. í 101, 108, 110 og 112. Einnig óskum við eftir fólki á skrá víðsvegar um höfuðborgarsvæðið. Nánari upplýsingar gefur Margrét í síma 587-3111, virka daga milli kl. 13 og 16.

**Brautarstöðin**
Skyndibiti og sjoppa. Starfsfólk óskast. Vinnutími 11-17 virka daga. Ath. ekki sumarvinna. Viljum bara kraftmikið fólk með ábyrgðartilfinningu. Upplýsingar gefur Hinrik á staðnum. Brautarstöðin Ármúla 42.

**Ræstingar**
Nostra hreingerningar óskar eftir að ráða starfsfólk til starfa. Í boði eru tvö 100% störf á daginn.Starfsmenn verða á bíl frá fyrirtækinu. Ráðið verður strax í störfin. Óskum einnig eftir fólki á skrá til að vinna kvöld- og helgarvinnu. Allar upplýsingar um störfin gefur Stefán í síma 824 1450 lau. og sun. milli 13-18.

**Matreiðslumaður óskast**
til starfa á nýjum matsölustað úti á landi. Þarf að geta hafið störf sem fyrst. Uppl. í síma 895 1639.

**Kvöld og næturvinna**
Subway Austurstræti, vantar fólk í kvöld og helgarvinnu.. Leitum að jákvæðu og lífsglöðu fólki með mikla þjónustulund. Hægt er að sækja um á subway.is Nánari upplýsingar í síma 696-7006. Aðeins 18 ára og eldri.

**Sjómenn**
Stýrimann, matsvein og háseta vantar á línubát sem rær frá Sandgerði. Uppl. í s. 845 8322 & 534 6565.

Ótrúlega einföld leið til að búa til góðar tekjur á netinu. www.2in7days.com/anna

**Ræsting/dagvinna**
Vantar fólk í ræstingu í sumar. Umsóknir í síma 897-1012 og 533-6020 og á netfanginu rosa@raestir.is

Nýr veitingastaður í miðborginni óskar eftir að ráða vana þjóna. Uppl. í s. 893 1627.

Starfsfólk óskast. Óskum eftir starfsfólki í afgreiðslustörf, vinnutími 17 - 23:30. Yngri en 18 ára koma ekki til greina. Óskum einnig eftir starfskrafti til eldhússtarfa og afgreiðslu á mat. Upplýsingar á staðnum, Svarti Svanurinn, Laugavegi 118

Aupair óskast til Þýskalands nálægt Kiel. Getur byrjað stax og verið í 1/2 - 1 1/2 ár. Við erum indæl þýsk fjölskylda með 2 ára stúlkubarn. Uppl. í s. 0049 4349919410 & tanja.tank@tank-reisemobile.de

Vantar starfskraft í parketvinnu ekki yngri en 20. Mikil vinna framundan. Sími 847 1481.

**Fiskvinnsla**
Óska eftir vönu fólki í fiskvinnslu í snyrtingu og pökkun. Reglusemi og stundvísi skilyrði. Uppl. í s. 698 7120 eftir kl. 16.

Óska eftir starfskrafti til starfa á nýja vaxtamótunarstofu fyrir konur, menntun eða reynsla á heilbrigðissviði æskileg. Vinsamlega sendið umsókn á bailine.island@hive.is Öllum umsóknum verður svarað.

## Atvinna óskast

Hárgr.nemi óskar eftir að komast á samning sem fyrst. Hef unnið á stofu í tæpt ár. Svör sendist til Fbl eða á smaar@frettabladid.is merkt hárgr.nemi.

**Ráðskona**
Óska eftir ráðskonustarfi í sveit eða borg. Vön með víðtæka starfsreynslu. Upplýs. í síma 865 7727.

Snyrtifræðingur óskar eftir vinnu! Guðrún s: 8656339

# TILKYNNINGAR

## Tapað - Fundið



Hver hefur séð kisuna okkar Max á svæði 104? Hann er eyrnamerkur með nr. 4 R 295. Fundarlaun. Uppl. í s. 561 0472 & 845 3139 & 525 4566.

## Einkamál

Óska eftir að kynnast eldri konu. Bílpróf, enskuþekking og tölvukunátta er kostur. Svör sendist í Skaftahlíð 24 merkt "123" eða á smaar@frettabladid.is(Ferðalög)

**Smiðir**
**Bygg ehf óskar eftir smiðum til starfa.**
Hjá okkur er allt mælt og mikil mælingarvinna framundan, góður aðbúnaður og virkt starfsmannafélag.

A) Við þurfum 4-6 smiði í mótauppslátt við 8.hæða ca. 7.000 m2 húsnæði.

B) Smiði í gluggaísetningar og utanhúsklæðningar í stórum húsum.

**Uppl. í síma 693-7303.** BYGG

## SAMLESNAR AUGLÝSINGAR

90,9 | FM 95,7 | vísir | FRÉTTABLAÐIÐ | 90,9 | FM 95,7 | vísir

| | |
|---|---|
| Kaupum álfinn, hringdu í síma 904-2005. **SÁÁ.** | Opið til sex í dag. **IKEA.** |
| Híbýli vindanna, næst síðasta sýning í kvöld. **Borgarleikhúsið.** | Birta er komin í hús. Blaðauki um snyrtivörur. **Birta! mest lesna tímaritið.** |
| Verðurfar er hugarfar. **IKEA.** | |

# Nýtt símanúmer
## hjá dreifingu:



# 550 5600

FRÉTTABLAÐIÐ

Þorgeir Ástvaldsson | Kristófer Helgason | Ásgeir Páll Ágústsson



FM 98,9 BYLGJAN
**Reykjavík síðdegis**
Alla virka daga kl. 16-18.30

# SLÁANDI YFIRBURÐIR




Samkvæmt niðurstöðum nýrrar fjölmiðlarkönnunar Gallup eru lesendur Fréttablaðsins 43% fleiri en Morgunblaðsins á meðal fólks á aldrinum 18 til 49 ára. Þessi aldurshópur er langvirkastur í kaupum á hvers kyns vörum og þjónustu.

Fréttablaðið er einfaldlega það blað sem fólk kýs að lesa, umfram önnur dagblöð.



# Stjörnustríðin eru ekki bara ævintýramyndir

Í fljótu bragði virðast Stjörnustríðsmyndirnar vera ævintýri um baráttu góðs og ills. Ólafur H. Torfason segir George Lucas hins vegar hafa skrifað þær í ákveðnum tilgangi. Að fá ungt fólk til þess að velta fyrir sér spurningunni: Er til guð eða ekki?



„Þeir sem eru að fara á Stjörnustríðsmyndina verða að gera sér grein fyrir því að þeir eru að fara á trúarsamkomu hjá trúarsöfnuði,“ segir Ólafur H. Torfason, kvikmyndarýnir og rithöfundur. „Stjörnustríðsbálkurinn er uppfullur af goðsögnum,“ segir hann. „George Lucas gat ekki hugsað sér neitt verra en að ungt fólk væri hætt að hugsa um hvort guð væri til eða ekki,“ bætir Ólafur við og vísar í viðtal við Lucas þar sem hann segist meðal annars hafa sett Máttinn í myndirnar til að vekja upp ákveðna gerð af andlegheitum í ungu fólki: Trú á Guð fremur en trú í samræmi við eitthvert sérstakt trúarbragðakerfi.

Ólafur segir enn fremur að í Bandaríkjunum skipti miklu máli hvar leikstjórinn standi bæði hvað varði trúmál og pólitík, ólíkt því sem gerist hér heima. „Kvikmyndir í Bandaríkjunum spila heilmikið inn á þjóðfélagsumræðuna og fjalla um samfélagið,“ segir hann og bendir á að Ridley Scott, sem gerði krossfaramyndina Kingdom of Heaven, sé guðleysingi. „Það hlýtur að setja mynd í annað samhengi þegar guðleysingi fjallar um átök trúarbragða.“

Ólafur segir Lucas vera undir miklum áhrifum frá hugmyndum Bandaríkjamannsins Josephs Campbell sem byggði kenningar sínar á sálfræði Carl Gustav Jung. „Stjörnustríðið er í raun unnið innan ramma Jungs og Campeblls,“ segir Ólafur en Campbell taldi meðal annars að allar miklar goðsögur þyrfti að endursegja með hverri kynslóð. „Hann fagnaði því að Lucas væri að gera þetta með Stjörnustríðsmyndunum á tungumáli okkar tíma, kvikmyndaforminu,“ segir hann. „Campbell taldi enn fremur að til væri máttur sem enginn veit hver er en hver tími hefur sína eigin útgáfu af guðdómnum,“ bætir Ólafur við og bendir á að Lucas hafi þróað gangverkið í Stjörnustríðsmyndunum upp úr þessum hugmyndum Campbells enda hafi hann sjálfur verið stjórnarformaður Campbell-stofnunarinnar. „Lucas hefur aldrei þrætt fyrir þessa hluti heldur talað um þá á opinskáan hátt,“ segir hann en bætir við að Lucas hafi engu að síður aldrei viljað bendla sig við ein trúarbrögð en viðurkennt að hann vilji vekja athygli unga fólksins á mikilvægi trúarbragðanna. „Það sem er kannski ótrúlegast er að boðberar nýrrar siðferðisskoðunar eru kvikmyndirnar,“ segir hann en allt þar til eftir seinni heimsstyrjöldina voru kvikmyndirnar sagðar vera afþreyingarefni fyrir „almúgann“.

Ótal vísanir eru í Stjörnustríðsmyndunum og má þar nefna Luke Skywalker sem nefndur er í höfuðið á höfundinum sjálfum og hefur oft verið skilgreindur sem messíasargervingur. Sterkasta goðsagan er þó örugglega um föður hans, Anakin Skywalker, sem gengur hinu illa á hönd. „Við þekkjum þessa goðsögu meðal annars úr Biblíunni í sögunum um hina föllnu engla en frægastur þeirra er Lúsifer sem ofmetnaðist og þráði meiri völd, líkt og Anakin. Lucas er með sögunni um Anakin kannski að segja að allar verur geti verið breyskar og gert mistök, sama hversu góðar þær eru. Anakin er kannski hinn fallni engill sem sér síðan að sér,“ segir Ólafur.

freyrgigja@frettabladid.is



**OBI-WAN OG ANAKIN** Anakin, líkt og Lúsifer, gengur hinu illa á hönd vegna þrár sinnar eftir meiri völdum.



**ÓLAFUR H. TORFASON** Þeir sem eru að fara á Stjörnustríðsmyndina verða gera sér grein fyrir því að þeir eru að fara á trúarsamkomu.

## SKRÝTNA FRÉTTIN



**MANNÆTUFISKUR** Velviljuð og hirðusöm móðir slasaðist við þrif á fiskabúri sonarins.

## Kona þrífur píranafiskabúr

Rússnesk kona slasaðist illa á fingrum þegar hún reyndi að þrífa fiskabúr sonar síns, án þess að vita að í því syntu mannætufiskar.

Konan, sem er frá Saransk, sagði læknum að hún hefði staðið í þeirri trú að drengurinn væri með gullfiska í búrinu og vildi gleðja hann með að gera það skínandi hreint. Um leið og hún dýfði höndunum ofan í vatnið réðust píranafiskar á hendur hennar, bitu sig fasta við fingurna og byrjuðu að éta af græðgi. Átti konan í mestu vandræðum með að losa sig við fiskana, en eftir slagsmál og barning við gler búrsins náði hún blóðugum höndunum upp úr vatninu og hringdi á sjúkrabíl sem ók henni á næsta spítala.

Konan missti allt hold af tveimur fingrum og segja læknar konuna heppna að hafa ekki misst báðar hendur í árásinni, en hún þurfti að gangast undir flókna aðgerð til að bjarga fingrunum. ■

AUGLÝSINGASÍMI
550 5000
FRÉTTABLAÐIÐ



# Það eru allir stórlaxar í Cannes

Allir sem vettlingi geta valdið í bíóbransanum hrúgast til þessarar litlu borgar sem breytist á augabragði í markaðstorg heimsfrægðarinnar þar sem stórstjörnur spóka sig á förnum vegi og allir sem ganga með stóra drauma brosa framan í heiminn. ***Þórarinn Þórarinsson*** og ***Einar Logi Vignisson*** voru í miðju mannhafinu en gleymdu því þó aldrei að þeir eru bara ósköp venjulegir Íslendingar.



**VOKSNE MENNESKER** Framleiðandinn Skúli Fr. Malmquist í eftirpartí á Miramar-ströndinni. Dagur Kári skírði eina sögupersónu myndarinnar eftir honum.

Þegar maður kemur til Cannes í fyrsta skipti á miðja kvikmyndahátíð er óhjákvæmilegt að tapa áttum í augnablik. Þetta er eins og að stíga inn í aðra vídd þar sem allt snýst um kvikmyndir, tíminn er takmarkaður og allir eru eitthvað sérstakt eða þykjast í það minnsta vera eitthvað og það besta við þetta allt er að það komast allir upp með að upphefja sig og vera eitthvað annað og meira en þeir eru, af því að þetta er Cannes. Eftir að hafa skoðað okkur um í Palais de Festival, sem er aðalmiðstöð hátíðarinnar, lá beinast við að demba sér út í mannþröngina fyrir framan höllina og sjá hvert straumurinn leiddi mann. Við settumst á kaffihús og rýndum í sýningarskrá dagsins og féllust hendur yfir úrvalinu sem var ótrúlegt; listrænar myndir í keppninni, áhugaverðar myndir nýrra kvikmyndargerðarmanna og alls konar drasl sem gæti lofað góðu. Það varð okkur til happs að hitta hressa Breta sem tóku sér frí frá kvikmyndakaupum til að fylgjast með leik West Ham og Ipswich á þægilegum breskum pöbb. Heimilisleg stemningin fékk mann til þess að gleyma um stundarsakir geðveikinni fyrir utan og að ráði Bretans var ákveðið að láta bíósnobbið lönd og leið og skoða myndina Dirty Love með Jenny McCarthy og Carmen Electra. Annar Bretinn var þegar búinn að kaupa sýningarréttinn, án þess að sjá myndina, fullviss um að þessar íturvöxnu leikkonur myndu trekkja að í Bretlandi. Þær munu sjálfsagt líka slá í gegn á Íslandi enda leynir myndin á sér og sýnir nýjar og óvæntar hliðar á stelpum sem hingað til hafa risið hæst á síðum Playboy.

Eftir bíó lá beinast við að elta Bretana á Grand Hotel þar sem gegndarlaus partý eru haldin alla hátíðardagana. Áfengið er selt á uppsprengdu verði sem gerir prísana í Reykjavík ásættanlega en það keppast þó allir við að kaupa í glas handa náunganum enda sigla allir undir því flaggi að þeir séu stórkaupendur, framleiðendur, leikstjórar eða handritshöfundar og þetta er staðurinn til að byggja upp sambönd. Minnstu kallarnir á staðnum voru tvímælalaust íslenskur blaðamennirnir.



**RÖLT UPP RAUÐA TEPPIÐ** Þórarinn með rándýru slaufuna og í lánssmóking á leið upp tröppur frægasta bíós í heimi.

### Stjörnustríð á sunnudegi

Sunnudagurinn 15. maí var dagur Georges Lucas og Stjörnustríðsins hans og það var ekki ónýtt fyrir gamla Star Wars-aðdáendur að vera í Cannes þegar ósköpin gengu yfir. Það var ævintýralega brjáluð stemning í kringum blaðamannafund sem haldinn var um hádegisbilið í Palais de Festival. Þar mætti Lucas ásamt Hayden Christiansen, Natalie Portman, Samuel L. Jackson og fleiri aðalleikurum myndarinnar en það var óneitanlega skondið að þessir stórleikarar stóðu allir í skugga Lucasar og fundurinn og flestar spurningar blaðamanna hverfðust um þennan höfuðpáfa Stjörnustríðanna. Að fundinum loknum trylltust blaðamenn og kvikmyndatökumenn í æsingnum við að reyna að ná augnabliks skyndimyndum af stjörnunum á útleið. Það hlaut hver heilvita maður að sjá að þetta væri vonlaust en það var auðvitað enginn þarna með fullu viti. Nöfn leikaranna voru öskruð hástöfum í von um að þeir litu til myndavélanna en allt kom fyrir ekki. Stjörnustríðshetjurnar létu eins og þær heyrðu ekki neitt og héldu sínu striki. Við Íslendingarnir gátum ekki stillt okkur um að hlaupa með heimspressunni niður hliðarstiga til þess að freista þess að ná myndum af fólkinu. Þetta var vonlaust en það var samt frábær upplifun að taka sprettinn með trylltum fjölmiðlalýðnum.

### Íslenskt partí á ströndinni

Það var öllu rólegri stemningin á bláa dreglinum við sýningarhöllina síðdegis þegar Dagur Kári Pétursson frumsýndi mynd sína Voksne mennesker. Það slógu þó mörg íslensk hjörtun hratt, þar sem þarna var óneitanlega um stóra stund á ferli eins efnilegasta kvikmyndaleikstjóra landsins að ræða. Viðtökurnar sem Dagur Kári og myndin fengu í höllinni voru frábærar; endalaust uppklapp og í anddyrinu hópaðist fólk að leikstjóranum og dönsku leikurunum til þess að óska til hamingju og snapa eiginhandaráritanir.

Íslenskir framleiðendur Voksne mennesker, þeir Þórir Snær Sigurjónsson og Skúli Fr. Malmquist buðu til glæsilegs eftirsýningarpartís á ströndinni þar sem allt flóði í guðaveigum og borð svignuðu undan gómsætum kræsingum. Reyndir matgæðingar úr bíóbransanum stóðu á blístri að máltíðinni lokinni og höfðu orð á að þetta væri með betri hlaðborðum sem þeir hefðu komist í.

### Rauði dregillinn

Það er óhætt að fullyrða það að það hefur enginn komið til Cannes fyrr en hann hefur farið í spariföt og mætt á galafrumsýningu á rauða teppinu fyrir framan höllina. Við þekktum mann í Cannes sem þekkti mann sem þekkti mann og hann varð okkur úti um miða á galafrumsýningu myndar ítalska leikstjórans Marco Tullio Giordana. Það leit á tímabili út fyrir að ég yrði af þessari stærstu stund lífs míns sem blaðamaður og bíónörd þar sem ég villtist í Cannes og fann ekki íbúðina þar sem smókingurinn minn beið mín í gulum Bónuspoka. Á elleftu stundu rambaði ég á húsið og dreif mig kófsveittur í sparigallann. Hafði engan tíma til að finna ermahnappa og slaufan varð eftir á Íslandi. Spretturinn var svo tekinn með fráhneppt hálsmál og flaksandi ermar í átt að höllinni og léttirinn var ólýsanlegur þegar ég sá að það var enn verið að hleypa inn. Næsta áfall kom í röðinni þegar dyravörðurinn benti á hálsinn á mér og gaf til kynna á ruddalegri frönsku að ég færi ekki feti lengra nema með hálstau. Ég yppti vonlaus öxlum og sagði að slaufan væri „dans Islandia“. Hann kippti mér úr röðinni og kastaði á bás þar sem hugguleg stúlka seldi slaufur á 15 evrur. Þeir hugsa fyrir öllu, blessaðir Frakkarnir. Stúlkan átti þó enga skiptimynt og á undan mér voru brjálaður Ítali og vandræðalegur Japani sem vildu ekki bjarga sér inn á myndina án þess að fá 5 evrur til baka. Íslendingurinn ruddist því fram fyrir og greiddi, með bros á vör, 20 evrur fyrir hálstauið. Síðan tók við stórfenglegur gangur í flóðljósum eftir rauða dreglinum innan um glæsilega frumsýningargesti, síðan var það vopnaleitin við innganginn og myndin fór fyrir ofan garð og neðan þar sem ég sat í myrkvuðum salnum, svo svo stór að Háskólabíó er eins og vinnuskúr í samanburðinum, og reyndi að melta þessa stórkostlegu lífsreynslu.

### Evrópa mætir heimsúrvalinu

Fyrsta helgi kvikmyndahátíðarinnar er sú brjálaðasta og þessir tveir dagar, laugardagurinn og sunnudagurinn, liðu hratt og voru ótrúlega viðburðaríkir. Mánudagurinn var öllu rólegri. Fólki var þegar byrjað að fækka enda kaupendur margir hverjir búnir að ljúka störfum og farnir að tínast heimleiðis. Það var hins vegar komið að Íslands(ó)vininum Lars von Trier að sýna sína nýjustu mynd Manderlay en á meðan fólk hópaðist á gala-frumsýninguna var fastheldinn hópur Cannesgesta að reima á sig takkaskóna og búa sig undir fótboltaleik í tengslum við kvikmyndamarkaðina í Cannes, Mílanó og Los Angeles takast á, lið Evrópu og heimsúrval og eru leikmennirnir flestir úr hópi kaupenda og seljenda á markaðnum. Nokkrir Íslendingar hafa tekið þátt í leikjunum í gegnum árin, Einar Logi hefur tekið þátt í þessum leikjum með heimsúrvalinu síðan 1994 en var með miklar áhyggjur af því að hann þyrfti að spila allar 90 mínúturnar sem hann taldi sig ekki eiga nokkra inneign fyrir. Formið ekki það sama og fyrir 10 árum en óttinn reyndist ástæðulaus, sama gilti um flesta aðra leikmenn og skipt var ótt og títt til að menn gætu jafnað sig. Leiknum lauk með sigri heimsúrvalsins 6-4 og segir markatalan nokkuð um form leikmanna og leikskipulag sem var afar frjálslegt. ■






HVÍTA HÚSIÐ / SÍA - 2795



## Heyrst hefur ...

... að Guðjón Þórðarson ætli að temja sér sömu siði hjá Notts County þegar undirbúningstímabilið í Englandi hefst eftir eftir rúman mánuð og hann gerði hjá Keflvíkingum. Þá var hann með svokallaða langa laugardaga en þar sem atvinnumennska er við lýði hjá Notts County er hægt að gera meiri kröfur. Því verður um langa helgi að ræða ...

**sport**

sport@frettabladid.is



# 60 SEKÚNDUR MEÐ MARK WEBBER

**Mark Webber er...** þolinmóður.

**Formúla 1 er...** hröð.

**Kaffi eða te?** Hvorugt.

**Er glasið hálffullt eða hálftómt?** Hálffullt.

**Ísland er...** öðruvísi.

**Átrúnaðargoð?** Lance Armstrong.

**Ferrari eða Renault?** Renault.

**Að keyra á 300 kílómetra hraða er...** mjög ánægjulegt.

**Að keppa er...** spennandi.

**Alonso eða Schumacher?** Prost.

**Möguleikar þínir í ár eru...** nokkuð góðir.

**Bílar eða konur?** Konur.

**Besta knattspyrulið í heimi?** Chelsea.

**Nýju reglurnar í formúlunni eru...** skrítnar.

**Michael Schumacher er...** fínn náungi.

## > Við finnum til með ...



Þórði Þórðarsyni, markverði ÍA, sem þarf að hætta knattspyrnuiðkun vegna veikinda. Hann er annar leikmaðurinn á tveimur árum sem neyðist til að hætta vegna veikinda en Þorvaldur Makan Sigbjörnsson, fyrrum leikmaður Fram, þurfti að hætta í upphafi móts í fyrra.

## > Við hrósum ...



.... þeim íslensku landsliðum sem voru í eldlínunni í gær en öll unnu þau stóra sigra. Stærstur allra var þó sigur kvennalandsliðsins í körfubolta sem vann lið Englands á afar sannfærandi hátt.






# Óvænt tap Eyjastúlkna

**FH kom gríðarlega á óvart í gær með því að sigra lið ÍBV, 1–0, í annarri umferð Landsbankadeildar kvenna. Í Kópavoginum mörðu Blikar sigur á nýliðum Keflavíkur en önnur úrslit voru eftir bókinni.**

**FÓTBOLTI** FH-stúlkur komu gríðarlega á óvart með sigrinum í gær enda hefur lið ÍBV á feikiöflugum mannskap að skipa á meðan lið FH er að mestu skipað ungum og óreyndum stúlkum sem uppaldar eru hjá félaginu. Einnig voru hlutskipti liðanna í fyrstu umferðinni af ólíkum toga – þá beið FH í lægri hlut fyrir Keflavík, 2–0, á meðan ÍBV vann stórsigur á ÍA, 12–2.

„Þetta er auðvitað frábært afrek og sýnir að við getum staðið í þeim bestu,“ sagði Sigurður Víðisson, þjálfari FH, í samtali við Fréttablaðið eftir leikinn. Það var Sif Atladóttir sem skoraði markið á 70. mínútu fyrir FH og eftir markið náðu þær að halda út harða atlögu gestanna sem tjölduðu öllu til að jafna metin.

„Við erum búnar að lenda illa í liði ÍBV síðustu ár og ætluðum okkur að gera betur í dag. Það tókst og þetta er óneitanlega góð tilbreyting,“ bætti Sigurður við.

Í Kópavoginum veittu nýliðar Keflavíkur heimastúlkum í Breiðablik harða keppni en þurftu á endanum að lúta í lægra haldi eftir að hafa komist yfir í lok fyrri hálfleiks.

„Svona er bara fótboltinn, þetta er það skemmtilega við hann og reyndar það leiðinlega líka. Við gleymdum okkar tvisvar og fengum á okkur tvö mörk, vorum undir nær allan leikinn en skoruðum falleg mörk og náðum sigri,“ sagði Úlfar Hinriksson, þjáfari Blika, eftir leikinn.

„Gegn Val skoruðum við líka fín mörk en það sýndi sig í dag að það er margt sem við þurfum að laga í okkar leik og við þurfum bara að skoða það. Við eigum að geta gert mikið betur og við viljum gera það.“



**STÓRSIGUR** Dóra María Lárusdóttir sést hér fagna öðru marka sinna gegn Stjörnunni í gær ásamt Írisi Andrésdóttur, fyrirliða Valsstúlkna.

Í fyrstu umferðinni unnu Blikastúlkur öruggan sigur á Val en áttu í mesta basli með mótherja sína á Kópavogsvellinum í gær. Keflavíkurstúlkur börðust vel í leiknum en náðu ekki að halda og má þar að mestu kenna um reynsluleysi. Það var tveimur mínútum fyrir lok venjulegs leiktíma sem Gréta M. Samúelsdóttir tryggði Breiðablik sigurinn með fallegu langskoti sem hafnaði í stönginni og inn.

Valsstúlkur unnu mjög öruggan sigur á Stjörnunni á Hlíðarenda þar sem Nína Ósk Kristinsdóttir og Dóra María Lárusdóttir skoruðu tvö mörk hvor. Þá gerðu KR-stúlkur góða ferð upp á Skipaskaga þar sem þær sigruðu ÍA með sjö mörkum gegn einu.

John Obi Mikel segist hafa verið neyddur til Man. Utd.:

# Beittur þrýstingi eða einfaldlega svona illa gefinn?

**FÓTBOLTI** Nígeríski táningurinn John Obi Mikel, sem gekk frá félagsskiptum frá Lyn til Manchester United fyrir nokkrum vikum en hefur æ síðan haldið því fram að hann hafi verið neyddur til að skrifa undir samning við félagið, kom vægast sagt furðulega út úr viðtali við fréttamann BBC, Michael Crick, fyrir skemmstu.

Mikel er sem stendur miðdepill mikillar deilu á milli Man. Utd. og Chelsea um hver eigi rétt á leikmanninum, en hann er talinn einhver sá efnilegasti í heimi. Mikel hefur sagt frá því að hann hafi samið við Manchester-liðið. gegn vilja sínum og að hann hafi ávallt viljað heldur ganga til liðs við Jose Mourinho og félaga hjá Chelsea.

Mikel hefur ekki enn náð að rökstyðja í hverju þrýstingur forráðamanna Man. Utd. fólst og vilja margir meina að það sé hreinlega eitthvað að geðheilsu Mikels. Ef eitthvað er að marka viðtalið á BBC bendir að minnsta kosti margt til þess. Hér á eftir fer þýðing á viðtalinu og dæmi nú hver fyrir sig.



**JOHN OBI MIKEL** Virðist ekkert vita hvað hann vill.

### VIÐTALIÐ Á BBC:

BBC: „Viltu spila fyrir Man. Utd.?“
**JOM: „Nei.“**
BBC: „Þú vilt það ekki?“
**JOM: „Nei.“**
BBC: „Af hverju ekki?“
**JOM: (hlær) „Af því ég vil það ekki.“**
BBC: „En þú skrifaðir undir samning við félagið.“
**JOM: „Já.“**
BBC: „Af hverju gerðirðu það?“
**JOM: „Ég veit það ekki. Það gerðist eitthvað.“**
BBC: „Hvað var það?“
**JOM: „Nei, nei, nei. Ég vil ekki spila fyrir þá.“**
BBC: „Viltu spila fyrir Chelsea?“
**JOM: „Já.“**
BBC: „Þú vilt það?“
**JOM: „Já.“**
BBC: „Af hverju viltu spila fyrir Chelsea?“
**JOM: „Því ég elska Chelsea.“**
BBC: „Þú elskar Chelsea?“
**JOM: „Já. Og ég verð ánægður þegar ég kem til þeirra.“**
BBC: „Einmitt. Og hefurðu rætt við Chelsea um þetta?“
**JOM: „Já, þeir vita.“**
BBC: „Gætirðu gefið mér vísbendingu um af hverju þér snérist hugur?“
**JOM: „Nei, ég vildi aldrei spila fyrir Man. Utd.“**
BBC: „Þú vilt það aldrei?“
**JOM: „Einmitt.“**
BBC: „Af hverju skrifaðirðu þá undir við þá?“
**JOM: „Ég var neyddur til þess.“**
BBC: „Hvað neyddi þig til þess að skrifa undir?“
**JOM: Hvað neyddi mig.“**
BBC: „Já?“
**JOM: „Fólk.“**

## LEIKIR GÆRDAGSINS

*Landsbankadeild kvenna:*

BREIÐABLIK–KEFLAVÍK 3–2
1–0 Edda Garðarsdóttir (37.), 1–1 Ólöf Helga Pálsdóttir (38.), 1–2 Donna Cheyne (41.), 2–2 Sandra Karlsdóttir (73.), 3–2 Gréta M. Samúelsdóttir (88.).

VALUR–STJARNAN 7–0
1–0 Rakel Logadóttir (19.), 2–0 Dóra María Lárusdóttir, víti (27.), 3–0 Dóra María Lárusdóttir (55.), 4–0 Margrét Lára Viðarsdóttir (63.), 5–0 Nína Ósk Kristinsdóttir (70.), 6–0 Nína Ósk Kristinsdóttir (75.), 7–0 Rut Bjarnadóttir (87.).

FH–ÍBV 1–0
1–0 Sif Atladóttir (70.).

ÍA–KR 1–7
0–1 Fjóla Dröfn Friðriksdóttir (8.), 0–2 Ásgerður Ingibergsdóttir (27.), 0–3 Ásgerður Ingibergsdóttir (53.), 0–4 Catherine Winsted (61.), 0–5 Hrefna Jóhannsdóttir (65.), 1–5 Thelma Ýr Gylfadóttir (71.), 1–6 Ásgerður Ingibergsdóttir (83.), 1–7 Hrefna Jóhannsdóttir (85.).

**STAÐAN:**

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| KR | 2 | 2 | 0 | 0 | 10–2 | 6 |
| **BREIÐABLIK** | **2** | **2** | **0** | **0** | **7–3** | **6** |
| ÍBV | 2 | 1 | 0 | 1 | 12–3 | 3 |
| **VALUR** | **2** | **1** | **0** | **1** | **8–4** | **3** |
| KEFLAVÍK | 2 | 1 | 0 | 1 | 4–3 | 3 |
| **FH** | **2** | **1** | **0** | **1** | **1–2** | **3** |
| STJARNAN | 2 | 0 | 0 | 2 | 1–10 | 0 |
| **ÍA** | **2** | **0** | **0** | **2** | **3–19** | **0** |

*Spænski handboltinn:*

A. LEON–PORTL. SAN ANTONIO 36–25
CIUDAD REAL–TEUCRO 36–25

Ef Portland San Antonio hefði tapað eða gert jafntefli hefðu **Ólafur Stefánsson** og félagar orðið spænskir meistarar. Því miður fyrir okkar mann gerðist það ekki og endaði Ciudad í öðru sæti deildarinnar með 55 stig á meðan Portland hlaut alls 56 stig. **Ólafur** skoraði 2 mörk í leiknum. Adeamar Leon og Barcelona urðu í 3. og 4. sæti, bæði með 50 stig.

*Vináttulandsleikur í körfu:*

ÍSLAND–ENGLAND 78–59
**Stig Íslands:** Birna Valgarðsdóttir 20 (10 íslensk stig í röð í 3ja leikhluta), Helena Sverrisdóttir 19 (4 stoðs., hitti úr öllum 10 vítunum), Helga Þorvaldsdóttir 8 (50. landsleikurinn), María Ben Erlingsdóttir 6 (11 mín.), Bryndís Guðmundsdóttir 5 (4 fráköst á 10 mín.), Stella Rún Kristjánsdóttir 5 (8 mín.), Signý Hermannsdóttir 4, Þórunn Bjarnadóttir 4, Alda Leif Jónsdóttir 3 (7 fráköst, 4 stoðs., 3 varin), Hildur Sigurðardóttir 2 (5 stoðs.), Rannveig Randversdóttir 2.

Landsliðið í handbolta:

## Stórsigur á Færeyjum

**HANDBOLTI** Íslenska karlalandsliðið í handbolta vann stóran sigur á því færeyska í gær, 39-18, en leikið var ytra. Eftir fyrri hálfleikinn var staðan 17-11, íslenska liðinu í vil, en í þeim síðari settu íslensku strákarnir í fluggírinn og völtuðu yfir heimamenn. Markahæstur í íslenska liðinu, sem eingöngu er skipað leikmönnum sem leika á Íslandi, var Baldvin Þorsteinsson úr Val með tíu mörk. Andri Stefan og Vignir Svavarsson úr Haukum komu næstir en Andri skoraði sex mörk og Vignir fjögur. Þá stóðu markmenn liðsins sig afar vel og varði Birkir Ívar Guðmundsson úr Haukum 13 skot í fyrri hálfleik en Björgvin Páll Gústavsson, leikmaður ÍBV, alls 14 skot í þeim síðari.

Liðin eigast við að nýju í dag og er þá leikið í Þórshöfn.




# Þórður neyðist til að hætta

**Markmaðurinn Þórður Þórðarson hefur neyðst til að leggja skóna á hilluna vegna veikinda. Þórður þjáist af flogaveiki og á ekki annarra kosta völ en að hætta. Mjög mikið áfall, segir þjálfari ÍA.**

**FÓTBOLTI** „Ég er niðurbrotinn maður,“ sagði Þórður þegar Fréttablaðið náði tali af honum í gær. „Þetta er alveg hrikalegt. Ég skrifaði undir nýjan tveggja ára samning við ÍA ekki alls fyrir löngu og taldi mig eiga 3-4 góð ár eftir í boltanum. Það er afskaplega erfitt að kyngja þessu,“ sagði Þórður, sem er 33 ára gamall og hefur leikið með ÍA lengst af sínum ferli en jafnframt leikið með KA og Val eitt tímabil ásamt því að vera um tíma í atvinnumennsku hjá Norköpping í Svíþjóð.

Þórður segir það hafa verið í lokaleik síðasta tímabils gegn ÍBV að veikin hafi látið á sér kræla.

„Ég hef fengið einstaka köst síðustu tvö ár en eftir þann leik var ég mjög slæmur í hausnum og líkamanum. Ég var að drepast í marga daga á eftir og eftir að hafa gengist undir margar rannsóknir kom í ljós að ég var með einhvers konar afbrigði af flogaveiki,“ segir Þórður, sem æfði og lék lítið með Skagamönnum á undirbúningstímabilinu. Hann stóð þó á milli stanganna í leiknum gegn Þrótti í 1. umferðinni á þriðjudag og stóð sig mjög vel.

„Þetta háir mér ekki í leikjum en kemur eftir á. Ég er ennþá að drepast í líkamanum eftir þann leik,“ segir Þórður. Það var síðan rétt fyrir helgi sem Þórður og læknar hans komust að þeirri niðurstöðu að réttast væri að hætta. „Mér er ráðlagt að hætta því ef ég held áfram er ég að ögra líkamanum. Og hver veit hvað það getur leitt af sér? Það er að minnsta kosti ekki mikið vit í að fórna heilsunni fyrir þá áhættu,“ segir Þórður.

Ólafur Þórðarson segir brotthvarf Þórðar vera mjög mikið áfall fyrir lið ÍA. „Við vissum af veikindunum og að til þessa gæti komið en auðvitað vonuðumst við til þess að svo yrði ekki. Hann skilur eftir sig stórt skarð,“ segir Ólafur en bætir við að það komi maður í manns stað. „Við eigum góðan markmann í Páli Gísla (Jónssyni),“ segir Ólafur en hann kom frá Breiðabliki fyrir tímabilið.

Þórður mun þó ekki alveg segja skilið við liðið því allar líkur eru á því að Þórður muni taka að sér markmannsþjálfun liðsins. Þá hefur Bjarki Guðmundsson, fyrrverandi markmaður Keflavíkur og KR, verið að æfa með Skagamönnum undanfarnar vikur og er mun hann að öllum líkindum semja við liðið á allra næstu dögum.


**ÞÓRÐUR ÞÓRÐARSON** Hefur varið mark ÍA af stakri prýði síðustu ár og taldi sig eiga 3-4 góð ár eftir í boltanum.

vignir@frettabladid.is



SUNNUDAGSVIÐTALIÐ > SIGURJÓN SIGHVATSSON

# LISTAMAÐUR EKKI SÍÐUR EN FÓTBOLTAMAÐUR

Margfaldir óskarsverðlaunahafar í myndatöku, hljóðvinnslu og listrænni stjórnun vinna nú með Sigurjóni Sighvatssyni, athafnamanninum og kvikmyndaframleiðandanum góðkunna, að nýstárlegri heimildarmynd um knattspyrnumanninn Zinedine Zidane. Myndin er ein sú dýrasta sinnar tegundar í sögunni.



**SIGURJÓN SIGHVATSSON** Hefur hingað til haldið sig að mestu við framleiðslu á leiknum Hollywood-myndum en er að feta nýjar brautir með heimildarmynd um Zidane.

„Þetta er með dýrustu heimildarmyndum sem gerðar hafa verið og er kostnaðurinn um þrjár milljónir evra sem samsvarar um 200 milljónum íslenskra króna,“ sagði Sigurjón þegar Fréttablaðið ræddi við hann í vikunni þar sem hann var staddur á hinni árlegu kvikmyndahátíð í Cannes. Sjálfur er Sigurjón frá Akranesi og þótt hann fylgist ekki með fótbolta „dagsdaglega“, eins og hann sjálfur komst að orði, er Sigurjóni vegna uppruna síns nánast skylt að fylgjast með fótbolta. „Menn komast ekki upp með annað á Akranesi,“ segir hann.

### Einn leikur skipti öllu máli

Sigurjón vissi vel deili á Zidane áður en hugmynd um gerð einskonar ævisögu hans var laumað að honum. „Hugmyndin að þessari mynd kviknaði fyrir tveimur árum og eru það tveir franskir myndlistarmenn sem leikstýra myndinni. Við hittum Zidane, bárum undir hann hugmyndina og honum leist vel á. Þetta er óvenjuleg mynd að mörgu leyti því hún er í svokölluðu „Real-time“ formi. Meðallengd bíómyndar er 90 mínútur, rétt eins og einn fótboltaleikur, og okkur fannst tilvalið að tvinna þetta saman,“ segir Sigurjón þegar hann útskýrir hugsunina sem liggur á bakvið myndina sem þannig er í raun aðeins einn leikur með Real Madrid.

„Áhugi minn á fótbolta er ekki síður tengdur þessum listræna þætti sem í honum felst. Í mínum augum er Zidane ekki bara fótboltamaður, hann er listamaður. Og það er þess vegna sem þetta er svo áhugavert og í raun það sem hugmyndin snýst um – að sýna Zidane í listrænu ljósi,“ segir Sigurjón og bendir á að það sé fjarri því að 90 mínútna löng myndin sé aðeins hefðbundinn fótboltaleikur þar sem öll augu beinast að einum manni.

„Í gegnum myndina er fólk um allan heim heimsótt þar sem það er að horfa á leikinn, hvort sem það er heima, á bar eða hvar sem er. En alltaf er leikurinn í bakgrunni og þegar lítið er um að vera í honum mun Zidane tala ofan í myndskeiðið um æsku sína, feril sinn og drauma.“

### Mikil áhætta

Tökum á myndinni, eða leiknum, er lokið. Fyrirfram var vitað að myndin stæði og félli með þessum eina leik svo að vanda þurfti valið.

Sigurjón segir að samningaviðræður við alla hluteigandi hafi verið strembnar og öll tryggingamál hafi til að mynda þurft að vera alveg á tæru þar sem fótbolti geti verið algjörlega óútreiknanlegur, eins og Sigurjón bendir á.

„Hvað ef Zidane hefði til dæmis meiðst eftir 10 mínútna leik, eða einfaldlega verið tekinn út af í hálfleik?“ spyr Sigurjón til að útskýra mál sitt. En allar áhyggjur áttu eftir að reynast óþarfar því ekki er hægt að segja annað en að Sigurjón og félagar hafi dottið í lukkupottinn.




**FARÐU Í STURTU, VINURINN** Zidane hlaut rauða spjaldið á síðustu andartökum leiksins gegn Villarreal. Sigurjón segir það hafa verið ædislega viðbót við myndina og algjöran bónus við það sem lagt var upp með í upptökum.

„Við tókum hann upp í leik Real Madrid og Villarreal sem fram fór þann 23. apríl sl. Real vann leikinn og Zidane var mjög áberandi. Fyrst lagði hann upp mark fyrir Ronaldo og á lokamínútunum fékk hann rauða spjaldið. Það er ekki oft sem hann fær rautt spjald þannig að þetta hefði í raun ekki getað orðið betra. Sannkallaður draumaleikur,“ segir Sigurjón.

Búið var að tryggja rándýru framleiðsluna í bak og fyrir ef hlutirnir færu á annan veg en vonast var eftir. „Við höfðum tryggingu fyrir því ef hann myndi meiðast á fyrstu 70 mínútunum.

> **Og þar sem þetta er svo óvenjulegt og spennandi verkefni þá voru allir reiðubúnir að taka þátt í þessu fyrir mun lægri greiðslu en þeir eru vanir.**

En fyrir rauðu spjaldi höfðum við enga tryggingu. Það var bara áhætta sem við tókum. Sem betur fer kom það á síðustu mínútunni,“ segir Sigurjón glottandi.

Notast var við 20 myndavélar í leiknum sem allar beindust að Zidane á einn eða annan hátt og fylgdust nákvæmlega með hverri hreyfingu hans. Möguleikarnir eru þannig hámarkaðir eins og Sigurjón bendir á. „Við sjáum allt niður í fínustu svipbrigði á honum í hverju atviki.“

### Þungavigtarmenn

Eins og áður segir eru það engir aukvisar í bransanum sem Sigurjón fékk til að starfa með sér við vinnslu myndarinnar. Allt eru það þungavigtarmenn í Hollywood sem hafa starfað að stærstu kvikmyndum síðari ára, til að mynda „Saving Private Ryan“, „Toy Story“, „Jurassic Park“ og „Terminator“, og eiga hljóðmenn myndarinnar til dæmis hátt á þriðja tug óskarsverðlauna á hillu sinni.

„Og þar sem þetta er svo óvenjulegt og spennandi verkefni þá voru allir reiðubúnir að taka þátt í þessu fyrir mun lægri greiðslu en þeir eru vanir.“

Áætlunin er að frumsýna myndina á kvikmyndahátíðinni í Cannes á næsta ári, en það var í þeirri borg sem Zidane hóf einmitt að spila fótbolta. Hannhefur auk þess áætlað að leggja skóna á hilluna að loknu næsta tímabili. Myndin mun því koma til með að rekja feril þessa eins fremsta knattspyrnumanns allra tíma á nánast sama tíma og honum lýkur. Í framhaldinu er fyrirhugað að myndin verði sýnd í kvikmyndahúsum úti um allan heim og segir Sigurjón að dreifing hennar gangi vel. „Hún mun svo sannarlega vera sýnd á Íslandi þar sem fótboltaáhugi er mikill,“ segir Skagamaðurinn Sigurjón Sighvatsson að lokum.

vignir@frettabladid.is

**KR-KLÚBBURINN**

KR-ingar fjölmennum með fjölskylduna á völlinn í dag.

Fjölskyldustemning í KR-heimilinu frá 17:30 og fram að leik. Boðið verður upp á heitan mat á vægu verði og andlitsmálningu fyrir alla.

Magnús Gylfason mun svo kynna liðið klukkutíma fyrir leik.

KR KLÚBBURINN

ÁFRAM KR!

Átta liða úrslitunum lokið í NBA-deildinni:

## Nash betri en enginn




**MIKLIR FÉLAGAR** Steve Nash hjá Pheonix og Dirk Nowitzki hjá Dallas féllust í faðma eftir leikinn í fyrrinótt enda voru þeir liðsfélagar í nokkur ár hjá Dallas áður en Nash skipti um félag fyrir tímabilið í ár.

**KÖRFUBOLTI** „Áður en einvígið hófst var ég ekki viss um hvort hann hefði átt skilið að vera valinn verðmætasti leikmaður deildarinnar en nú er ég viss. Hann er búinn að vera ótrúlegur í þessum leikjum gegn okkur,“ sagði bakvörður Dallas, Jerry Stackhouse, eftir að hafa horft upp á Steve Nash, leikstjórnanda Phoenix og nýkjörinn verðmætasta leikmann deildarinnar, nánast einan síns liðs slá út lið Dallas í úrslitakeppninni í NBA. Nash átti sannkallaðan stórleik í fyrrinótt í sjötta leiknum gegn Dallas og tryggði liði sínu meðal annars framlenginu með þriggja stiga körfu í blálok venjulegs leiktíma. Undir forystu Nash og Shawn Marion var Phoenix sterkari aðilinn í framlengingunni og fór að lokum með sigur af hólmi, 130-126, og vann þar með einvígið 4-2.

Nash vantaði aðeins eitt frákast upp á þrefalda tvennu en hann skoraði 39 stig, gaf 12 stoðsendingar og tók níu fráköst. Marion var ekki síðri og skoraði 39 stig ásamt því að taka 16 fráköst, þar sem 11 af stigum hans komu í framlengingunni.

Þar með er ljóst að það verða Phoenix og San Antonio sem leiða saman hesta sína í undanúrslitum Vesturdeildarinnar á meðan Miami og Detroit eigast við í undanúrslitum Austurdeildarinnar.

„Ég á varla orð yfir frammistöðu Nash gegn okkur,“ sagði gáttaður Avery Johnson, þjálfari Dallas, eftir leikinn en í síðustu fjórum leikjum einvígisins skoraði Nash 37 stig að meðaltali, gaf 11,5 stoðsendingar og tók sjö fráköst. „Hann hefur aldrei spilað betri körfubolta á sínum ferli og getur auðveldlega farið alla leið með þetta lið,“ bætti Johnson við.

„Þetta voru frábærir leikir tveggja frábærra liða og ég er mjög feginn að hafa farið með sigur af hólmi,“ sagði Mike D'Antoni, þjálfari Phoenix, eftir leikinn. „Góðu fréttirnar eru þær að við erum komnir áfram en vondu fréttirnar eru þær að San Antonio bíður eftir okkur með útglenntan kjaftinn. Það einvígi á eftir að verða rosalegt.“

- vig

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

MAÍ

19 20 21 **22** 23 24 25

**Sunnudagur**

### LEIKIR

- 14.00 **Þróttur** og **Fylkir** mætast í Landsbankadeild karla á Laugardalsvelli.
- 14.00 **ÍBV** og **Keflavík** mætast í Landsbankadeild karla á Hásteinsvelli í Vestmannaeyjum.
- 14.00 **Grindavík** og **FH** mætast í Landsbankadeild karla á Grindavíkurvelli.
- 16.00 **Völsungur** og **Breiðablik** mætast í 1. deild karla á Húsavíkurvelli.
- 16.00 **Víkingur Ó.** og **KS** mætast í 1. deild karla í Ólafsvík.
- 16.00 **Fjölnir** og **KA** mætast í 1. deild karla á Fjölnisvellinum.
- 16.00 **Þór** og **Víkingur R.** mætast í 1. deild karla á Akureyrarvelli.
- 17.00 **Ísland** og **Færeyjar** mætast í vináttuleik í handbolta kvenna á Ásvöllum í Garðabæ.
- 19.00 **Færeyjar** og **Ísland** eigast við í vináttuleik í handbolta karla á Þórshöfn í Færeyjum.
- 19.15 **Þór** og **Víkingur R.** mætast í Landsbankadeild karla í Frostaskjólinu.

### SJÓNVARP

- 10.55 **Bandaríska mótaröðin í golfi** á Sýn.
- 11.20 **Formúla** á Rúv. Bein útsending frá kappakstrinum í Mónakó.
- 10.55 **Gillette sportpakkinn** á Sýn.
- 12.20 **Meistaradeildin** á Sýn. Fréttaþáttur um þessa sterkustu deild heims.
- 12.50 **Ítalski boltinn** á Sýn. Bein útsending frá leik **Juventus** og **Livorno**
- 15.00 **Enski bikarinn** á Sýn. Útsending frá úrslitaleik **Arsenal** og **Man.Utd.**
- 16.50 **Spænski boltinn** á Sýn. Útsending frá leik **Real Madrid** og **Atletico Madrid** frá því í gær.
- 19.00 **US PGA ColonialÝ** á Sýn. Bein útsending frá The Bank of America Colonial mótinu.
- 19.00 **Spænski boltinn** á Sýn 2. Bein útsending frá leik **Barcelona** og **Villareal**
- 21.20 **Helgarsportið** á Rúv. Farið yfir íþróttaviðburði vikunnar.
- 21.35 **Fótboltakvöld** á Rúv. Sýnt verður frá leikjum dagsins.
- 22.30 **NBA** á Sýn. Útsending frá leik Dallas og Pheonix frá því í fyrrinótt.

# Markaleikur í Laugardalnum

**Önnur umferð Landsbankadeildar karla fer af stað í dag með fjórum leikjum. Fréttablaðið fékk Jörund Áka Sveinsson, landsliðsþjálfara kvenna og þjálfara karlaliðs Stjörnunnar, til að spá í leiki dagsins.**

**FÓTBOLTI** Jörundur Áki Sveinsson býst við hörkuleik í Grindavík þar sem Íslandsmeistarar FH koma í heimsókn. „Fyrir fram myndi maður ætla að FH færi létt með þennan leik en það er ekkert sjálfgefið. Ég á von á því að þetta verði hörkuleikur og hann endi með jafntefli 1-1, ég tala nú ekki um ef það verður smá vindur í Grindavík þá gæti hann hjálpað. FH vann Keflavík í fyrstu umferðinn, þeir gerðu það sem til þurfti en hafa oft spilað betur, það var enginn glansbragur á liðinu. Það vita þó allir að þetta er rosalega vel mannað lið og að öllu jöfnu ættu þeir að hafa þetta mót.“



JÖRUNDUR ÁKI SVEINSSON

Þróttur og Fylkir mætast í Laugardalnum og telur Jörundur að þar verði athyglisverður leikur.

„Þetta eru bæði lið sem eru vel spilandi og hafa spilað sóknarbolta og ég býst við mjög skemmtilegri viðureign. Ég gæti trúað því að þetta verði markaleikur og hann endi 4-3, þá hallast ég frekar að sigri Þróttar, það er mikil stemning í Þrótti. Fylkismenn spiluðu mjög vel á móti KR en því miður fyrir þá fengu þeir ekkert út úr leiknum. Þeir hafa á að skipa mjög góðu liði og allt getur gerst.“

Í Vestmannaeyjum munu ÍBV og Keflavík kljást og kallar Jörundur þennan leik hálfgerðan fallslag þó erfitt sé að fara að tala um fallbaráttuna ennþá. „Ég held að í þessum leik muni heimavöllurinn ráða baggamuninn. Það tekur tíma fyrir þjálfara þeirra að púsla liði sínu saman þar sem þeir fengu menn inn á síðustu stundu en ég reikna með að liðið fari vaxandi þegar líða tekur á.“

Reykjavíkurstórveldin KR og Fram leika um kvöldið í Vesturbænum og segist Jörundur vonast eftir sigri Fram. „Þetta verður hörkuleikur og nær ómögulegt að spá. Fram byrjaði mótið vel, reyndar eins og í fyrra, en ég hef trú á því að þeir spili vel í leiknum en nái samt bara stigi. Framliðið hefur frábæran þjálfara sem hefur breytt hugarfarinu í liðinu.“

Jörundur segir mótið fara óskóp venjulega af stað og sér ekki fram á neitt stórkostlegt knattspyrnusumar. „Maður hefði viljað sjá fleira fólk mæta á völlinn í fyrstu umferð en það vonandi kemur þegar það fer að hlýna meira og boltinn fer að vera meira.“ **-egm**



**GÓÐ FYRIRHEIT** Fylkir og Þróttur áttust við í miklum markaleik í Landsbankadeildinni fyrir tveimur árum en þá unnu Þróttarar óvænt 1-5 í Árbænum. Hér sjást Eysteinn Lárusson hjá Þrótti og Hrafnkell Helgason hjá Fylki kljást í þeim leik en þær verða líklega báðir í eldlínunni í dag.

Baldvin Þorsteinsson:

## Ætlar að vera áfram hjá Val

**HANDBOLTI** Handknattleiksmaðurinn Baldvin Þorsteinsson hefur ákveðið að vera áfram í herbúðum Vals á næsta ári. Baldur var í viðræðum við Hafnarfjarðarliðin FH og Hauka en hann hefur nú tekið þá ákvörðun að halda áfram með Völsurum.

„Ég er búinn að fara á nokkra fundi með stjórn Vals og mér líst mjög vel á þeirra áform. Það eru komnir nýir menn með ferskar hugmyndir sem ætla að styrkja liðið með minnst tveimur mjög sterkum leikmönnum. Ég var ekki alveg sáttur með stjórnina á síðasta tímabili en þetta lítur vel út núna. Mér hefur alltaf liðið vel hjá Val og verð því örugglega áfram.“ sagði Baldur í samtalið við Fréttablaðið í gær. **-egm**



**BALDVIN ÞORSTEINSSON** Valsmenn eru líklega mjög ánægðir með að hafa náð að sannfæra Baldvin um að vera áfram enda einn af betri leikmönnum deildarinnar.

Svíinn Zlatan Ibrahimovic er eftirsóttur leikmaður:

## Real Madrid með risaboð

**FÓTBOLTI** Real Madrid hafa boðið 70 milljónir evra í sænska sóknarmanninn Zlatan Ibrahimovic hjá Juventus en það jafngildir tæpum sex milljörðum króna. Frá þessu greindi umboðsmaður Zlatans, Mino Raiola, við sænska fjölmiðla í gær. Hann sagði einnig frá því að forráðamenn Juventus hefðu umsvifalaust hafnað tilboðinu, sem hefði sett Zlatan í hóp með þremur dýrustu knattspyrnumönnum sögunnar.

„Þeir vilja ekki selja hann fyrir neinn pening,“ segir Raiola og bætir við að ástæðan fyrir áhuga Real sé augljós. „Zlatan er einn sá besti í heiminum í dag. Þess vegna vill Real Madrid fá hann til sín,“ segir Raiola en tilboðið í leikmanninn barst fyrir nokkrum dögum.





Ekki er hægt að segja að einhver skortur sé á framúrskarandi framlínumönnum í liði Real og því er óhætt að segja að þessi áhugi á sænska landsliðsmanninum komi nokkuð á óvart. Einnig er hann til að ýta enn frekar undir þær vangaveltur um að Michael Owen sé á leið aftur til Liverpool í sumar.

Ibrahimovic var keyptur til Juventus frá Ajax fyrir tímabilið í ár og hefur staðið sig framar vonum með 16 mörk í deildinni það sem af er. ■



**EINAR LOGI VIGNISSON: RÍGURINN MILLI SPÁNVERJA OG ÍTALA**

## *Spánverjar styðja El Liverpool*

Okkur á norðurslóðum er gjarnt á að draga fótboltann í Suður-Evrópu saman í dilk og fjalla um deildirnar á Spáni og Ítalíu undir sama hatti. Þetta er algengt í fjölmiðlum í Norður-Evrópu og hér á Íslandi má sjá þetta í þætti Guðna Bergs á Sýn og hjá undirituðum í sunnudagspistlum þessum í Fréttablaðinu. Enda margt skylt með þeim frændum og hinn samlatneski andi svífur gjarnan yfir vötnum; þjóðirnar standa iðulega saman á alþjóðavettvangi, sérstaklega á vígstöðvum Evrópusambandsins. En frændseminni lýkur þegar kemur að fótboltanum, þjóðarsporti beggja. Því þótt Ítölum og Spánverjum líki allvel hvorum við aðra þá bera þeir ekki mikla virðingu fyrir knattspyrnu hvors annars. Þetta sést best í umfjöllun spænskra blaða í aðdraganda úrslitaleiksins í Meistaradeildinni þar sem þeir þyrpast að baki hins hálfspænska El Liverpool á meðan þeir finna hinu mekaníska Milan-liði allt til foráttu.

### Tassotti tendraði eld

Spánverjum finnst ítalski boltinn kerfisbundinn og leiðinlegur á meðan Ítölum finnst sá spænski agalaus, villtur og lengstum árangurslítill. Fótboltarígur spænskra og ítalskra er gamalgróinn en hófst í nýjar hæðir og hærri fyrir röskum áratug. Spánverjar hafa ævinlega haft allnokkra minnimáttarkennd gagnvart Ítölum hvað varðar árangur á alþjóðavettvangi, einkum hvað varðar landsliðin.

Ítalar hafa þrisvar orðið heimsmeistarar, einu sinni Evrópumeistarar og oft komist í úrslit á stórmótum á meðan spænska landsliðið er þekkt fyrir að bregðast á ögurstundu og detta út úr stórmótum með glæsibrag, helst gegn minni spámönnum. Á öndverðum tíunda áratugnum kom hinsvegar fram sterk kynslóð spænskra leikmanna og fyrir HM 1994 í Bandaríkjunum ríkti allnokkur bjartsýni um gang liðsins. Liðið laut hins vegar í gras gegn, jú auðvitað, Ítölum! Spænskir voru betri í leiknum en Ítalir unnu á seiglunni, heppni og hagstæðri dómgæslu. Roberto Baggio skoraði sigurmarkið á næstsíðustu mínútu og Mauro Tassotti rændi svo Luis Enrique upplögðu marktækifæri með olnbogaskoti sem nefbraut Spánverjann. Tassotti slapp með skrekkinn hjá dómaranum þótt hann fengi 9 leikja bann eftir að myndbandsupptökur voru skoðaðar og endaði þar með landsliðsferill hans. Þetta bræðavíg tóku Spánverjar óstinnt upp og hafa aldrei fyrirgefið Ítölum framkomuna í leiknum. Tveimur árum síðar tapaði Real Madrid fyrir Juventus í tveimur slagsmálaleikjum í fjórðungsúrslitum Meistaradeildarinnar. Sá leikur sýndi hversu kveikiþráðurinn var stuttur milli þjóðanna og þótt annað eins hafi ekki endurtekið sig á síðari árum er oft grunnt á því góða. Ein helsta kempa Real Madrid og spænska landsliðsins á þessum árum var miðvallarleikmaðurinn baráttuglaði Michel sem nú er einn þekktasti sjónvarpsmaður Spánar og hann er duglegur að senda Ítölum eitraðar pillur, lýsti því t.a.m. yfir að það ætti að banna ítalskan fótbolta eftir litlausan úrslitaleik Milan og Juve fyrir tveimur árum.



### Spænski sextettinn

Michel er eins og og langflestir spænskir sparkblaðamenn afar ánægður með framgang Liverpool í Meistaradeildinni í vetur enda telja þeir liðið hálfspænskt. Michel og félagar hafa hingað til ekki borið virðingu fyrir leikskipulagi enskra en í vetur hefur taktík Mourinhos vakið virðingu og svo er Rafa Benitez afar virtur og vinsæll á Spáni fyrir störf sín hjá Valencia. Ekki skemmir „spænski sextettinn“ fyrir, þeir Xabi Alonso, Josemi, Fernando Morientes, Luis Garcia, Antonio Nunez og Mauricio Pellegrino, sá síðastnefndi talinn með þótt ekki sé hann spænskur enda lék hann í sex ár á Spáni. Liverpool á fjölmarga stuðningsmenn á Spáni frá gullaldarárum félagsins á áttunda og níunda áratugnum sem hélst í hendur við töluverða lægð í spænska boltanum þar sem spænsk lið komust hvorki lönd né strönd í Evrópumótum. Leikmaður Liverpool frá þeim árum, John Toshack, varð síðar frægur þjálfari á Spáni þar sem hann stýrði fjölmörgum félagsliðum um tveggja áratuga skeið þar til hann tók við velska landsliðinu nýverið. El Tosh eða John Benjamin eins og hann er kallaður á víxl á Spáni varð tákngervingur Liverpool og þess sem væri traust, heiðarlegt og gott við enskan fótbolta. Spánverjar studdu El Liverpool gegn Chelsea og eru nánast jafn einarðir stuðningsmenn liðsins í leiknum gegn erkifjendunum AC Milan og um spænskt lið væri að ræða. Milan er mikil ógn við spænskan fótbolta enda eina liðið sem kemst nærri titlafjölda Real Madrid í Evrópukeppninni. Ítölsku blöðin gera líka mikið með spænsku áhrifin og þakka þeim árangurinn, bera þrátt fyrir allt meiri virðingu fyrir spænska boltanum en þeim enska...

# Ný vídd í samlesnum auglýsingum

eitt símtal



fimm sterkir auglýsingamiðlar



FRÉTTABLAÐIÐ VÍSIR BYLGJAN FM 96,7 TALSTÖÐIN

allir landsmenn - margföld áhrif!



- meiri tíðni - meiri útbreiðsla - lægra verð

**Við höfum endurskilgreint samlesnar auglýsingar:** Aldrei fyrr á Íslandi hafa samlesnar auglýsingar birst á sama tímabili í dagblaði, á netinu og á þremur útvarpsstöðvum. Þessi nýi möguleiki gerir auglýsendum kleift að ná til fleira fólks á einfaldan og ódýran hátt.

**Mun fleiri en áður lesa og heyra auglýsinguna þína sama daginn.**

**Þetta er einfalt.** Þú hringir inn auglýsinguna og borgar eitt fast verð á orðið. Auglýsingin er síðan samlesin á **Bylgjunni, Talstöðinni** og **Létt 96,7** og birt í smáauglýsingum í **Fréttablaðinu** og á **Vísi**.

**Hringdu núna í 550 5000**

FRÉTTABLAÐIÐ vísir 98,9 BYLGJAN Talstöðin FM 90,9 Létt 96,7


Mark Stallard, fyrrum leikmaður Barnsley en núverandi leikmaður Notts County:

# Guðjón fer sínar eigin leiðir

**FÓTBOLTI** Mark Stallard, leikmaður Notts County, sem var lánaður til Barnsley á þeim tíma sem Guðjóns Þórðarsonar var við stjórnvölinn hjá félaginu, hefur varað samherja sína við starfsaðferðum Guðjóns. Stallard segir Guðjón vera sannkallaðan harðstjóra en að hann sé jafnframt sanngjarn.

„Hjá honum snýst allt um aga. Hann er með fullkomnunaráráttu og er ólíkur öllum þjálfurum sem ég hef unnið með í gegnum tíðina. Hjá honum er ekki frí eftir leiki. Þess í stað hittumst við daginn eftir og skokkum saman til að ná mjólkursýrunni úr líkamanum. Hjá Barnsley voru alltaf tvöfaldar æfingar á þriðjudögum og fimmtudögum og við unnum eftir nákvæmu skipulagi sem var byggt til að líkaminn yrði ávallt í sem bestu standi,“ segir Stallard.

Skemmst er að minnast langra laugardaga sem Guðjón hafði í hávegum á tíma sínum hjá Keflavík, þar sem hann var með leikmenn sína á æfingum fyrstu sex klukkustundir dagsins. „Hann er svo sannarlega stjóri sem trúir á eigin leiðir, og notast við þær – oftast með mjög góðum árangri,“ segir Stallard og bendir á frábæran árangur Guðjóns á Íslandi máli sínu til stuðnings sem og á árin hans þrjú hjá Stoke. -vig



**GUÐJÓN ÞÓRÐARSON** Koma hans til Notts County hefur þegar skapað ótta innan leikmannahóps liðsins.

Mónakó-kappaksturinn fer fram í dag:

# Räikkönen ók best allra í fyrri tímatökunni

**FORMÚLA** Finnski ökuþórinn Kimi Räikkönen á McLaren náði besta tímanum í gær í fyrri tímatökunni fyrir kappaksturinn í Mónakó í dag. Fernando Alonso, sá sem er efstur í heildarstigakeppni ökumanna, varð annar og Íslandsvinurinn Mark Webber varð þriðji.

Räikkönen stendur því óneitanlega vel að vígi því lítið má út af bera í kappakstrinum í Mónakó þar sem vegrið og veggir afmarka brautina á alla kanta. Mjög erfitt eða ómögulegt er að komast fram úr á brautinni og góður árangur í tímatökum er lykillinn að sigri. Seinni tímatakan fer fram eldsnemma í dag en kappaksturinn sjálfur hefst rétt fyrir hádegi.

„Bíllinn hefur verið í toppstandi á öllum æfingum í Mónakó og það kom mér í sjálfu sér ekkert á óvart að ná besta tímanum í dag,“ sagði Raikkönen eftir tímatökuna í gær. „Það er mjög mikilvægt að vera á ráspól en nú er að halda fengnum hlut,“ bætti hann við.

Ökumenn Ferrari, heimsmeistarinn Michael Scumacher og Rubens Barichello, biðu afhroð í gær og náðu aðeins 10. og 11. sætinu. „Ég er mjög svekktur. Brautin var mjög hál þegar við þurftum að keyra upp hraðann og ég býst við því að hið sama verði upp á teningnum í síðari tímatökunni,“ sagði Schumacher og gerði sér fyllilega grein fyrir vondri stöðu sinni. „Við þurfum á göldrum að halda í þjónustuhléum á morgun,“ sagði Schumacher, sem var heilum 2,5 sekúndum á eftir Räikkönen. -vig



**MICHAEL SCHUMACHER** Var með böggum hildar eftir tímatökuna í gærmorgun.



**BIRNA JAFNAR LEIKJAMETIÐ Í DAG** Birna Valgarðsdóttir var stigahæst í sínum 59. landsleik en hún jafnar leikjamet Önnu Maríu Sveinsdóttur í þriðja leiknum í dag.

Íslenska kvennalandsliðið í körfubolta á sigurbraut:

# 19 stiga stórsigur á Englandi

**KÖRFUBOLTI** Íslenska kvennalandsliðið í körfubolta vann glæsilegan 19 stiga sigur á Englandi, 78-59, í öðrum vináttulandsleik þjóðanna af þremur í Smáranum í gær en liðin mætast í þriðja sinn í Njarðvík í hádeginu í dag.

Íslensku stelpurnar unnu átta stiga sigur í fyrsta leiknum, 71-63, og fylgdu þeim sigri eftir með mjög góðum leik. Íslenska liðið stakk það enska af eftir jafnan fyrsta leikhluta, allir tólf leikmenn liðsins voru að spila vel og gera fína hluti og ellefu stelpur komust á blað. Birna Valgarsdóttir (20 stig) og Helena Sverrisdóttir (19 stig) voru að skora mest en íslenska liðið fékk 41 stig af bekknum í gær. -óój




AIKIDO

Námskeið allt árið
í sal Aikikai Reykjavík í Faxafeni 8.
Skoðið heimasíðuna www.aikido.is
Verið velkomin í frían prufutíma
(það eina sem þú þarft að gera er að mæta)

Byrjendapakki:
Sumarnámskeið hefst 23. maí
og því lýkur með gráðuprófi í ágúst.
Æfingar eru allt að sex á viku.
Verð 11.000 kr. námskeiðið
(para- og systkinaafsláttur).
Ókeypis aikido galli
fylgir með byrjendanámskeiði!

Hringið í eftirfarandi símanúmer
til að fá nánari upplýsingar:
822-1824 & 897-4675
eða kíkið á heimasíðuna:
www.aikido.is



# LIÐIÐ MITT > GUÐNI BERGSSON SETUR SAMAN LIÐ ÁRSINS Í ENSKU ÚRVALSDEILDINNI



## Sex leikmenn frá meisturum Chelsea

**Petr Cech, Chelsea:** Hefur borið af öllum markvörðum í deildinni í ár.

**Ashley Cole, Arsenal:** Fljótur og öflugur varnarmaður sem getur nýst vel í sókninni líka. Gerir sjaldan mistök.

**John Terry, Chelsea:** Leikmaður ársins. Skipuleggur vörnina vel og er mjög hættulegur í föstum leikatriðum í sókninni.

**William Gallas, Chelsea:** Betri sem miðvörður en bakvörður. Fljótur og passar vel við Terry.

**Gary Neville, Man.Utd:** Traustur leikmaður er að bæta sig sóknarlega. Gefur stöðugleika."

**Claude Makelele, Chelsea:** Fyrsta nafnið á blaðið í þessu liði, ásamt Cech. Alveg eins maður ársins og Terry að mínu mati. Bindur saman vörn og miðju hjá liðinu.

**Steven Gerrard, Liverpool:** Hefur borið lið Liverpool á herðum sér. Vel spilandi og þyrfti að fá að leika framar en hann gerir.

**Frank Lampard, Chelsea:** Duglegur og framsækinn miðjumaður sem skorar eins og bestu framherjar. Alhliðaleikmaður.

**Damien Duff, Chelsea:** Þekki af eigin reynslu hraða hans og leikni.

**Thierry Henry, Arsenal:** Eini maðurinn sem kemur til greina á toppinn. Ber af sem framherji og gerir allt vel.

**Cristiano Ronaldo, Man.Utd:** Hefur þroskast mikið. Getur skapað mikinn usla með hraða sínum og leikni.




*„Ef engar vanefndir yrðu á greiðslum myndi ég treysta mér til að vinna titilinn með þetta lið."*

## LEIKIR GÆRDAGSINS

### *Enska bikarkeppnin*

| | |
|---|---|
| ARSENAL–MANCHESTER UTD. | 0–0 |

Arsenal hafði betur í vítaspyrnukeppni, 5–4.

### *Þýska úrvalsdeildin*

| | |
|---|---|
| BIELEFELD–WOLFSBURG | 1–2 |

1–0 Fatmir Vata (35.), 1–1 Martin Petrov, víti (41.), 1–2 Thomas Brdaric (56.).

| | |
|---|---|
| LEVERKUSEN–M´GLADBACH | 5–1 |

0–1 Oliver Neuville (2.), 1–1 Dimitar Berbatov (41.), 1–1 Dimitar Berbatov (41.), 2–1 Dimitar Berbatov (58.), 3–1 Andrej Voronin (59.), 4–1 Dimitar Berbatov (61.), 5–1 Franca (69.).

| | |
|---|---|
| DORTMUND–H. ROSTOCK | 2–1 |

0–1 Marco Vorbeck (14.), 1–1 Marc Kruska (52.), 2–1 Jan Koller (67.).

| | |
|---|---|
| NÜRNBERG–MAINZ | 1–2 |

0–1 Niclas Weiland (14.), 1–1 Marek Mintal (18.), 1–2 Michael Thurk (89.).

| | |
|---|---|
| FREIBURG–SCHALKE | 2–3 |

0–1 Ebbe Sand (6.), 1–1 Alexander Iashvili (11.), 1–2 Marcelo Bordon (56.), 2–2 Roda Antar (78.), 2–3 Marcelo Bordon (89.).

| | |
|---|---|
| HAMBURG–BOCHUM | 0–1 |

0–1 Mamadou-Lamine Diabang (3.).

| | |
|---|---|
| H. BERLIN–HANNOVER | 0–0 |
| KAISERSLAUTERN–W. BREMEN | 1–2 |

0–1 Tim Borowski (12.), 0–2 Nelson Valdez (41.), 1–2 Halil Altintop (44.).

| | |
|---|---|
| STUTTGART–B. MÜNCHEN | xx–xx |

0–1 Michael Ballack (27.), 0–2 Hasan Salihamidzic (30.), 0–3 Roy Makaay (74.), 1–3 Imre Szabics (90.).

**LOKASTAÐAN:**

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| BAYERN M. | 34 | 24 | 5 | 5 | 75–33 | 77 |
| **SCHALKE** | **34** | **20** | **5** | **11** | **56–46** | **63** |
| W.BREMEN | 34 | 18 | 5 | 11 | 68–37 | 59 |
| **H. BERLIN** | **34** | **15** | **13** | **6** | **59–31** | **58** |
| --- | | | | | | |
| GLADBACH | 34 | 8 | 12 | 14 | 35–51 | 36 |
| **BOCHUM** | **34** | **9** | **8** | **17** | **47–68** | **35** |
| H.ROSTOCK | 34 | 7 | 9 | 18 | 31–65 | 30 |
| **FREIBURG** | **34** | **3** | **9** | **22** | **30–75** | **18** |

## ÚR SPORTINU

Kvennalandsliðið í handbolta átti ekki í erfiðleikum með að leggja Færeyjar að velli í gær og vann 31-14. **Arna Gunnarsdóttir** var markahæst í íslenska liðinu með fimm mörk en þá átti **Íris Björk Símonardóttir** góðan dag í markinu og varði yfir 20 skot. Leikurinn var í Færeyjum en liðin mætast aftur í dag.

Hollenski leikmaður **Dennis Bergkamp** mun skrifa undir nýjan samning við **Arsenal** bráðlega en þetta var opinberað eftir sigur liðsins á **Manchester United** í bikarnum. Bergkamp, sem er orðinn 36 ára en spilar líkt og hann sé tíu árum yngri, mun framlengja samning sinn um eitt ár en hann var keyptur frá **Inter Milan** árið 1995. Arsene Wenger hefur þó sagt Bergkamp að hann muni ekki eiga fast sæti í liðinu.

Enski landsliðsmaðurinn **Owen Hargreaves** hefur opinberað áhuga sinn á að ganga í raðir Liverpool. Leeikmaðurinn hefur verið orðaður við liðið en hann er nú í herbúðum þýska liðsins **Bayern Munchen**. „**Liverpool** er spennandi kostur, liðið er gott og framtíðin virðist vera björt undir stjórn **Rafael Benitez**. Meira vil ég þó ekki segja fyrr en eftir bikarúrslitaleikinn gegn Schalke," sagði Hargreaves sem einnig hefur verið orðaður við **Tottenham** og **Blackburn** en er sagður hafa takmarkaðan áhuga á að fara til þeirra.

# Lehmann reyndist hetja Arsenal

**Arsenal varð í gær enskur bikarmeistari með því að leggja Manchester United að velli í vítaspyrnukeppni. Lið Manchester United var miklu sterkari aðilinn í leiknum og fóru fjölmörg dauðafæri í súginn.**

**FÓTBOLTI** Liðsmenn Manchester United geta nagað sig í handarbökin fyrir að hafa ekki náð að gera út um leikinn gegn Arsenal í venjulegum leiktíma í gær. Liðið var mun sterkara stærstan hluta leiksins og þrátt fyrir fjöldamargar sóknir og mörg úrvals marktækifæri tókst á einhvern ótrúlegan hátt ekki að setja knöttinn í mark andstæðinganna.

Ásamt Cristiano Ronaldo var Wayne Rooney hættulegasti maður liðsins en hann átti meðal annars skot í stöng í seinni hálfleik. Bestu færi leiksins fékk þó Ruud van Nistelrooy, það allra besta fjórum mínútum fyrir lok venjulegs leiktíma þegar hann átti skalla af markteig sem Freddie Ljungberg bjargaði á línu.

Eftir framlengingu var ekkert mark komið og því réðust úrslitin í vítaspyrnukeppni þar sem Arsenal hafði betur eins og áður segir.

Yfirburðir Manchester United sjást vel á því að liðið átti níu skot á markið þessar 120 mínútur en Arsenal aðeins eitt. Þýski markvörðurinn Jens Lehmann var besti leikmaður Arsenal í leiknum og varði oft á tíðum frábærlega. Hann kórónaði síðan leik sinn með því að verja frá Paul Scholes í vítaspyrnukeppninni, en leikmenn náðu að skora úr öllum hinum spyrnunum. Fyrirliðinn Patrick Vieira tók lokaspyrnuna og tryggði Arsenal enska bikarmeistaratitilinn 2005.

„Við vorum búnir að æfa vítaspyrnur sérstaklega fyrir þennan leik en það sem mestu skiptir er að halda ró sinni í svona aðstæðum og það gerðu leikmenn mínir svo sannarlega." sagði Arsene Wenger, framkvæmdastjóri Arsenal, fljótlega eftir leikinn. Með þessi ummæli ekki á óvart því vítaspyrnur Arsenal voru gríðarlega öruggar og var það aðeins í síðustu spyrnunni gegn Viera sem Roy Carroll í marki Man. Utd. var nálægt boltanum.



**HETJAN LYFTIR BIKARNUM** Lehmann hefur átt undir högg að sækja hjá Arsenal stærstan hluta þessa tímabils en í leiknum í gær reyndist hann bjargvættur liðsins.

„„Manchester United lék mjög vel í þessum leik og við áttum í miklum erfiðleikum. Við þurftum að vera aftarlega og náðum ekki að skapa okkur mikið af færum. Þegar við lékum gegn þeim á Highbury náðum við ekki að loka nægilega vel á þá og því lagði ég áherslu á að bæta úr því," bætti glaðbeittur Wenger við eftir leikinn.

elvar@frettabladid.is

**VÍTASPYRNUKEPPNIN**

| | |
|---|---|
| **Ruud van Nistelroy (skorar)** | **1–0** |
| Lauren (skorar) | 1–1 |
| **Paul Scholes (Lehmann ver)** | **1–1** |
| Freddie Ljungberg (skorar) | 1–2 |
| **Cristiano Ronaldo (skorar)** | **2–2** |
| Robin van Persie (skorar) | 2–3 |
| **Wayne Rooney (skorar)** | **3–3** |
| Ashley Cole (skorar) | 3–4 |
| **Roy Keane (skorar)** | **4–4** |
| Patrick Viera (skorar) | 4–5 |

Gleði og sorg hjá leikmönnum eftir leikinn:

## Ótrúlegt að ná ekki að skora

**FÓTBOLTI** Hetjan Jens Lehmann var alveg í skýjunum með bikarsigurinn. „Ég kom hingað til þess að vinna til verðlauna og nú er kominn einn bikar."

Patrick Vieira, fyrirliði Arsenal, hrósaði mótherjunum sérstaklega. „Þeir voru ansi duglegir að skapa sér færi og margir vilja kannski meina að við höfum ekki átt skilið að sigra. Ég er á öðru máli, það var frábær andi innan liðsins og við náðum að halda þetta út þrátt fyrir að það hafi verið ansi erfitt."

Rio Ferdinand, varnarmaður United, var skiljanlega ansi svekktur eftir leikinn. „Það er leiðinlegt að horfa á eftir bikarnum þar sem við unnum hann í fyrra. Það var ótrúlegt að við skyldum ekki ná að skora en það er ekki neinum öðrum að kenna en okkur sjálfum, ég heyrði áðan að þetta hefði verið í fyrsta sinn síðan 1985 sem úrslitaleikur keppninnar endar með markalausu jafntefli. Það þýðir ekkert að væla, tímabilið hefur verið vonbrigði fyrir okkur og við erum ákveðnir í því að gera mun betur á því næsta," sagði Ferdinand.

I ♥ CLEAN PLUS®

Clean Plus® blautklútar eru nýjung sem auðvelda þrifin á bílnum!

C ean P us® vörur eru fyrsta f okks gæðavörur á samkeppnishæfu verði.
C ean P us® vörur gera þrifin á bí num auðve dari.
C ean P us® er fyrir nútíma bí aeigendur!





Fæst í he stu stórmörkuðuml byggingavöruvers unum og víðar.

Dreifing K. Richter hf.
www.krichter.is

www.cleanplusautocare.com

CLEAN PLUS® AUTO CARE

# Fréttablaðið skorar og skorar!







**Tölurnar tala sínu máli.**

**Áhugamenn um íþróttir eru kröfuharður hópur. Íþróttafréttmenn Fréttablaðsins sinna þessum hópi vel eins og tölurnar sanna. Á meðal 18-49 ára Íslendinga lesa 52% fleiri íþróttasíður Fréttablaðsins.**

FRÉTTABLAÐIÐ

-Stærsti fjölmiðillinn

samkvæmt fjölmiðlakönnun Gallup maí 2005


## STUÐ MILLI STRÍÐA : Metalaust Ísland

**KRISTJÁN HJÁLMARSSON** HEFUR ÁHYGGJUR AF ÞJÓÐINNI.


MYND: HELGI SIGURÐSSON

Áður fyrr státuðu Íslendingar af flestum metum miðað við höfðatölu. Vð gengum stolt um og hreyktum okkur af Jóni Páli, Hófí og Lindu, hreinu vatni, handboltalandsliðinu og víkingablóðinu. Þá var gaman að vera til. Þá var Ísland best í heimi. En varla lengur. Að minnsta kosti ekki miðað við frammistöðu okkar á alþjóðavettvangi á síðustu mánuðum.

Íslenska landsliðið í handbolta má muna sinn fífill fegri eftir háðulega útreið á heimsmeistaramótinu í Túnis í byrjun árs. Þá komumst við ekki upp úr riðlakeppninni.

Í vikunni bárust fréttir af því að íslenska karlalandsliðið í knattspyrnu væri í 97. sæti á lista Alþjóðaknattspyrnusambandsins og hefur sennilega aldrei verið neðar. Fyrir ofan okkur á listanum eru þjóðir sem hafa aldrei getað neitt í knattspyrnu og eiga fáa sem enga atvinnumenn, þjóðir á borð við Panama, Gíneu og Búrkína Fasó.

Á sama tíma bárust fréttir af því að besti þjálfari landsins hefði svikið eitt sögufrægasta knattspyrnulið þess til að taka við fornfrægu liði á Englandi. Liðið reyndist síðan það sjötta lélegasta þar í landi.

Á fimmtudag var botninum náð þegar við komumst ekki áfram úr forkeppni Júróvisjón. Þvílík skömm. Þvílík hneisa.

Sem betur fer státum við þó enn af nokkrum metum. Íslendingar eru skuldsettasta fólk í heimi og vöruverð hér á landi er það hæsta sem þekkist. Við erum í toppbaráttunni í bílaeign og farsíma- og internetnotkun og börnin okkar eru alin upp af sjónvarpi og rítalíni sem þau skola niður með gosdrykkjum. Þetta eru dæmi um met sem við gleymum stundum en verða seint slegin af öðrum þjóðum. Þetta eru met sem gera okkur að bestu þjóð í heimi. ■

## myndasögur

### PONDUS

Eftir Frode Överli




### PÚ OG PA

Eftir SÖB



# Út með ruslið

**[ TÓNLIST ]**

UMFJÖLLUN

Hvernig á ég að hefja þessa sorgarsögu? Þegar Garbage ruddist fram á sjónvarsviðið var hljómur sveitarinnar mjög framandi, nýtískulegur og spennandi. Aldrei fyrr hafði jafn sótthreinsað rokk hljómað jafn vel, og lögin voru grípandi og fersk. Shirley Manson var fáránlega foxí og sveitin virtist hafa fundið skothelda formúlu.

Svo gaf Garbage út aðra plötu sína, sem var jafnvel enn meira spennandi en sú fyrri. Eftir það varð hljómur sveitarinnar fljótt þreyttur og leiðigjarn. Þessi nýja plata er svo eins óspennandi og plötur geta orðið.

Mér finnst erfitt, sem gamall Garbage-aðdáandi, að heyra jafn skapandi fólk og er hér á ferð ekki hafa hugmynd í hvaða fót það eigi að stíga. Textar Shirley fyllast ávallt meiri sjálfsvorkunn og vangaveltum um eigin fegurð. Okkur finnst þú alveg sæt Shirley, ég var meira að segja bálskotinn í þér þegar fyrsta platan ykkar kom út, þú mátt alveg fara að hætta þessu „litla andarunga" rugli! Þú ert svanur, þó svo að platan ykkar nýja sé hvorki fugl né fiskur.

Þetta er hugsanlega leiðinlegasta plata sem ég hef heyrt í langan tíma, því miður. Tími til þess að fara hætta þessu.

**Birgir Örn Steinarsson**




**GARBAGE**
BLEED LIKE ME

**NIÐURSTAÐA:** Niðurstaða: Garbage skilar af sér sinni verstu plötu frá upphafi. Hér er ekkert spennandi á ferð, sándið nákvæmlega eins og áður og lögin alveg fáránlega pirrandi. Hvað gerðist eiginlega?






## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

MAÍ

20 21 **22** 23 24

**Sunnudagur**

### KVIKMYNDIR

☐ 16.00 Japanska myndin **Godzilla, Mothra, King Ghidorah: Giant monsters all out attack** frá árinu 2001 verður sýnd í Gerðubergi í tengslum við sýninguna **Stefnumót við safnara II**.

### TÓNLEIKAR

☐ 15.00 **Sigrún Hjálmtýsdóttir** söngkona og **Anna Guðný Guðmundsdóttir** píanóleikari flytja íslensk sönglög og söngva eftir Franz Schubert á síðustu tónleikum vetrarins í Laugarborg í Eyjafirði.

☐ 15.00 Kvennakórinn **Léttsveit Reykjavíkur** heldur tónleika í Tónminjasetri Íslands á Stokkseyri. Stjórnandi kórsins er **Jóhanna V. Þórhallsdóttir** og undirleikari er **Aðalheiður Þorsteinsdóttir**.

☐ 16.00 **Kór Stykkishólmskirkju** syngur ásamt einsöngvurum og hljóðfæraleikurum á fyrstu tónleikum hinnar árlegu sumartónleikaraðar Stykkishólmskirkju.

☐ 16.00 Burtfarartónleikar **Unnars Geirs Unnarssonar** tenórsöngvara verða í Salnum. Krystina Cortes **leikur á gítar,** Hannes Guðrúnarson **ásamst hljómsveit** Báru Sigurjónsdóttur.

☐ 17.00 Sönghópurinn **Norðurljós** heldur sína fyrstu tónleika í Seljakirkju. Einsöngvari er **Elmar Þór Gilbertson** tenór. Stjórnandi er **Arngerður M. Árnadóttir**.

☐ 17.00 **Pamela De Sensi** flautuleikari og **Sophie Marie Schoonjans** hörpuleikari halda tónleika í Neskirkju.

☐ 20.00 Djasshljómsveitin **Nordic Kollektiv** heldur tónleika í Norræna húsinu. Meðlimir hópsins eru **Esa Pietilä** sem leikur á saxófón, **Kjartan Valdemarsson** á píanó, **Markku Ounaskari** á trommur, **Mathias Eicke** á trompet og **Uffe Krokfors** á bassa.

### OPNANIR

☐ 14.00 **Auður Vésteinsdóttir** opnar einkasýningu í Heimilisiðnaðarsafninu á Blönduósi. Sýningin ber heitið Straumur og eru myndverkin öll ný.

### FYRIRLESTRAR

☐ 15.00 **Oddný Eir Ævarsdóttir,** heimspekingur og mannfræðingur, flytur í Gerðubergi fyrirlestur sem hún nefnir „Þrá, innhvörf, endurnýjun, losti og dauði: Fimm sýni úr lífi safnara".

### LISTAHÁTÍÐ

☐ 11.00 **Sigrún Eðvaldsdóttir** fiðluleikari og **Gerrit Schuil** píanóleikari leika þrjár af alls tíu sónötum Beethovens fyrir fiðlu og píanó í tónlistarhúsinu Ými við Skógarhlíð. Næsta sunnudag flytja þau síðustu þrjár sónöturnar.

Upplýsingar um viðburði og sýningar sendist á **hvar@frettabladid.is** ekki síðar en sólarhring fyrir birtingu.

birta
SJÓNVARPSDAGSKRÁ VIKUNNAR »



**UNNAR GEIR UNNARSSON** Syngur á burtfarartónleikum sínum í Salnum í Kópavogi í dag.

# Glímir við tvær listagyðjur

„Ég reyni að spá sem minnst í framtíðina," segir Unnar Geir Unnarsson tenórsöngvari, sem syngur á burtafartónleikum sínum frá Tónlistarskóla Kópavogs, sem haldnir verða í Salnum í Kópavogi í dag.

Unnar Geir hefur komið töluvert fram á tónleikum á vegum skólans. Fór meðal annars með aðalhlutverkið í óperunni Orfeo eftir Monteverdi, einni fyrstu óperu sögunnar, sem flutt var í Salnum fyrir tveimur árum. Einnig lék hann Pamino í Töfraflautunni eftir Mozart, sem sýnd var á sama stað fyrir fáeinum vikum.

Á tónleikunum í dag verður meðal annars frumflutt nýtt verk eftir Báru Sigurjónsdóttur, sem var sérstaklega samið fyrir Unnar Geir.

„Þetta er verk fyrir söngrödd og kammersveit. Það heitir Moldvarpan og er samið eftir bók sem heitir „Moldvarpan sem vildi vita hver skeit á hausinn á henni", sem Þórarinn Eldjárn þýddi. Okkur finnst þetta báðum ákaflega skemmtilega bók."

Það er Hljómsveit Báru Sigurjónsdóttur sem leikur með í þessu verki, en einnig leika með Unnari Geir á tónleikunum þau Krystina Cortes á píanó og Hannes Þ. Guðrúnarson á gítar.

Unnar Geir segist eiga erfitt að gera upp við sig hvort hann ætli að halda í framhaldsnám í söng eða hvort hann leggi frekar fyrir sig leiklistina.

„Ég hef verið að leikstýra amatörleikfélögum og byrjaði þrettán ára gamall að leika austur á Egilsstöðum með áhugaleikfélaginu þar. Þetta er svolítil glíma hvort ég fari í leikstjórann eða sönginn." ■


**BORGARLEIKHÚSIÐ**
Leikfélag Reykjavíkur • Listabraut 3, 103 Reykjavík

**STÓRA SVIÐ**

**99% UNKNOWN - Sirkussýning**
*CIRKUS CIRKÖR frá SVÍÞJÓÐ*
Þri 14/6 kl 20, Mi 15/6 kl 20, Fi 16/6 kl 20,
Fö 17/6 kl 20 *Aðeins þessar sýningar*

**25 TÍMAR**
*Dansleikhús / samkeppni LR og Íd í samstarfi við SPRON.*
Fi 9/6 kl 20 - 2.500,- *Einstakur viðburður*

**DRAUMLEIKUR**
*e. Strindberg. Samstarf: Leiklistardeild LHÍ.*
Fö 27/5 kl 20 *Síðustu sýningar*

**HÍBÝLI VINDANNA**
*leikgerð Bjarna Jónssonar eftir Vesturfarasögu Böðvars Guðmundssonar*
Í kvöld kl 20, Fi 26/5 kl 20
*Síðustu sýningar*

**HÉRI HÉRASON**
*e. Coline Serreau*
Lau 28/5 kl 20
*Síðasta sýning*

**KALLI Á ÞAKINU**
*e. Astrid Lindgren*
*Í samstarfi við Á þakinu*
Í dag kl 14 - **UPPS.**, Lau 4/6 kl 14 **UPPS.**
Su 5/6 kl 14 - **UPPS.**, Su 12/6 kl 14,
Su 12/6 kl 17, Lau 18/6 kl 14, Su 19/6 kl 14,
Su 26/6 kl 14

**NÝJA SVIÐ/LITLA SVIÐ/ÞRIÐJA HÆÐIN**

**ALVEG BRILLJANT SKILNAÐUR**
*Einleikur Eddu Björgvinsdóttur.*
Í kvöld kl 20, Fi 26/5 kl 20 - **UPPS.**,
Fö 27/5 kl 20, Lau 28/5 kl 20, Su 29/5 kl 20,
Fi 2/6 kl 20, Fö 3/6 kl 20

**THE SUBFRAU ACTS - GESTALEIKSÝNING**
*The paper Mache og Stay with me*
Fi 26/5 kl 20, Fö 27/5 kl 20

**Börn 12 ára og yngri fá frítt í Borgarleikhúsið í fylgd fullorðinna**
- gildir ekki á barnasýningar

**Miðasölusími 568 8000 • midasala@borgarleikhus.is**
Miðasala á netinu www.borgarleikhus.is • Miðasalan í Borgarleikhúsinu er opin:
10-18 mánudaga og þriðjudaga, 10-20 miðviku-, fimmtu- og föstudaga
12-20 laugardaga og sunnudaga



ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ

**RAMBÓ 7**
**ÖRFÁ SÆTI LAUS Í KVÖLD!**

■ Stóra sviðið kl. 20:00
**KLAUFAR OG KÓNGSDÆTUR** – *H.C Andersen*
Í dag sun. 22/5 kl. 14:00 **örfá sæti laus, lau. 28/5** kl. 14:00 n**okkur sæti laus**, sun. 5/6 kl. 14:00. **Síðustu sýningar í vor.**

**EDITH PIAF** – *Sigurður Pálsson*
Í kvöld sun. 22/5 uppselt. **Síðasta sýning í vor.**

**DÍNAMÍT** – *Birgir Sigurðsson*
8. sýn. fim. 26/5 **örfá sæti laus**, 9. sýn. fös. 3/6, 10. sýn. lau. 11/6, 11. sýn. sun. 12/6.

**ÞETTA ER ALLT AÐ KOMA** – *Hallgrímur Helgason/leikgerð Baltasar Kormákur*
Fös. 27/5 **nokkur sæti laus**, lau. 28/5, lau. 4/6 **nokkur sæti laus**, fim. 9/6, fös. 10/6.
**Aðeins örfáar sýningar vegna fjölda áskorana.**

**MÝRARLJÓS** – *Marina Carr*
Sun. 29/5. **Allra síðasta sýning**

■ Litla sviðið kl. 20:00
**KODDAMAÐURINN** – *Martin McDonagh*
Mið. 25/5 **nokkur sæti laus**, fim. 26/5 **örfá sæti laus. Síðustu sýningar í vor.**
Ekki er hægt að hleypa inn í salinn eftir að sýning er hafin.

■ Smíðaverkstæðið kl. 20:00
**RAMBÓ 7** – *Jón Atli Jónasson*
Í kvöld sun. 22/5 **örfá sæti laus**, fös. 27/5, lau. 28/5

■ Valaskjálf Egilsstöðum:
**EDITH PIAF Á AUSTURLANDI** – *söngdagskrá*
**Mið. 1/6 kl. 20:00, fim. 2/6 kl. 20:00. Miðasala á Bókasafni Héraðsbúa.**
**Opið alla virka daga frá kl. 14-19. Sími 471 1546**

Miðasölusími: **551 1200** Netfang: **midasala@leikhusid.is** Veffang: **www.leikhusid.is**
Opið kl. **12:30-18:00** mán.-þri. Aðra daga kl. **12:30-20:00**. Símapantanir frá kl. **10:00** virka daga.
**Þjóðleikhúsið sími 551-1200**





> Sorgleikir trega í söngvum sínum einmitt þetta: að Fortúna er sífreiðubúin að ljósta mikilfengleg hásæti óvæntum höggum. Því hvenær sem menn treysta henni flýr hún undan og hylur bjart andlitið skýi.

Úr Kantaraborgarsögum eftir Geoffrey Chaucer í þýðingu Erlings E. Halldórssonar.

# bækur

baekur@frettabladid.is

## Sögurnar eru sjö



Christopher Booker heitir maður sem heldur því fram að ekki séu til nema sjö sögur. Að grunni til megi flokka allar sögur heimsins niður í sjö meginsögur, sem síðan taka á sig ólíkan búning í ævintýrum, skáldsögum, smásögum, leikritum og bíómyndum.
Booker sendi nú á árinu frá sér bók, þar sem hann færir rök fyrir þessari fullyrðingu sinni. Bókin heitir The Seven Basic Plots: Why We Tell Stories, eða Grunnflétturnar sjö: Hvers vegna við segjum sögur.
Ein af sögunum sjö, og sú sem Booker telur hvað mikilvægasta, fjallar um sigur á ófreskjunni. Booker nefnir fjölmörg dæmi um þessa sögu, þar á meðal hið forna söguljóð um Gilgamesh, ævintýrið um Rauðhettu og Bond-myndina Dr. No.
„Frá fátækt til auðlegðar“ nefnir Booker næstu sögu, og tekur þar sem dæmi Öskubusku, Ljóta andarungann og Davíð Copperfield.
Róbinson Krúsó og Lísa í Undralandi eru síðan dæmi um „Leitina“, þriðju grundvallarsögu mannkynsins.
Sú fjórða er Gamanleikurinn, þar sem ringulreið ræður ríkjum uns ástin sigrar að lokum.
Síðan kemur Harmleikurinn, þar sem menn ætla sér um of með skelfilegum afleiðingum.
Fimmta sagan er „Endurfæðing“, og þar má nefna ævintýrið um Mjallhvíti og sögu Dickens um jólahatarann Scrooge. Loks koma „Uppreisnin“ og „Ráðgátan“, og eru þá upptaldar allar sögurnar sjö sem mannkynið segir sjálfu sér aftur og aftur og aftur.

## > Bók vikunnar ...

**ODJURET**
**eftir Anders Roslund og Börge Hellström.**

Sænska glæpasagan Odjuret, eða Ókindin, eftir þá Anders Roslund og Börge Hellström, hlýtur að vera bók vikunnar að þessu sinni. Bókin hreppti á föstudaginn Glerlykilinn, hin árlegu verðlaun fyrir bestu norrænu glæpasöguna. Í bókinni segir frá tveimur ungum stúlkum sem eru misnotaðar og myrtar með hræðilegum hætti af barnaníðingi nokkrum. Höfundarnir gefa lesendum nákvæma innsýn í bæði skelfingu fórnarlambanna sem og hugarástand níðingsins, sem er snarlega settur í fangelsi en strýkur fjórum árum síðar. Upphefst þá kapphlaup lögreglunnar við að hafa hendur í hári hans áður en hann lætur til skarar skríða á ný.

### [ METSÖLULISTI ]

*EYMUNDSSON*
*MÁL OG MENNING*
*PENNINN*

*SKÁLDVERK - KILJUR*

1. **HVEITIBRAUÐSDAGAR** James Patterson
2. **ENGLAR OG DJÖFLAR** Dan Brown
3. **BÍTLAÁVARPIÐ** Einar Már Guðmundsson
4. **KVENSPÆJARASTOFA NR. 1** Alexander McCall Smith
5. **BELLADONNASKJALIÐ** Ian Caldwell
6. **FÓLKIÐ Í KJALLARANUM** Auður Jónsdóttir
7. **REFSKÁK** Ian Rankin
8. **SKUGGABALDUR** Sjón
9. **DA VINCI LYKILLINN** Dan Brown
10. **SVARTUR Á LEIK** Stefán Máni

Listinn er byggður á bóksölu vikuna 11. til 17. maí í Bókabúðum Máls og menningar, Eymundsson og Pennanum.

# Með hreina sakaskrá

**Kristinn Kristjánsson er foringi Hins íslenska glæpafélags, en glæpaklíkan sú sér um að velja íslenska glæpasögu til samkeppni um norrænu glæpasagnaverðlaunin Glerlykilinn. Þórdís Lilja Gunnarsdóttir fór á fund glæpaforingjans.**



FRÉTTABLAÐIÐ/E.ÓL.

**KRISTINN KRISTJÁNSSON, FORINGI HINS ÍSLENSKA GLÆPAFÉLAGS** Við nánari umhugsun telur Kristinn glæpi í íslenskum sögum oftast óviljaverk.

Á föstudag veitti Skandinaviska Kriminalsällskapet (SKS) Glerlykilinn fyrir bestu norrænu glæpasöguna á Café Jonas í Kaupmannahöfn. Glerlykillinn var fyrst veittur árið 1992, en verðlaunin eru nefnd eftir skáldsögu Dashiells Hammett, The Glass Key, frá 1931. Norrænu glæpasagnaverðlaunin eru veitt árlega á þingi félagsins fyrir bestu glæpasögu sem út kom á Norðurlöndum. Arnaldur Indriðason hefur tvisvar fengið Glerlykilinn, fyrir Mýrina árið 2002 og Grafarþögn árið 2003.

Hið íslenska glæpafélag sér um að velja bækur frá Íslandi og í ár var Ævar Örn Jósepsson tilnefndur af Íslands hálfu fyrir bók sína, Svartir englar, sem kom út árið 2003. Aðrir tilnefndir voru hinn danski Henning Mortensen fyrir Den femte årstid, finnski höfundurinn Marianne Peltomaa fyrir Inget ljus i tunneln og sænsku rithöfundarnir Anders Roslund og Börge Hellström fyrir Odjuret, sem síðan hrepptu verðlaunin að þessu sinni.

**Einmana hetjur**

Kristinn Kristjánsson, foringi Hins íslenska glæpafélags, segir íslenskar glæpasögur verða sífellt betri og mikið gleðiefni þegar nýir höfundar bætast í hópinn.

„Mikil fjölbreytni einkennir íslenska krimma og þannig skrifa bæði Arnaldur og Ævar Örn lögreglusögur, en alveg gjörólíkar. Viktor Arnar Ingólfsson er í allt öðrum gír, skrifar leynilöggu- og gátusögur, og þær Birgitta Halldórsdóttir og Stella Blómkvist hafa sína eigin, ólíku glæpasagnastíla,“ segir Kristinn en bætir við að íslenskar glæpasögur hafi yfir sér þá grimmu Íslendingasagnahefð sem er hin einmana hetja.

„Hetjur verða að vera einmana og verði þær ástfangnar kemur eitthvað í veg fyrir hamingjuna. Hefðin hefur þó verið að breytast frá því að löggur áttu ekki einu sinni fjölskyldur, og eru núna gjarnan fráskildar. Í bók Viktors Arnar, Engin spor, er reyndar gífurlega vel gift lögga, svo vel að mann langaði í mat hjá þeim. En kannski felst í starfinu að vera einn því hvernig skal útskýra að koma aldrei heim til sín? Það er greinilega mjög erfitt fyrir löggur að vera kvæntar í bókmenntum og sjónvarpsþáttum, þótt ég voni að það sé auðveldara í raunveruleikanum,“ segir Kristinn hlæjandi.

**Glæpir heilla**

Góður skilningur á mannlegu eðli er það sem norrænar glæpasögur hafa fram yfir aðrar, að mati Kristins.

„Hún er áberandi þessi norræna blanda af bandarískum hetjum og því samfélagslega, norræna. Norræn glæpasagnahefð er rótgróin og sterk, en auk þess afar virt í Evrópu. Norðmenn, Finnar og Svíar byrjuðu snemma að skrifa slíkar bókmenntir og glæpir hafa náttúrlega alltaf heillað. Það er tengt því að glæpasögur eru bæði siðferðislegar og samfélagslegar, og í þeim mikil réttlætiskennd.“

Kristinn segir tímabært þegar fáeinir íslenskir rithöfundar stigu fram og skilgreindu sig sem glæpasagnahöfunda árið 1996.

„Menn höfðu vantrú á að hægt væri að skrifa íslenska glæpasögu því að íslenskt þjóðfélag væri svo saklaust, en það hefur sýnt sig að glæpir finnast alls staðar, rétt eins og sjá má hjá Agöthu Christie þar sem morð eru oftast framin í smáþorpum.“

**Óviljaverk og óhöpp**

Þrátt fyrir skuggalegar bókmenntir með oft andstyggilegu innihaldi telur Kristinn glæpasagnahöfunda heilbrigðar sálir.

„Þrátt fyrir ljótan söguþráð er ekki til í þeim ljótur hugsunarháttur og reyndar áberandi hve þetta fólk er gott og rétt hugsandi. Það á það sameiginlegt að velta fyrir sér siðferðislegum og samfélagslegum málefnum, ásamt því að taka ábyrgð. Það getur sett sig í spor illmenna og upphugsað voðaverk, en tekst það vel. Það er mjög erfitt að skrifa krimma, langtum erfiðara en að lesa þá. Menn þurfa að vera klókir til að skrifa góðar persónulýsingar, trúverðugan glæp, flókna gátu og trúverðuga lausn sem kemur á óvart.“

Og við nánari umhugsun telur Kristinn glæpi í íslenskum sögum oftast óviljaverk.

„Já, meira eins og óhapp. Menn leiðast út í glæp án ásetnings og gera aðstæður enn verri með því að fela glæpinn, sem er það vitlausasta sem menn gera því þá koma þeir upp um sig.“

**Með hreina sakaskrá**

Glæpaforinginn segir nóg pláss fyrir nýja glæpasagnahöfunda.

„Þetta er engin klíka sem slík, þótt við séum auðvitað klíka innan glæpafélagsins. En þetta er opinská klíka sem felur ekkert og samkomulag gott milli manna. Við þekkjumst allir persónulega, stöndum fyrir upplestrarkvöldi í nóvember, veljum bækur í Glerlykilinn og stöndum fyrir smásagnakeppni, nú síðast í hrollvekjum. Úrslit verða kynnt í júní og alls 71 saga búin að skila sér. Sem sagt engin ólögleg starfsemi, enda allir með hreina sakaskrá.“ ■




# Leikritið skýtur upp kolli



**JACK KEROUAC**

Útdrættir úr leikriti eftir bítskáldið Jack Kerouac verða birtir í bandaríska karlatímaritinu Best Life í júlímánuði. Leikritið hafði verið týnt í hálfa öld þegar það skaut upp kollinum í vörugeymslu í New Jersey fyrir hálfu ári.

Leikritið heitir „Beat Generation“, eða Bítkynslóðin, og fjallar um dag í lífi drykkjumannsins og dóparans Jack Duluoz, sem er annað sjálf höfundarins.

Kerouac skrifaði leikritið á einni nóttu árið 1957, stuttu eftir að vinsælasta bók hans, On the Road, kom út.

Leikritið var aldrei gefið út og aldrei flutt á sviði en Kerouac reyndi á sínum tíma mikið til þess að koma því á framfæri. Meðal annars sendi hann leikritið til leikarans Marlons Brando, sem hafði ekki fyrir því að svara.

Þrátt fyrir alla athyglina sem Kerouac naut á þessum tíma varð ekkert úr þessum áformum, en þriðji hluti leikritsins varð þó undirstaðan að bíómyndinni Pull My Daisy, þar sem félagi hans, Allen Ginsberg, fór með aðalhlutverk. ■

# Myndaði í Opus dei

Bókaforlagið Bjartur sendir á næstu dögum frá sér myndskreytta útgáfu Da Vinci lykilsins á íslensku og dönsku. Í bókinni eru tugir ljósmynda af söguslóðum bókarinnar og listaverkum sem koma við sögu.

Bjartur skýrir frá því á heimasíðu sinni í gær að á meðal myndanna séu tvær myndir frá höfuðstöðvum hinna strangtrúuðu, kaþólsku samtaka Opus Dei, í New York.

Þessar tvær myndir tók Björg Magnea Arnarsdóttir, 41 árs Íslendingur sem búsettur er í Bandaríkjunum, sem brá sér á staðinn. ■

ÞARF ÞETTA AÐ VERA EINS OG ÞETTA ER?



SIRKUS

JÓNSSON & LE'MACKS • jl.is











# Einn gítar og ein rödd

Frumburður rokkdúettsins Hot Damn!, „The Big'n Nasty Groove'O Mutha,“ er kominn út. Hot Damn!, sem samanstendur af Jens Ólafssyni, söngvara Brain Police, og Smára „Tarfi“ Jósepssyni, leikur einhvers konar blúsrokkblöndu.

Á plötunni er að finna lög á borð við „Hot Damn, That Woman Is a Man“ sem var næstmest sótta lag Rokk.is-heimasíðunnar á síðasta ári og komst að auki í annað sæti X-Dominos listans. Bubbi Morthens var strákunum til fulltingis í laginu Tag Along en þar má heyra kappann þenja munnhörpuna eins og honum er einum lagið. „Hvert einasta lag á plötunni er byggt á sönnum sögum eða atburðum og lag Bubba fjallar um mann sem rís upp úr ösku eiturlyfjanotkunar,“ segir Smári. „Það var því alveg borðleggjandi að fá kónginn í þetta enda býr hann að þessari reynslu sjálfur.“

Hot Damn! var stofnuð í febrúar á síðasta ári. „Ég átti smá lager af blúsrokkriffum sem ég hafði gert í gegnum tíðina svo ég ákvað að gera eitthvað við þetta,“ segir Smári, sem var áður fyrr gítarleikari í Quarashi. „Ég vildi fara aftur í ræturnar eins og var gert í gamla daga, einn gítar og ein rödd. Málið er að ég er ansi slakur söngvari og vildi því fá besta manninn í það. Ég hóaði í Jenna og eftir þriðja skiptið sem við hittumst vorum við komnir með sex til sjö lög,“ segir hann. Við hlustun á plötuna er líka greinilegt að þeir félagar ná vel saman, þar sem fyrirtaks gítarleikur Smára blandast vel við kraftmikla rödd Jens.


**HOT DAMN!** Hljómsveitin Hot Damn! er skipuð þeim Jens Ólafssyni og Smára Tarfi.

Næstkomandi mánudag klukkan 16.00 leikur Hot Damn! í Tónabúðinni en á miðvikudagskvöld heldur sveitin síðan útgáfutónleika á Kvíabryggju. „Við eigum marga vini sem eru tukthúslimir. Þegar þeir heyrðu að við ætluðum að halda útgáfutónleika í bænum voru þeir svo svekktir að geta ekki komist að við ákváðum að koma með tónleikana til þeirra. Þetta er viss áhætta sem við erum tilbúnir að taka,“ segir Smári í léttu gríni. „Rétt eins og Johnny Cash gerði á At Folsom Prison-plötunni verða menn að hætta lífi og limum fyrir rokkið.“

Þeir félagar í Hot Damn! halda í tónleikaferð um landið í júní og stefna að því að spila á sem flestum stöðum. Ekkert tónleikahald er fyrirhugað erlendis nema hugsanlega spilamennska á götunni fyrir pening. Þar gætu Norðurlöndin komið sterk inn.

freyr@frettabladid.is

# Þrjú lög í kvikmyndinni Stealth

Þrjú lög sem hljómsveitin Incubus samdi fyrir kvikmyndina Stealth koma út á plötu 12. júlí ásamt fleiri lögum úr myndinni. Eitt laganna, Make a Move, verður gefið út á smáskífu auk þess sem það mun hljóma í sýnishorni úr myndinni.

Fyrsti dúettinn sem Incubus hefur tekið upp, Neither of Us Can See með Chrissie Hynde úr The Pretenders, verður einnig á plötunni ásamt laginu Admiration. Öll lögin voru samin sérstaklega fyrir ákveðin atriðið í myndinni. Með aðalhlutverk í henni fara Jamie Foxx, sem hlaut Óskarinn fyrir hlutverk sitt í Ray, Jessica Biel og Josh Lucas. Myndin er væntanleg í kvikmyndahús í Bandaríkjunum 29. júlí.

Incubus spilar á þó nokkrum tónlistarhátíðum víðsvegar um Evrópu í sumar en eftir það er stefnan sett á upptökur á nýrri plötu. ■


**INCUBUS** Hljómsveitin Incubus á þrjú lög í kvikmyndinni Stealth, sem er væntanleg í sumar.




## ÁLFABAKKI

| | | |
|---|---|---|
| CRASH | KL. 3.45-6-8.15-10.30 | B.I. 16 |
| CRASH VIP | KL. 6-8.15-10.30 | B.I. 16 |
| HITCHHIKER´S GUIDE... | KL. 1.40-3.45-6-8.15-10.30 | |
| THE WEDDING DATE | KL. 2-4-6-8-10.10 | |
| THE JACKET | KL. 10.30 | B.I. 16 |
| SAHARA | KL. 3-5.30-8-10.30 | |
| THE PACIFIER | KL. 1.40-6-8 | |
| SVAMPUR SVEINSSON ísl. tal | KL. 2-4 | |

## KEFLAVÍK

| | |
|---|---|
| STAR WARS - EPISODE III | KL. 2-5-8-10.45 |
| THE WEDDING DATE | KL. 8-10 |
| HITCHHIKER´S GUIDE... | KL. 3.40-5.50 |

## AKUREYRI

| | |
|---|---|
| THE ICE PRINCESS | KL. 4-6-8 |
| THE WEDDING DATE | KL. 8-10 |
| HITCHHIKER´S GUIDE... | KL. 6-10 |
| SVAMPUR SVEINSSON | KL. 4 |

## KRINGLAN

| | |
|---|---|
| THE WEDDING DATE | KL. 4-6-8.15-10.30 |
| HITCHHIKER´S GUIDE... | KL. 12-1.50-4-5.50-8-10.10 |
| SAHARA | KL. 10 |
| THE ICE PRINCESS | KL. 12-2.10-4-6-8 |
| SVAMPUR SVEINSSON ísl. tal | KL. 12-2 |

FRÁBÆR SKEMMTUN SAMBÍÓIN

ÁLFABAKKI 587 8900 KRINGLAN 588 0800 AKUREYRI 461 4666 KEFLAVÍK 421 1170

| | | |
|---|---|---|
| CRASH | KL. 5.50-8.10-10.30 | B.I. 16 ára |
| HITCHHIKER´S GUIDE TO THE GALAXY | KL. 5.45-8-10.15 | |
| THE JACKET | KL. 5.45-8-10.10 | B.I. 16 ára |
| VERA DRAKE | KL. 8 | |
| NAPOLEON DYNAMITE | KL. 8.05 | |
| MARIA FULL OF GRACE | KL. 6-10 | B.I. 14 ára |
| THE MOTORCYCLE DIARIES | KL. 5.30-10.20 | |

Háskólabíó





# Klæðalaus Campbell

Naomi Campbell ætlaði að halda góðgerðasamkomu til styrktar Nelson Mandela-sjóðnum. Stúlkan sá sér hins vegar ekki fært að mæta á samkomu þar sem stílistinn hennar stal fötunum hennar. Fjölmiðlafulltrúi Campbell skýrði frá óhappinu: „Stílistinn hennar stal fötunum hennar og Naomi situr uppi einungis með nærföt. Hún sat og beið í tvo tíma eftir nýju fötunum sem stílistinn átti að koma með til hennar.“ Þetta er ekki eina óhappið sem Naomi hefur orðið fyrir í Cannes því skartgripunum hennar var einnig stolið. ■



**NAOMI CAMPELL** Stílistinn hennar stal öllum fötunum hennar.

# Sló met Hringadróttinssögu

Bandaríkjamenn flykktust á miðnæturfrumsýningu myndarinnar Star Wars: Episode III: Revenge of the Sith aðfaranótt föstudags.

Alls halaði myndin inn um einn milljarð króna á 2.900 sýningum sem er nýtt met. Fyrra metið átti The Lord of the Rings: The Return of the King, sem var aðeins hálfdrættingur. Myndin var frumsýnd hér á landi á föstudag og hafði miðasala í forsölu gengið vonum framar. ■



**YODA** Jedi-meistarinn Yoda kemur fram í nýju Star Wars-myndinni.




## STÖÐ 2 BÍÓ



**The Matrix Reloaded kl. 20.00** Aldamótin 2000 eru gleymd en framtíð mannfólksins tók óvænta stefnu þegar tæknin tók völdin. Tölvur stjórna veröldinni og á aðeins einum stað er að finna frjálst samfélag manna. Það er í borginni Zion, sem er undir yfirborði jarðar. Aðalhlutverk: Keanu Reeves, Laurence Fishburne, Carrie-Anne Moss, Jada Pinkett Smith. Leikstjóri: Larry Wachowski, Andy Wachowski.

**8.00** Catch Me If You Can **10.15** The Man Who Sued God **12.00** Stealing Harvard **14.00** Swept Away **16.00** Catch Me If You Can **18.15** The Man Who Sued God **20.00** The Matrix Reloaded (B. börnum) **22.15** Alien 3 (Strang. b. börnum) **0.10** Life as a House (B. börnum) **2.15** Ash Wednesday (B. börnum) **4.00** Alien 3 (B. börnum)

## AKSJÓN

**7.15** Korter **14.00** Samkoma í Filadelfiu **18.15** Kortér **19.15** Kortér Fréttir vikunnar **20.30** Vatnaskil – Filadelfia **21.00** Níubíó **22.15** Korter

## OMEGA

**9.00** Robert S. **10.00** Daglegur styrkur **11.00** Samverustund **12.00** Miðnæturhróp **12.30** Maríusystur **13.00** Daglegur styrkur **14.00** Um trúna og tilveruna **14.30** Gunnar Þorsteinsson (e) **15.00** Ron P. **15.30** Mack L. **16.00** Daglegur styrkur **17.00** Samverustund (e) **18.00** Freddie F. **18.30** Dr. David **19.00** Daglegur styrkur **20.00** Fíladelfía **21.00** Samverustund (e) **22.00** Daglegur styrkur **23.00** Robert S.

## POPP TÍVÍ

**7.00** Meiri músík **17.00** Game TV (e) **21.00 Íslenski popp listinn (e) 23.00** Meiri músík

## Í TÆKINU

**KIM RAVER LEIKUR Í 24 SEM SÝNDUR ER Á STÖÐ 2 Í KVÖLD KL. 21.25.**

# *Metnaðargjörn og á hraðri uppleið*

Bandaríska leikkonan Kim Raver fer með hlutverk ráðherradótturinnar, Audrey Heller Raines, í hinni æsispennandi þáttaröð 24 sem sýnd er á Stöð 2 kl. 21.25 í kvöld. Audrey er unnusta Jacks Bauer, sem leikinn er af Íslandsvininum Kiefer Sutherland, en það flækir atburðarásina að hún er gift öðrum manni – sem einnig flækist inn í flókna atburðarás þáttanna.

Kim Raver er upprennandi stjarna vestanhafs. Hún fæddist í New York 15. mars 1969 og ólst þar upp. Móðir hennar er þýsk og talar Kim þýsku og frönsku reiprennandi. Kim lauk háskóláprófi frá Bostonháskóla og flutti að námi loknu aftur til New York þar sem hún býr enn í dag.

Ferill Kim fór hægt af stað – í upphafi vann einkum fyrir sér með því að leika í auglýsingum. Hún þykir metnaðargjörn og er ekki á því að gefast upp. Enda fór svo að hún landaði stóru hlutverki á Broadway. Það var í verkinu Holiday og voru mótleikarar hennar Laura Linney og Tony Goldwyn..

Kim er hægt og bítandi að koma sér áfram og hefur leikið í miklum fjölda sjónvarpsþátta. Íslenskir sjónvarpsáhorfendur ættu að vera farnir að kannast við andlit hennar því hún hefur leikið í þáttum á borð við Bráðavaktina, The Practice, Law & Order og Spin City.



Þá hefur Kim leikið í nokkrum sjónvarpsmyndum og í kvikmyndinni Martin & Orloff. Kim Raver hefur vakið mikla athygli fyrir hlutverk sitt í 24 enda óhemjuvinsælir þættir um víða veröld. Túlkun leikkonunnar á Audrey Heller Raines á því vafalaust eftir að fleyta henni enn frekar upp á stjörnuhimininn.

**Þrjár bestu myndir Kim:** **ER** 2002 – **The Practice** 1997 – **Martin & Orloff** 2002





Þjálfarar í Landsbankadeildinni eru búnir að vinna heimavinnuna sína.

ERTU BÚINN AÐ STILLA UPP DRAUMALIÐINU ÞÍNU Á VISIR.IS?

**Stigahæstu liðin eftir 6, 12 og 18 umferðir fá veglega vinninga:**

Ferð fyrir tvo á leik á Englandi.

PSP, nýja leikjatölvan frá Playstation.

Gjafabréf frá Landsbankanum.

Áskrift að Sýn.

Ný þjónusta fyrir Draumaliðsþjálfara:

BOLTAVAKTIN - allt beint af vellinum á visir.is

vísir




▶ **20.00** *Fræðsla*

**ÚT OG SUÐUR. Gísli Einarsson flakkar vítt og breitt um landið og bregður upp svipmyndum af áhugaverðu fólki.**



▶ **20.05** *Fræðsla*

**KÓNGUR UM STUND. Brynja Þorgeirsdóttir fjallar um allar hliðar hestamennskunnar.**



▶ **20.00** *Raunveruleiki*

**ALLT Í DRASLI Þau Margrét og Heiðar sópa út ruslinu hjá fólki.**

## SJÓNVARPIÐ

**7.50** Formúla 1 **9.00** Morgunstundin okkar **9.01** Sammi brunavörður (16:26) **9.11** Fallega húsið mitt **9.20** Ketill (42:52) **9.34** Bjarnaból (25:26) **10.00** Disneystundin **10.01** Stjáni **10.25** Sígildar teiknimyndir (36:42) **10.34** Sögur úr Andabæ (8:14) **10.57** Matta fóstra og ímynduðu vinirnir (5:26) **11.20** Formúla 1

**14.05** Leiðindaskarfur **15.40** Fimmta árstíðin **16.05** Mannshugurinn (3:3) **16.55** Í einum grænum (3:8) **17.25** Út og suður (3:12) **17.50** Táknmálsfréttir **18.00** Stundin okkar **18.25** Krakkar á ferð og flugi (3:10)

**18.50 Elli eldfluga (7:10)** Íslenskur teiknimyndaflokkur eftir Kára Gunnarsson og Unni Maríu Sólmundardóttur. Leikstjórn og stjórn upptöku: Eggert Gunnarsson.

**19.00 Fréttir, íþróttir og veður**

**19.35 Kastljósið**

▶ **20.00 Út og suður (4:12)**

**20.25 Viss í sinni sök (3:4)** (He Knew He Was Right) Nýr breskur myndaflokkur byggður á sögu eftir Anthony Trollope sem gerist á Viktoríutímanum og segir frá ungum efnamanni sem giftir sig og verður síðan heltekinn af afbrýðisemi. Leikstjóri er Tom Vaughan og meðal leikenda eru Oliver Dimsdale, Laura Fraser, Anna Massey, Bill Nighy, Geoffrey Palmer, Christina Cole og Geraldine James.

**21.20 Helgarsportið**

**21.35 Fótboltakvöld**

**21.50 Ótryggð** (Trolösa) Sænsk bíómynd frá 2000 þar sem kona segir sagnamanni frá sárri reynslu sinni af framhjáhaldi. Leikstjóri er Liv Ullmann, handritshöfundur Ingmar Bergman og meðal leikenda eru Lena Endre, Erland Josephson, Krister Henriksson, Thomas Hanzon og Michelle Gylemo. Íslendingurinn Gunnlaugur Jónasson var aðstoðarleikstjóri við gerð myndarinnar.

**0.20** Kastljósið **0.40** Útvarpsfréttir í dagskrárlok

## STÖÐ 2

**7.00** Barnatími Stöðvar 2 (Kolli káti, Pingu, Litlu vélmennin, Kýrin Kolla, Litlir hnettir, Vaskir Vagnar, Véla Villi, Svampur, Smá skrítnir foreldrar, Könnuðurinn Dóra, WinxClub, As told by Ginger 1, Shin Chan, Scooby Doo, Lizzie McGuire, Yu Gi Oh, Froskafjör, Shoebox Zoo)

**12.00** Silfur Egils **13.30** Neighbours **14.55** American Idol 4 (38:42) **15.35** American Idol 4 (39:42) **16.05** Whoopi (22:22) (e) **16.30** Einu sinni var **16.55** Supernanny (3:3) (e) **17.45** Oprah Winfrey

**18.30 Fréttir Stöðvar 2**

**19.15 Home Improvement (17:22)** Handlaginn heimilisfaðir

**19.40 Whose Line Is it Anyway?**

▶ **20.05 Kóngur um stund**

**20.35 Cold Case 2 (18:24)** (Óupplýst mál) Bönnuð börnum.

**21.20 Twenty Four 4 (18:24)** (24) Margverðlaunuð þáttaröð sem hefur hvarvetna slegið í gegn. Jack Bauer fær kaldar kveðjur þegar nýr yfirmaður er ráðinn til CTU. Bauer er látinn fjúka en fer til starfa hjá varnarmálaráðuneytinu. Leyniþjónustan getur samt ekki verið á hans lengi og kallar strax á kappann þegar hætta steðjar að. Bauer svarar kallinu enda er hann tilbúinn að fórna lífi sínu í þágu almannahagsmuna. Aðalhlutverkið leikur Kiefer Sutherland sem hefur sópað til sín viðurkenningum fyrir frammistöðu sína í myndaflokknum. Stranglega bönnuð börnum.

**22.05 Medical Investigations (6:20)** (Læknagengið) Hörkuspennandi myndaflokkur.

**22.50 60 Minutes I 2004** Framúrskarandi fréttaþáttur sem vitnað er í.

**23.35** Silfur Egils **1.05** The Paper (e) **2.50** The Rookie **4.55** Fréttir Stöðvar 2 **5.40** Tónlistarmyndbönd frá Popp TíVí

## SKJÁREINN

**9.00** Malcolm In the Middle (e) **9.30** Still Standing (e) **10.00** America's Next Top Model (e) **11.00** Sunnudagsþátturinn – lokaþáttur

**12.30** The Awful Truth (e) **13.00** Allt í drasli (e) **13.30** Everybody loves Raymond (e) **14.00** Jude **16.00** The Bachelor (e) **17.00** Fólk – með Sirrý (e) **18.00** Innlit/útlit (e)

**19.00 Pimp My Ride (e)** FBráðsniðugir og hagnýtir þættir fyrir blankt bílaáhugafólk!

**19.30 The Awful Truth**

▶ **20.00 Allt í drasli** Hver þáttur segir frá einstaklingi eða fjölskyldu, venjulegu fólki, sem hefur hreinlega gefist upp á því að þrífa í kringum sig. Því verra sem ástandið er, því betra. Uppgjöfin getur stafað af tímaskorti eða öðrum ástæðum og segir heimilisfólkið frá því í fullri einlægni.

**20.30 According to Jim** Andy fær auðugan viðskiptavin sem honum líst ekkert á en ákveður síðan að fara á stefnumót með.

**21.00 CSI: New York**

**21.50 Dead Pool** Það varð Clint Eastwood til happs að Frank Sinatra slasaði sig þegar hefja átti tökur á spennumyndunum um harðsvíraða lögreglumanninn Harry Callaghan. Sinatra var upphaflega ætlað að fara með hlutverk Harrys en Eastwood kom í hans stað og myndirnar um Harry Callaghan eða Dirty Harry festu Eastwood endanlega í sessi sem eina skærustu stjörnu Hollywood. Dirty Harry rannsakar mál þar sem veðmál eiga í hlut. Listi með nöfnum frægs fólkshefur verið gefinn út og veðjað er um hvert af þeim verður fyrst til að deyja.

**23.20** C.S.I. (e) **0.05** Boston Legal (e) **0.50** Þak yfir höfuðið (e) **1.00** Cheers (e) **1.25** Óstöðvandi tónlist

## ERLENDAR STÖÐVAR

**SKY NEWS**
Fréttir allan sólarhringinn.

**CNN INTERNATIONAL**
Fréttir allan sólarhringinn.

**FOX NEWS**
Fréttir allan sólarhringinn.

**EUROSPORT**
**12.30** Cycling: Tour of Italy **15.15** Fight Sport: Fight Club **16.45** Champ Car: World Series Monterrey **18.45** Motorsports: Motorsports Weekend **19.15** Car Racing: World Series by Renault Monaco **19.30** Boxing **20.30** Sumo: Haru Basho Japan **21.30** News: Eurosportnews Report **21.45** Tennis: Grand Slam Tournament French Open France **23.15** News: Eurosportnews Report.

**BBC PRIME**
**12.00** Classic EastEnders **12.30** Classic EastEnders **13.00** EastEnders Omnibus **13.30** EastEnders Omnibus **14.00** EastEnders Omnibus **14.30** EastEnders Omnibus **15.00** Dangerous Australians **16.00** Keeping up Appearances **16.30** My Hero **17.00** A Place in France **17.30** Location, Location, Location **18.00** Monarch of the Glen **19.00** Living the Dream **19.50** Diarmuid's Big Adventure **20.50** Top Gear Xtra **21.50** Nap Attack **23.00** Battlefield Britain **0.00** The Promised Land **1.00** Spain Means Business **1.30** Japanese Language and People

**NATIONAL GEOGRAPHIC**
**12.00** Ten Days to Victory **13.00** Submarine Disasters – No Escape **14.00** Hostile Waters **16.00** The Lost Film of Dian Fossey **17.00** Norway's Hidden Secrets **18.00** Egypt's Napoleon **19.00** Megastructures **20.00** In the Womb **21.00** In the Womb **22.00** The Lost Film of Dian Fossey **23.00** Megastructures **0.00** Egypt Eternal

**ANIMAL PLANET**
**12.30** Big Cat Diary **13.00** Wild India **14.00** Ultimate Killers **14.30** Predators **15.00** Crocodile Hunter **16.00** Horsetails **16.30** Zoo Story **17.00** Lyndal's Lifeline **18.00** Big Cat Diary **18.30** Big Cat Diary **19.00** Wild India **20.00** Biggest Nose in Borneo **21.00** Keeli and Ivy – Chimps Like Us **22.00** Pet Rescue **22.30** Breed All About It **23.00** Wildlife SOS **23.30** Aussie Animal Rescue **0.00** Ultimate Killers **0.30** Predators **1.00** Crocodile Hunter

**DISCOVERY**
**12.00** Birth of a Sports Car **13.00** Mummy Autopsy **14.00** Collision Course **15.00** The Truth About Moon Landings **16.00** Building the Ultimate **16.30** Massive Engines **17.00** Battle of the Beasts **18.00** American Chopper **19.00** Point of No Return **20.00** Manapouri **21.00** Extreme Machines **22.00** American Casino **23.00** Superweapons of the Ancient World **0.00** Murder Re-OpenedVH1 **15.00** So 80s **16.00** VH1 Viewer's Jukebox **17.00** Smells Like the 90s **18.00** Then & Now **18.30** VH1 Classic **19.00** Black In The 80s **20.00** Black In The 80s **21.00** MTV at the Movies **21.30** VH1 Rocks **22.00** VH1 Hits

**MTV**
**12.00** Top 10 **13.00** Top 10 **14.00** TRL **15.00** Dismissed **15.30** Just See MTV **16.30** Punk'd **17.00** World Chart Express **18.00** Dance Floor Chart **19.00** MTV Making the Movie **19.30** Wild Boyz **20.00** Top 10 at Ten **21.00** Pimp My Ride **21.30** MTV Mash **22.00** MTV Live **23.00** Just See MTV

**VH1**
**15.00** So 80s **16.00** VH1 Viewer's Jukebox **17.00** Smells Like the 90s **18.00** Then & Now **18.30** VH1 Classic **19.00** Black In The 80s **20.00** Black In The 80s **21.00** MTV at the Movies **21.30** VH1 Rocks **22.00** VH1 Hits

**CLUB**
**12.10** Awesome Interiors **12.40** City Hospital **13.35** Hollywood One on One **14.00** Weddings **14.25** Matchmaker **14.50** It's a Girl Thing **15.15** Cheaters **16.00** Yoga Zone **16.25** The Method **16.50** The Stylists **17.20** Backyard Pleasures **17.45** City Hospital **18.40** The Roseanne Show **19.25** Matchmaker **19.50** Hollywood One on One **20.15** Sex and the Settee **20.40** Cheaters **21.25** City Hospital **22.20** Crime Stories **23.10** The Race **0.00** Entertaining With James **0.30** Vegging Out **1.00** Entertaining With James

**E! ENTERTAINMENT**
**13.00** The E! True Hollywood Story **15.00** The E! True Hollywood Story **17.00** The E! True Hollywood Story **18.00** The E! True Hollywood Story **20.00** The Entertainer **21.00** The E! True Hollywood Story **22.00** The E! True Hollywood Story **0.00** The Entertainer **1.00** E! Entertainment Specials

**CARTOON NETWORK**
**12.20** The Cramp Twins **12.45** Johnny Bravo **13.10** Ed, Edd n Eddy **13.35** The Powerpuff Girls **14.00** Codename: Kids Next Door **14.25** Dexter's Laboratory **14.50** Samurai Jack **15.15** Megas XLR **15.40** The Grim Adventures of Billy & Mandy **16.05** Courage the Cowardly Dog **16.30** Scooby-Doo **16.55** Tom and Jerry **17.20** Looney Tunes **17.45** Ed, Edd n Eddy **18.10** Codename: Kids Next Door **18.35** Dexter's Laboratory

# VIÐ MÆLUM MEÐ...

## FIMMTA ÁRSTÍÐIN *Sjónvarpið* kl. 15.40

## Hálendi Íslands í öllu sínu veldi

***Maðurinn er fimmta árstíðin.***



Fimmta árstíðin er náttúrulífsmynd frá hálendi Íslands gerð eftir handriti Friðriks Erlingssonar. Í henni er dregin upp fersk og óvenjuleg mynd af stórkostlegri náttúrufegurð Íslands og náttúrunni í heild. Í myndinni er fyrst og fremst lýst samspili manns og náttúru. Maðurinn er sýndur sem fimmta árstíðin, með jafnmikil völd til að hafa afgerandi áhrif á náttúruna og lífið í kringum sig og hinar árstíðirnar fjórar. Í myndinni er meðal annars síðasta upptaka af Fögruhverum, stutt undan Háöldu á Sprengisandsleið, en Fögruhverum var sökkt undir miðlunarlón á meðan á tökum myndarinnar stóð. Myndin gefur því einstakt tækifæri til að upplifa náttúruperlu sem nú er horfin undir yfirborð vatns.

# ÚR BÍÓHEIMUM

Í hvaða kvikmynd hljómaði þessi setning:

**„Normally I go out with girls who talk so much you could hook them up to a wind turbine and they could power a small New Hampshire town."**

**Svar:** Adrian Cronauer úr kvikmyndinni Good morning Vietnam frá árinu 1987.

## TALSTÖÐIN FM 90,9

**9.00** Er það svo – Umsjón: Ólafur B. Guðnason e. **10.03** Gullströndin – Umsjón: Hallfríður Þórarinsdóttir. **11.00** Messufall – Umsjón: Anna Kristine Magnúsdóttir

**12.10** Fjalakötturinn **13.00** Menningarþáttur – Umsjón: Þórhildur Ólafsdóttir. **15.03** Bíóþátturinn **16.00** Tónlistarþáttur Dr. Gunna.

**18.00** Sannar kynjasögur eftir Cheiro. Kristmundur Þorleifsson þýddi

## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**8.05** Morgunandakt **8.15** Tónlist á sunnudagsmorgni **9.03** Tónlist eftir Wolfgang Amadeus Mozart **10.15** Óðurinn til frelsisins **11.00** Guðsþjónusta í Bústaðakirkju

**13.00** Lögin úr leikhúsinu: Leikhústónlist Hjálmars H. Ragnarssonar **14.00** Stríðið á öldum ljósvakans **15.00** Spegill tímans: **16.10** Listahátíð í Reykjavík

**18.28** Illgresi og ilmandi gróður **19.00** Tónskáld **19.50** Óskastundin **20.35** Sagnaslóð **21.15** Laufskálinn **21.55** Orð kvöldsins **22.15** Af minnisstæðu fólki **22.26** Til allra átta

**22.56** H. C. Andersens **23.10** Syrpa

## RÁS 2 FM 90,1/99,9

**7.05** Morguntónar **9.03** Helgarútgáfan

**12.20** Hádegisfréttir **12.45** Sunnudagskaffi **14.00** Helgarútgáfan **16.08** Rokkland

**18.00** Kvöldfréttir **18.28** Tónlist að hætti hússins **19.00** Sjónvarpsfréttir og Kastljósið **19.30** Fótboltarásin Bein útsending. **21.15** Popp og ról **22.10** Hljómalind

**0.10** Ljúfir næturtónar **2.03** Auðlindin

## BYLGJAN FM 98,9

**9.00** Gæðatónlist á sunnudagsmorgni

**12.00** Hádegisfréttir **12.20** Rúnar Róberts **16.00** Á tali hjá Hemma Gunn.

**18.30** Kvöldfréttir og Ísland Í Dag. **19.30** Bragi Guðmundsson - Með ástarkveðju

## ÚTVARP SAGA FM 99,4

**12.40** MEINHORNIÐ

**13.00** FRELSIÐ **14.00** Torfi Geirmundsson hársnyrtir – þáttur um hár og hárhirðu **15.00** Áfengisforvarnarþáttur

**16.00** Endurflutningur frá liðinni viku.

## AÐRAR STÖÐVAR

**FM 95,7 Effemm** / Zúúber tónlistarstöðin
**FM 102,2 Útvarp Latibær** / Fjölskyldu útvarp
**FM 102,9 Lindin** / Kristilegt efni
**FM 96,7 Létt** / Tónlist og afþreying
**FM 105,5 Útvarp Boðun** / Kristilegt efni
**FM 89,5 Kiss** / Nýja bítið í bænum
**FM 88,5 XA-Radíó** / 12 spora efni
**FM 91,9 XFM** / Tónlist og afþreying
**FM 104,5 Radíó Reykjavík** / Tónlist og afþreying



**19.00**

*Íþróttir*

**BANDARÍSKA MÓTARÖÐIN. Bein útsending frá The Bank of America Colonial þar sem Steve Flesch sigraði í fyrra.**

## SÝN

**10.55** Bandaríska mótaröðin í golfi **11.50** Gillette-sportpakkinn

**12.20** UEFA Champions League **12.50** Ítalski boltinn **15.00** Enski boltinn **16.50** Spænski boltinn

**19.00** **US PGA Colonial** Bein útsending frá The Bank of America Colonial sem er liður í bandarísku mótaröðinni. Steve Flesch sigraði á mótinu í fyrra og á því titil að verja. Leikið er í Fort Worth í Texas.

**22.00** **Íslensku mörkin** Mörkin og marktækifærin úr annarri umferð Landsbankadeildarinnar en þá mættust eftirtalin félög: Grindavík – FH, Þróttur – Fylkir, ÍBV – Keflavík og KR – Fram. Valur og ÍA eigast síðan við annað kvöld.

**22.30** **NBA** (Úrslitakeppni)

**JETIX**

**12.20** Digimon **12.45** Super Robot Monkey Team **13.10** Iznogoud **13.35** Life With Louie **14.00** Three Friends and Jerry **14.15** Jacob Two Two **14.40** Ubos **15.05** Goosebumps **15.30** Goosebumps

**MGM**

**12.20** Man With the Gun **13.45** Strictly Business **15.10** The Glory Guys **17.00** Crooked Hearts **18.50** Texasville **20.55** Sunburst **22.15** Spring Reunion **23.35** Straight Out of Brooklyn **1.00** Absolution

**TCM**

**19.00** Wild Rovers **21.10** Shaft's Big Score **22.50** Young Bess **0.40** Westward the Women

**HALLMARK**

**12.45** Christy: Choices of the Heart **14.15** Breathing Lessons **16.00** Picture Perfect **17.45** High Sierra Search And Rescue **18.30** Category 6: Days of Destruction **20.00** Crime and Punishment **21.30** Who Killed Atlanta's Children? **23.15** Category 6: Days of Destruction **0.45** Crime and Punishment

**BBC FOOD**

**12.30** Capital Floyd **13.00** A Cook On the Wild Side **13.30** The Best **14.00** James Martin Delicious **14.30** The Rankin Challenge **15.00** Who'll Do the Pudding? **15.30** Ready Steady Cook **16.00** Secret Recipes **16.30** Secret Recipes **17.00** Ainsley's Meals in Minutes **17.30** Floyd's India **18.00** Floyd's India **18.30** Ready Steady Cook **19.00** The Naked Chef **19.30** Safari Chef **20.00** Can't Cook Won't Cook **20.30** Ever Wondered About Food **21.00** Ever Wondered About Food **21.30** Ready Steady Cook






## HRÓSIÐ

*...fær gleðivaldurinn og poppstjarnan Páll Óskar Hjálmtýsson fyrir að missa ekki dampinn þótt Íslendingar dyttu úr undankeppni og halda sínu striki í árlegu Júróvisjónpartíi sínu með íslenskum Júróvisjónstjörnum á Nasa. Einnig fyrir að vera af erlendum fagaðilum talinn með eitt besta Júróvisjónlag allra tíma: Minn hinsta dans frá 1997.*

## HIN HLIÐIN

HIN HLIÐIN Á **BRYNJU ÞORGEIRSDÓTTUR**, DAGSKRÁRGERÐARMANNI Á STÖÐ 2.

# Ekki hægt að draga hestakerru á sportbíl

**Hvernig ertu núna?** Syfjuð.
**Augnlitur:** Blár.
**Starf:** Dagskrárgerðarmaður.
**Stjörnumerki:** Sporðdreki.
**Hjúskaparstaða:** Einstök.
**Hvaðan ertu?** Ég ólst upp á Álftanesi og bý þar núna.
**Helsta afrek:** Sonur minn.
**Helstu veikleikar:** Óþolinmæði.
**Helstu kostir:** Jákvæðni.
**Uppáhaldssjónvarpsþáttur:** Ég missi aldrei af The Practice.
**Uppáhaldsútvarpsþáttur:** Óskalagaþáttur Gerðar G. Bjarklind.
**Uppáhaldsmatur:** Ég elska sushi.
**Uppáhaldsveitingastaður:** Apótekið klikkar aldrei.
**Uppáhaldsborg:** Lissabon.
**Mestu vonbrigði lífsins:** Að geta ekki orðið ballerína. Ég er nefnilega svo rosalega stirð og gjörsneydd öllum danshæfileikum.
**Áhugamál:** Hestamennska númer eitt, tvö og þrjú.
**Viltu vinna milljón?** Já, heldur betur.
**Jeppi eða sportbíll?** Jeppi, það er ekki hægt að draga hestakerru á sportbíl.
**Hvað ætlaðir þú að verða þegar þú yrðir stór?** Bóndi.
**Hver er fyndnastur/fyndnust?** Bryndís Ásmundsdóttir.
**Hver er kynþokkafyllst(ur)?** Ég er voða hrifin af Bruce Willis.
**Trúir þú á drauga?** Já, nei, já. Ég veit það ekki.
**Hvaða dýr vildirðu helst vera?** Það væri örugglega mjög gaman að vera hraðsyndur fiskur.
**Hvaða dýr vildirðu ekki vera?** Það væri mjög leiðinlegt að vera ánamaðkur.
**Áttu gæludýr?** Nei, ekki nema hesta bara. Þeir eru kannski ekki gæludýr.
**Besta kvikmynd í heimi:** Ég er ennþá að hugsa um Underground sem ég sá fyrir nokkrum árum.
**Besta bók í heimi:** Meistarinn og margaríta.
**Næst á dagskrá:** Að horfa á frumsýninguna á Kóngi um stund.




## FRÉTTIR AF FÓLKI



Íslenski Eurovision-hópurinn er væntanlegur heim frá Kænugarði í dag. Athygli vekur hversu stór og fjölmennur hópurinn er því auk keppenda, dansara og bakradda má finna þó nokkra fjölmiðlamenn af RÚV, Stöð 2 og fleiri miðlum. Mesta athygli vekur þó hversu fjölmennur hópurinn frá RÚV er því auk fararstjórans **Jónatans Garðarssonar** hafa þeir **Gísli Marteinn Baldursson, Logi Bergmann Eiðsson** og **Guðrún Gunnarsdóttir** fylgt keppendum eftir eins og skugginn.



Tríóið hefur skipt hlutverkum bróðurlega á milli sín, það er Gísli Marteinn séð um beinu útsendinguna, Logi Bergmann gert pistla fyrir sjónvarpið en Guðrún fyrir útvarpið. Vilja sumir meina að þarna sé saman kominn ferðahópur RÚV sem hittist einu sinni á ári í útlöndum – í boði stofnunarinnar.



ÓLÖF KRISTÍN ÞORSTEINSDÓTTIR: TALAR FYRIR SOLLU STIRÐU

# Hörkudugleg og ekkert stirð

Margir krakkar hafa heyrt rödd Ólafar Kristínar Þorsteinsdóttur án þess að þekkja andlit hennar. Þessi unga stúlka hefur ljáð allnokkrum teiknimyndum rödd sína og má meðal annars telja upp Lilo og Stitch og bíómyndina Álfur. Núna vinnur hún hins vegar í góðra manna hópi að talsetningu þáttaraðarinnar um Latabæ og Ólöf talar að sjálfsögðu fyrir hina krúttlegu Sollu stirðu.

„Þetta er öðruvísi verkefni en allt annað sem ég hef gert og meiri vinna. Þetta virðist vera svolítið vandaðra og vegna þess að það er alvöru stelpa sem leikur Sollu þá er erfiðara að láta raddirnar passa saman. Ég les af blaði og stundum þarf ég að æfa mig áður en ég byrja,“ segir Ólöf með svo glaðlegri röddu að það er vel skiljanlegt að hún sé fengin í talsetningu. Hún segist sjálf hafa gaman af Latabæ. „Ég sá leikritið þegar ég var yngri og hafði gaman af þessu, Siggi sæti er uppáhaldspersónan mín, hann er svo fyndinn.

Aðspurð hvernig það vildi til að Ólöf færi í þennan bransa svo ung, en hún er tólf ára gömul, segir hún: „Frændi minn er að vinna eitthvað í sambandi við svona talsetningu og pabbi spurði hann hvort ég gæti ekki fengið að prófa. Svo fannst mér þetta bara gaman.“ Ólöf er þó alls ekki stirð eins og Solla því hún er ekta handboltastelpa sem æfir með Fylki. Auk þess æfir hún á klarínett af fullum krafti og var að ljúka við annað stig. Það er greinilega kraftur í þessari ungu stúlku. „Það getur verið svolítið erfitt að finna tíma fyrir annað en þetta er þó allt í lagi.“

Öll dagskrá Ólafar er þó ekki alveg upptalin því hún hefur einnig tekið að sér hlutverk í söngleiknum Annie. „Ég leik munaðarleysingja og við þurfum að æfa á fullu í næstu viku. Mér finnst rosalega gaman að leika og syngja,“ segir Ólöf og viðurkennir að hana langi nú örlítið að verða leikkona þegar hún verður stór.

**hilda@frettabladid.is**




**ÓLÖF KRISTÍN ÞORSTEINSDÓTTIR** Þessi unga stúlka ljáir Latabæjarbúanum Sollu stirðu rödd sína í þáttaröðinni sem er væntanleg í íslenskt sjónvarp.




# Í lausu lofti með kraftdreka

Áhugamenn um kraftdreka halda kynningu á þessu nýjasta sporti í Laugardalnum á sunnudaginn klukkan eitt. Þetta tæki hefur verið að gera það gott meðal jaðaríþróttagreina og segir Friðrik Kingo, einn aðstandenda kynningarinnar, þetta vera vinsæla sumar- og vetraríþrótt. „Á sumrin geta menn verið með þetta úti á túni, á línuskautum á stórum sléttum túnum og sérstökum þríhjólum á söndum, „ segir hann og bætir við að á veturna geti menn notað þetta á brettunum og skíðunum. „Þeir sjást þá gjarnan uppi á Rauðavatni, Bláfjöllum og víðar.“

Kraftdrekarnir eru frekar lítlir og nettir auk þess sem kostnaður við að koma sér upp góðum búnaði er ekki mikill. „Það er hægt að fá þetta í mismunandi stærðum og gerðum. Drekinn sem ég er með er frekar lítill, fjórir og hálfur fermetri sem rúmast í litlum bakpoka. Það er hins vegar alveg hægt að fá dreka sem eru tólf fermetrar,“ segir Friðrik.

Hann segir þetta vera mjög góða hreyfingu, menn séu að berjast við vindinn og kraftana í náttúrunni. „Þetta getur tekið þig á loft og látið þig svífa nokkra metra,“ segir hann og bætir við að hægt sé að nota þetta bæði á landi sem og á sjó.

**freyrgigja@frettabladid.is**



**KRAFTDREKAR** Þessi nýja íþrótt verður kynnt í Laugardalnum á sunnudaginn klukkan eitt. Kraftdrekarnir eru frekar litlir og nettir og kostnaðurinn er minniháttar. Fleiri upplýsingar um íþróttina er að finna á heimasíðunni www.vindsport.is.


Ferðafrelsi
Og Vodafone
Nú getur þú notað Frelsið þitt í útlöndum. Skráðu þig í Ferðafrelsi Og Vodafone um leið og þú gengur frá vegabréfinu. Skráning í Ferðafrelsi er án aukagjalds.
Komdu í Og Vodafone verslun, smelltu þér á www. ogvodafone.is eða hringdu í 1414 fyrir nánari upplýsingar.
og
vodafone
Heyrumst!

# FRÉTTABLAÐIÐ

**SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS:** 550 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 550 5005, fax: 550 5006, ritstjorn@frettabladid.is
**DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** **SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000**



Eldvarnartjöld og reyklúgur

ÍSLENZKA VERZLUNARFÉLAGIÐ
Askalind 5 • 201 Kópavogur • Sími 564 5500
Fax 564 5555 • isv@isv.is • www.isv.is




BAKÞANKAR

STEINUNNAR STEFÁNSDÓTTUR

## Hún er allt of feit

Þú mátt fá'ana, ég vil ekki sjá'ana, því hún er allt of feit," söng Laddi einhvern tíma og einhvern veginn hefur þessi fáránlegi texti leitað á hugann síðustu daga.

**ÁBYRG** einhleyp kona tekur stóra ákvörðun og leggur af stað í það langa ferðalag sem ættleiðingarferli er. Hún aflar allra gagna sem til þarf, fer í læknisskoðun, útvegar stuðningsfjölskyldu og þar fram eftir götunum. Hún sem sagt undirbýr málið af kostgæfni og leggur fram umsókn um forsamþykkt fyrir ættleiðingu og barnaverndarnefnd í heimabyggð hennar telur hana vel hæfa til að ættleiða barn. Málið fer sem leið liggur í dómsmálaráðuneytið og niðurstaðan kemur: „Hún er allt of feit!"

**„ÉG** vil ekki sjá'ana," segir dómsmálaráðuneytið og telur umrædda konu of feita til að ættleiða barn. Reyndar telja þeir hana líka of gamla þótt ekki sé hún eldri en ýmsir aðrir sem hafa fengið að ættleiða börn. Ef að er gáð leynast jafnvel líka einhverjir þyngri (miðað við hæð) sem hafa fengið að ættleiða börn, en það eru líkast til allt karlmenn og eins og allir vita kemur þyngd (miðað við hæð) ekki í veg fyrir að karlmenn geti annast börn. Það á bara við um konur. Eða ætli embættismennirnir í dómsmálaráðuneytinu geri ekki ráð fyrir að karlmenn annist börn þótt þeir ættleiði þau?

**KONAN** sem langar að verða móðir er vel menntuð, meira að segja á uppeldissviði, hún hefur heilmikla reynslu af umönnun barna, bæði í starfi sínu og einkalífi og hún er hraust, ugglaust hraustari en margir sem leysa þó foreldrahlutverk sitt vel af hendi dag hvern. Hún er stolt og hún er glæsileg. En embættismennirnir hafa kveðið upp sinn dóm: „Hún er allt of feit!"

**ÆTLI** til sé sú kona sem embættismönnunum þætti vera of létt (miðað við hæð) til að ættleiða barn? Eða getur kannski enginn verið of mjór til að annast barn? Skyldi vera til stuðull í dómsmálaráðuneytinu þar sem vegin er þyngd (miðað við hæð), aldur og já auðvitað, kyn fólks sem hyggur á ættleiðingu? Því yngri því þyngri (miðað við hæð) og því meiri kona því léttari. Eða er kannski bara um hreina fordóma að ræða: „Þú mátt fá'ana, ég vil ekki sjá'ana, því hún er allt of feit."


Kuldaskræfur klippið hér

www.icelandexpress.is

# VETRARSALAN ER HAFIN




## ÞAÐ BORGAR SIG AÐ BÓKA SNEMMA

Nú er rétti tíminn til að bóka lægstu fargjöldin í skemmtilegt vetrarfrí með Iceland Express. Smelltu þér inná icelandexpress.is, tryggðu þér lægstu fargjöldin og byrjaðu að hlakka til vetrarins!

## ÓDÝRASTA FRAMHALDSFLUGIÐ!

Fljúgðu með Iceland Express til London eða Köben. Þaðan eru endalausir möguleikar á ótrúlega ódýru flugi til spennandi staða um allan heim, spurningin er bara hvert þig langar til að fara.

Búðu þig undir brottför á **www.icelandexpress.is**

**Verð frá 7.995 kr.**
**Barnaverð 5.995 kr.**

*Aðra leið með sköttum. Börn þurfa að vera í fylgd með fullorðnum.

Iceland Express

Ferðaþjónusta Iceland Express, Suðurlandsbraut 24, Sími 5 500 600

# TILBOÐSHELGI Í ORMSSON SMÁRALIND

SAMSUNG Á TILBOÐSVERÐI



VIDEO OG DVD SPILARI
SAMSUNG SVDVD440 **19.990 kr.**



SAMSUNG LE26A41–LCD sjónvarp **26" – 149.900 kr.**
SAMSUNG LE32A41–LCD sjónvarp **32" – 199.900 kr.**



AEG
1400 snúninga
Íslenskt stjórnborð
Íslenskar leiðbeiningar
**74.900 kr.**

Til afhendingar strax af lager

SETTU ÞAÐ SAMAN HTH

ELDHÚSIÐ - BAÐHERBERGIÐ - FATASKÁPAR

ORMSSON SMÁRALIND

Opið sunnudag frá kl. 13-18